SKOÐUN Ragnhildur Helgadóttir skrifar um fórnarlömb eineltis í Grindavík. **16**

LÍFIÐ Samúel Jón Samúelsson Big Band heldur í tveggja vikna tónleikaferðalag um Evrópu. **34**

SPORT Ólafur Helgi Kristjánsson yfirgefur Blika í júlí til þess að taka við sterku liði í Danmörku. **30**

NJÓTTU ÞÍN Í EVRÓPU
VERÐ FRÁ 12.990 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
23. apríl 2014
94. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2014

MARKAÐURINN

Enginn öruggur á netinu

Viðtal við framkvæmdastjóra Auðkennis, sem gefur út rafræn skilríki í samstarfi við ríkið og fleiri, um vána sem tölvuárásir eru og hvað hægt er að gera til að verjast þeim.

FRÉTTIR

Verði ekki klofningur Formaður Já, Ísland segir frjálslyndan hægri flokk ekki mega verða klofning úr Sjálfstæðisflokknum **6**

Tækniundur til sjós Nýtt þjónustuskip Fáfnis Offshore við olíuiðnaðinn verður knúið rafmagni og olíu. **10-11**

Hætta klifri Sjerpar í Nepal eru hættir leiðsögn á Everest í bili af virðingu við látna félaga. **14**

16

Bolungarvík	7°		NA	3
Akureyri	10°		S	6
Egilsstaðir	8°		SA	4
Kirkjubæjarkl.	8°		NA	8
Reykjavík	11°		A	6

Bjartviðri N- og V-lands í dag en skýjað með köflum SA-til og dálítil væta. Allhvasst syðst en annars fremur hægur vindur. Hiti 6-15 stig, hlýjast V-til. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Vorbókatíðindi | Fólk

Stóraukin notkun á rítalíni

Á fjögurra ára tímabili jókst notkun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti um 52,2 prósent. Notkunin fór úr tæplega 1,5 milljónum dagskammta 2009 í 2,3 milljónir skammta á síðasta ári. Lyfin eru eftirsótt til misnotkunar.

HEILBRIGÐISMÁL Notkun rítalínlyfja, sem notuð eru við ofvirkni og athyglisbresti, tók stökk á síðustu fjórum árum, samkvæmt nýjum tölum Lyfjastofnunar.

Milli áranna 2009 og 2013 jókst notkun slíkra lyfja um 52,2 prósent, fór úr 12,84 dagskömmtum á hverja þúsund íbúa í 19,54 dagskammta. Ef horft er til magns lyfjanna nemur aukningin hins vegar 54,4 prósentum, fer úr tæplega 1,5 milljónum dagskammta í rúmlega 2,3 milljónir. Á sama tímabili fór smásöluverð lyfjanna úr 525,2 milljónum króna árið 2009 í 850,4 milljónir á síðasta ári.

Ólafur B. Einarsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis, segir mikla vinnu hafa verið í gangi til að átta sig á þróuninni hér og hvernig bregðast eigi við. Meðal annars hafi verið komið upp nýju greiningarteymi á Landspítalanum sem sinnir greiningu fullorðinna. Á meðan notkun þessara lyfja aukist hér á landi dragi heldur úr henni á öðrum Norðurlöndum. Hér hafi notendum þessara lyfja hins vegar fjölgað, bæði fullorðnum og börnum, og notkun verið nær því sem gerist í Bandaríkjunum.

RÚV greindi fyrir helgi frá rannsókn sem sýndi að milli 2003 og 2012 hafi notkun fullorðinna á ofvirknilyfjum nær fjórfaldast.

Ólafur segir vitað að lyf af þessu tagi séu misnotuð og vísar þar til doktorsverkefnis Guðrúnar Dóru Bjarnadóttur læknis. „Hún hefur kannað ástandið hjá sprautufíklum og þessi metýlfenídatlyf eru hvað vinsælust hjá þeim og virðast tekin fram yfir ólögleg efni," segir hann. „Fíknin í þetta virðist vera meiri en í þessi ólöglegu efni."

BREYTT NOTKUN VALINNA LYFJA 2009-2013

Tegund lyfs	2009*	2013*	Breyting
Rítalín-lyf	12,84	19,54	52,2%
Nicorette (nikótínlyf)	18,09	20,75	14,7%
Parasetamól-verkjalyf	23,96	26,94	12,4%
Íbúfen-verkjalyf	37,76	41,64	10,3%
Contalgin (morfínlyf)	1,09	1,18	8,3%

**Dagskammtar á hverja 1.000 íbúa. Heimild: Lyfjastofnun, heildsala lyfja 2009-2013*

Reynt sé að bregðast við aukinni misnotkun með bættri greiningu og með því að setja aukið púður í eftirlit. Sameiginlegur gagnagrunnur um lyfjaávísanir hafi verið til frá 2006, en nú sé stefnt að aðgangi lækna að rauntímagrunni. „Annars virðist vandamálið með þessi lyf ekki vera þetta svokallaða *doctor shopping*. Vandamálið virðist vera of margar greiningar."

Ólafur segir að hópur á vegum Landlæknis, Sjúkratrygginga og Lyfjastofnunar hafi gert tillögur til úrbóta til velferðarráðuneytisins. Vandamálið sé hins vegar margþætt. Þótt mikið stökk upp á við í notkun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti kunni að benda til þess að pottur sé brotinn, byggi þær á greiningum sem unnar séu af sérfræðingum. „Við stöndum okkur ekkert sérstaklega vel þegar fólk er að misnota þessi lyf."

- óká

VORVINDAR GLAÐIR Golfspilarar leika við hvern sinn fingur þessa dagana því veturinn hörfar senn og sumarið tekur við með nýjum ævintýrum á grænum flötum. Það spillti ekki ánægjunni þótt snörp gola tæki örlítið í mannskapinn á æfingavellinum við Korpúlfsstaði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Opnar sýningu í New York:

Silja Magg í Milk Gallery

MENNING Ljósmyndarinn Silja Magg, sem starfar í New York, opnaði sýningu í hinu virta Milk Gallery þar í borg á dögunum. Á sýningunni eru portrettmyndir Silju af heimsfrægum fatahönnuðum á borð við Donnu Karan, Alexander Wang, Önnu Sui og Derek Lam. Sýningin er unnin í samstarfi við forseta fatahönnunardeildar Parsons-háskólans en Silja er útskrifuð úr ljósmyndadeild skólans.

SILJA MAGG

Silja hefur myndað fyrir ýmis þekkt glanstímarit eins og Grazia og GQ Magazine, þekkt tískuvörumerki og einnig haldið sýningar á eigin verkum.

- ósk / sjá Lífið síðu 34.

Bæjarráð leysir enn úr miklum lausafjárvanda Leikfélags Akureyrar:

Bjargað en ekkert á svið í haust

AKUREYRI Á síðasta fundi bæjarráðs Akureyrar var tekin ákvörðun um að flýta öllum greiðslum ársins 2014 til Leikfélags Akureyrar svo félagið gæti staðið við skuldbindingar sínar og klárað leikárið 2013-2014.

Í þessu felst að L.A. mun ekki setja upp sýningar það sem eftir lifir árs. Til stóð að setja upp Lísu í Undralandi á haustmánuðum 2014 sem fyrsta verk næsta leikárs.

Lausafjárstaða félagsins var það slæm að ef ekki hefði komið til þessarar aðstoðar bæjarráðs hefði félagið ekki getað staðið við skuldbindingar sínar á árinu.

Samkvæmt sex mánaða uppgjöri félagsins hafa skuldir hækkað á tímabilinu. Reksturinn er neikvæður um 13,2 milljónir króna.

Leikfélaginu var einnig bjargað árið 2012 úr erfiðri fjárhagsstöðu. Þá lánaði Akureyrarbær félaginu á sjötta tug milljóna til að greiða niður skuldir.

13,2 Samkvæmt sex mánaða uppgjöri Leikfélags Akureyrar var 13,2 milljóna króna halli á rekstrinum.

- sa / sjá síðu 4

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT 1011

SPURNING DAGSINS

Valgeir, er þetta loksins að ganga?

Það er að minnsta kosti gott rennsli í gangagrefti þessa dagana.
Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf., greindi frá því að síðustu tvær vikur hefði vel gengið í gangagrefti í Vaðlaheiðargöngum eftir að verktaki komst fram hjá sprungusvæði.

Óánægja innan verkalýðshreyfingarinnar með samninga kennara:

Sérstök skilgreining á hagræðingu

KJARASAMNINGAR Forystumenn flestra launþegahreyfinga telja að forsendur desembersamninganna séu brostnar vegna launahækkana framhaldsskólakennara og aðildarfélaga BHM.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir að það sé ljóst að skiptar skoðanir séu innan verkalýðshreyfingarinnar á samningunum. Margir sem voru að semja á almenna markaðnum hafi talið að þeir ættu inni leiðréttingar á launum en hafi ekki fengið þær. Þess í stað hafi menn ákveðið að fara nýja leið og reyna að viðhalda stöðugleika og kaupmætti.

„Annaðhvort förum við inn í framtíðina og reynum að deila kjörum eða förum í að leiðrétta fortíðina," segir Gylfi.

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Hann segir að menn hafi verið að rýna í kennarasamningana og að þar sé ekki allt sem sýnist.

„Okkur sýnist að vinnumagn kennara hafi ekki breyst mikið þrátt fyrir að svigrúm skólanna til að skipuleggja starfið hafi aukist. Ef það á að fjölga kennsludögum um fimm getum við ekki betur séð en að það verði að greiða yfirvinnu fyrir þessa aukadaga," segir Gylfi og bætir við að þetta sé sérstök skilgreining á hagræðingu.

- jme

Vinnustöðvun í Keflavík:

Röskun verður í fluginu í dag

SAMGÖNGUR Flug um Keflavíkurflugvöll leggst af tímabundið nú í dag vegna vinnustöðvunar flugvallarstarfsmanna.

Isavia lagði fram tilboð fyrir páska sem svarað var með gagntilboði í gær. Ríkissáttasemjari vildi reyna að ná lendingu í gærkvöld en of mikið bar í milli og fundi var frestað þar til klukkan þrjú í dag.

Icelandair hefur seinkað flestum brottförum í dag.

- gar

HARMI LOSTNIR ÆTTINGJAR Ættingjar farþeganna, sem fórust eða enn er saknað, hafa safnast saman við höfnina í Jindo. NORDICPHOTOS/AFP

Sumir hættu lífinu við björgunarstörf, aðrir flúðu:

Níu úr áhöfninni handteknir

SUÐUR-KÓREA, AP Alls hafa níu af 29 manna áhöfn suðurkóresku ferjunnar, sem sökk í síðustu viku með 476 manns innanborðs, verið handteknir.

Fréttir hafa hins vegar borist af því að margir úr áhöfninni hafi hætt lífi sínu við að reyna að bjarga fólki úr sökkvandi ferjunni. Að minnsta kosti sjö áhafnarmenn fórust, þar á meðal 22 ára kona sem hélt áfram að reyna að bjarga fólki fram á síðustu stundu, þótt hún væri ekki í björgunarvesti sjálf.

Enn er ekkert vitað um ástæðu þess að ferjan sökk. Meira en hundrað lík hafa fundist en nærri 200 manns er enn saknað. Flestir þeirra sem fórust voru nemendur í skólaferð.

Meðal hinna handteknu er skipstjórinn, sem flúði frá borði og fór í felur.

- gb

Samfélagsverðlaunin:

Síðustu forvöð að tilnefna

SAMFÉLAG Frestur til að senda inn tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í ár rennur út nú á miðnætti í kvöld. Lesendur eru hvattir til að tilnefna einstaklinga eða félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín.

Til greina koma jafnt óþekktir einstaklingar, sem vinna störf sín í hljóði, sem þjóðþekkt fólk sem hefur verið öðrum fyrirmynd.

Tekið er við tilnefningum á vefsíðunni www.visir.is/samfelagsverdlaun.

- gb

Bandaríkjamenn efast:

Flestir efast um Miklahvell

BANDARÍKIN, AP Ríflega helmingur Bandaríkjamanna, eða 51 prósent, efast um að að heimurinn hafi orðið til í Miklahvelli.

Þetta kemur fram í nýrri könnun AP-fréttastofunnar og GfK.

Um 40 prósent efast um hlýnun jarðar og álíka margir efast um þróunarkenningu Darwins. Um 15 prósent hafa efasemdir um bólusetningar gegn barnasjúkdómum. Einungis fjögur prósent efast þó um að reykingar valdi krabbameini.

- gb

Bókasafnsfræðingar vilja rafbækur á söfnin

EBLIDA, félag bókasafnsfræðinga í Evrópu, skorar á stjórnvöld að liðka fyrir útleigu rafbóka á bókasöfnum. Útgefendur og rithöfundar eru uggandi yfir þeim tekjumissi sem yrði ef bókum yrði dreift á svörtum markaði á internetinu.

MENNING Bókasafnsfræðingar skora á stjórnvöld að breyta höfundarréttarlögum svo bókasöfn geti lánað út rafbækur. Í dag, 23. apríl, er Dagur bókarinnar.

Hrafnhildur Hreinsdóttir, varaformaður Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræðinga, segir málið stranda að sumu leyti á bókaútgefendum og rithöfundum, sem séu hræddir við að höfundarréttarvörðu efni verði stolið ef það er gert aðgengilegra á vefnum.

„Við viljum fá útgefendur og rithöfunda að borðinu til að ræða bestu útfærsluna. Hið fullkomna viðskiptamódel fyrir þessi útlán hefur ekki verið fundið. Höfundarréttarlögin eru frekar gömul lög en það er ekkert í þeim sem hvetur til þess að viðskipti með rafbækur gangi snurðulaust fyrir sig. Það þarf að nútímavæða lögin."

Hrafnhildur segist ekki hafa áhyggjur af því að bókum verði stolið. „Nei, í grunninn er fólk heiðarlegt. Það er fullt af fólki sem nýtir sér rafbækur án þess að hér hafi orðið stór svartur markaður. Ég held að útgefendur séu að eyða of mikilli orku í að læsa þessum bókum en það verður bara til trafala fyrir þróunina."

Ragnheiður Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands, segir að um flókið höfundarréttarmál sé að ræða. „Þetta er mál sem engum hefur tekist að leysa. Útgefendur eru harðari í þessu en rithöfundar því þetta snýst enn frekar um lífsafkomu þeirra. En rithöfundar hafa áhyggjur af því að efnið þeirra muni flæða um haftalaust.

BÓKAFLÓÐ Rafbækur eru í auknum mæli að ryðja sér rúms hjá landsmönnum. Þó geta bókasöfnin ekki leigt bækurnar út til lesenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ég held að útgefendur séu að eyða of mikilli orku til að læsa þessum bókum en það verður bara til trafala fyrir þróunina.**
>
> *Hrafnhildur Hreinsdóttir, varaformaður Upplýsingar félags bókasafns- og upplýsingafræðinga.*

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

HEIÐAR INGI SVANSSON

Við verðum að finna leið til að gera rafbækur aðgengilegar án þess að skerða höfundarrétt og tekjumöguleika," segir Ragnheiður.

Heiðar Ingi Svansson, varaformaður Félags íslenskra bókaútgefanda, segir að umræða um aðgengi rafbóka þurfi að fara fram í stærra samhengi.

„Þetta tengist að mínu viti bókmenningarstefnu stjórnvalda. Inn í þá umræðu verðum við að taka nýjustu fréttir af hækkun virðisaukaskatts á bókum, stoðkerfi ríkisins við bókaútgáfu og hugsanlegt rafrænt aðgengi að bókum sem eru í höfundarrétti og komnar úr höfundarrétti. Á Norðurlöndum hafa verið settir verulegir peningar í það að koma menningararfi á rafrænt form og gera hann aðgengilegan. Þetta snýst um menningarpólitík stjórnvalda," segir Heiðar Ingi.

snaeros@frettabladid.is

Þingflokkum kynnt veiðigjaldafrumvarp með nokkurri lækkun á gjöldunum:

Veiðigjaldafrumvarp lagt fram

SJÁVARÚTVEGUR Nýtt frumvarp um veiðigjöld verður til kynningar í þingflokkum stjórnarflokkanna í dag og að öllum líkindum verður frumvarpið jafnframt lagt fram á Alþingi. Nokkrar breytingar eru til lækkunar veiðigjaldanna, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þær ekki verulegar milli ára.

Hvernig frumvarpið mun líta út nákvæmlega lá ekki fyrir í smáatriðum um einstakar tegundir í gær, og einstakar tölur um gjöldin því enn á reiki. Hins vegar virðist ljóst að veiðigjöld af rækju verða felld niður, en um það var samstaða innan atvinnuveganefndar fyrr í vetur. Eins hefur hugmynd um lækkun á veiðigjöldum í kolmunna ekki mætt mótvindi.

Síðasti dagur til að leggja fram ný þingmál á Alþingi fyrir sumarfrí, án þess að leita afbrigða, var 31. mars. Þegar gerðar voru breytingar á lögum um veiðigjöld í fyrra voru þau til eins árs. Hins vegar verður að nota ákvæði þingskaparlaga um afbrigði til að leggja fram veiðigjaldafrumvarpið nú, svo ný lög geti tekið gildi þegar nýtt fiskveiðiár gengur í garð fyrsta september næstkomandi.

- shá

Á LOÐNUVEIÐUM Veiðigjald á uppsjávartegundir hefur verið gagnrýnt af útgerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

-12 kr.

af bensíni og dísel
í dag miðvikudag

með lykli, Staðgreiðslu- og Tvennukorti Olís

og

50%

afsláttur af Grill 66

Þú finnur Grill 66 á völdum Olís-stöðvum.



PIPAR\TBWA - SÍA - 141193

SVONA ERUM VIÐ

-6,1% sparnaður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu var hér 2012.

Önnur OECD-lönd með neikvæðan sparnað 2012 eru Portúgal, Bretland, Grikkland og Ítalía.

Hér hefur sparnaðarhlutfall verið neikvætt frá 2008, þegar það var -14,8%.

Heimild: OECD

Skipin landa hvert af öðru fullfermi af kolmunna í Austfjarðahöfnum:

Kolmunninn gaf sig um páskana

SJÁVARÚTVEGUR Kolmunnaveiði í færeysku lögsögunni glæddist verulega stuttu fyrir páska og yfir hátíðirnar komu skip til löndunar á Seyðisfirði og í Neskaupstað.

Á vef Síldarvinnslunnar í Neskaupstað kemur fram að veiðin hafi verið nokkuð köflótt. Stundum hafi skipin þurft að toga lengi en inn á milli hafi fengist góður afli eftir tiltölulega stutt hol.

Á föstudaginn langa kom færeyska skipið Fagraberg til Seyðisfjarðar með 3.000 tonn og nýbúið er að landa 2.000 tonnum úr Polar Amaroq.

Gunnar Sverrisson, rekstrarstjóri fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar, segir að það sé gleðiefni að fiskimjölsverksmiðjan á Seyðisfirði skuli fá hráefni. Verksmiðjan hafi staðið í ellefu mánuði án hráefnis, enda gaf loðnuvertíðin ekkert þar sem kvóti var lítill og mikið nýtt til manneldis. Stór kolmunnakvóti breytir stöðunni og verksmiðjan fær hráefni, sem skiptir afar miklu fyrir samfélögin eystra, að sögn Gunnars. - shá

BÖRKUR NK Landaði 2.500 tonnum í Neskaupstað á páskadag.
MYND/KRISTÍN SVANHVÍT

11,9% af kvóta strandríkja:

Makrílkvótinn 147.000 tonn

SJÁVARÚTVEGUR Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að heildarkvóti makríls árið 2014 verði 147.721 tonn, eða um 16,6 prósent af 889.886 tonna ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES).

Í nýjum samningi ESB, Noregs og Færeyja ætla strandþjóðirnar sér heildarafla í ár umfram ráðgjöf ICES. Miðað við 1.240 þúsund tonna heildarveiði nemur 148 þúsund tonna afli Íslands 11,9 prósentum af heildinni. - shá

FRÁ CASTRILLO MATAJUDIOS Íbúarnir skammast sín sumir fyrir nafn þorpsins.
NORDICPHOTOS/AFP

Gyðingafjandsamlegt nafn:

Þorpsbúar vilja nafnbreytingu

SPÁNN, AP Litla þorpið Castrillo Matajudios á norðanverðum Spáni mun að líkindum fá nýtt nafn eftir 25. maí en þá kjósa þorpsbúar um það hvort breyta eigi nafninu.

Nafn þorpsins þýðir „Castrillo drepur gyðinga“, og má rekja nafnið til ársins 1035 þegar 66 gyðingar voru myrtir í þorpi skammt frá og reknir á brott. Hinir brottreknu settust að á hæðinni þar sem þorpið er núna.

Upphaflega hét þorpið Gyðingahæð, eða Castrillo Motajudios. - gb

Sterk staða Eiríks á Akureyri:

Aðrir vilja ekki bæjarstjórastól

AKUREYRI Allir þeir flokkar sem bjóða fram til sveitarstjórnar í komandi kosningum hafa gefið út að þeir vilji ráða ópólitískan bæjarstjóra eftir kosningar.

Akureyri vikublað birti fyrir páska niðurstöður úr skoðanakönnun sem gerð var meðal Akureyringa sem sýndi gríðarlegan stuðning bæjarbúa við Eirík Björn Björgvinsson bæjarstjóra og vilja þeirra til að hafa áfram faglega kjörinn bæjarstjóra.

Ríflega mánuður er til kosninga og er staða Eiríks nokkuð sterk. Hann var ráðinn af L-listanum árið 2010. Enginn oddviti virðist ganga með bæjarstjórann í maganum og kjósendur geta því ekki valið á milli ólíkra bæjarstjóraefna í komandi kosningum. -sa

Leikfélag Akureyrar heldur áfram að tapa milljónum

Leikfélag Akureyrar á í miklum fjárhagserfiðleikum. Lausafjárvandinn rúmlega 20 milljónir. Engin leiksýning verður sett upp hjá L.A. í haust. Leikfélagið þarf á aðstoð að halda við að standa við skuldbindingar sínar.

LEIKLIST Leikfélag Akureyrar (LA) mun ekki starfa í óbreyttri mynd á næsta leikári. Reksturinn stendur ekki undir sér og tugmilljónir vantar inn í reksturinn svo hann geti náð sér á strik aftur. Rekstrarniðurstöður úr sex mánaða uppgjöri LA, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, sýnir að fjárhagsleg staða félagsins er afar slæm.

Fjárhagur LA var endurskipulagður um mitt ár 2012 þegar samningar náðust við Akureyrarbæ. Leikárið 2010-2011 skildi eftir sig um fimmtíu milljóna króna skuld. Akureyrarbær og LA komust að samkomulagi um niðurgreiðslu á þeim skuldum til að tryggja stöðu leiklistar á Akureyri.

Það samkomulag hefur ekki gengið fyllilega eftir af hálfu leikfélagsins. Er svo komið að róðurinn er aftur orðinn afar þungur. Sex mánaða uppgjör LA, frá 1. ágúst í fyrra til 31. janúar síðastliðins, sýnir að rekstrargjöld félagsins hækkuðu um tæpar 25 milljónir króna og að rekstrarniðurstaðan sé neikvæð um 13,2 milljónir. Skuldir félagsins hækkuðu einnig á milli ára og fóru úr 58,7 milljónum upp í 63,6 milljónir.

Leikfélagið fær um 95 milljónir árlega í rekstrarstyrki frá hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum. Forsvarsmenn leikfélagsins halda því fram að ekki sé hægt að reka atvinnuleikhús á svo litlum fjárframlögum og segja í tilkynningu að rekstrarstyrkur til leikfélagsins hafi ekki hækkað síðan 2004. Að mati stjórnar og stjórnenda Leikfélags Akureyrar er ljóst að ekki er hægt að halda úti starfsemi leikfélagsins nema til komi leiðrétting á opinberum framlögum.

Rekstrargjöld félagsins samkvæmt sex mánaða uppgjörinu voru 83 milljónir, svo líklegt er að tekjur félagsins dugi ekki til reksturs þess.

Á síðasta fundi bæjarráðs Akureyrar var tekin fyrir tillaga frá LA sem „miðaði að því að verja stöðu leiklistar sem atvinnugreinar á Akureyri“. Þessi tillaga fólst í því að flýta greiðslum til LA og að bæjarfélagið gæfi eftir lán til LA sem um áramót stóð í tæpum 20 milljónum.

Akureyrarbær féllst á að flýta greiðslum ársins 2014 til að greiða skuldir og að standa við skuldbindingar sem þegar hefur verið stofnað til vegna leikárs 2013-2014. Akureyrarbær gæti hins vegar ekki orðið við beiðni stjórnar LA um að flýta greiðslum 2015.

Í bókun bæjarráðs segir að „með þessu er bæjarráði ljóst að Leikfélag Akureyrar getur ekki staðið við skuldbindingar um framleiðslu á leiklist það sem eftir lifir ársins 2014“.

Með þessum aðgerðum bæjarráðs Akureyrarbæjar er Leikfélagi Akureyrar stefnt frá gjaldþroti sem til hefði komið ef ekkert hefði verið að gert samkvæmt heimildum blaðsins.

Hafnar eru viðræður milli Leikfélags Akureyrar, Hofs og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands um sameiningu félaganna undir einni yfirstjórn.

Til stóð að setja upp verkið Lísu í Undralandi næsta haust. Ljóst er samkvæmt bókun bæjarráðs að ekki eru til peningar í Leikfélagi Akureyrar til að standa undir kostnaði við uppsetninguna. Bæjarráð telur ekki rétt að hjálpa félaginu frekar. Kostnaðaráætlun fyrir uppsetningu verksins var um 32,2 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar, Eiríkur Haukur Hauksson, vildi ekki veita Fréttablaðinu viðtal vegna stöðunnar sem upp er komin. Ekki náðist í Soffíu Gísladóttur, formann stjórnar LA, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. sveinn@frettabladid.is

HJÁ LEIKFÉLAGI AKUREYRAR Vegna fjárhagsvandræða verður ekkert sett á svið hjá Leikfélagi Akureyrar næsta haust.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

→ Áformuð 32,2 milljóna króna uppsetning á Lísu í Undralandi verður ekki að veruleika hjá Leikfélagi Akureyrar í haust þar sem bæjarráð telur ekki rétt að setja meiri peninga í félagið.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	24°	Friedrichshafen	21°	New York	13°
Aþena	25°	Gautaborg	14°	Orlando	29°
Basel	22°	Kaupmannahöfn	14°	Ósló	15°
Berlín	21°	Las Palmas	22°	París	20°
Billund	10°	London	17°	San Francisco	16°
Frankfurt	22°	Mallorca	23°	Stokkhólmur	8°

Á MORGUN
Víða fremur hægur vindur.



FÖSTUDAGUR
Fremur hægur vindur.



MILT Í VEÐRI næstu daga og víða fremur hægur vindur. Bjart N-lands á morgun en dálítil væta S-til. Á föstudag verður víða skýjað og lítilsháttar rigning V-til. Hiti að 15 stigum í dag og á morgun en fer svo kólnandi.

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

ÚTLIT FYRIR SUMAR

Skínandi sértilboð á ÖLLUM aukahlutum

20% afsláttur á ísetningu aukahluta

Gúmmímotta í skott

Toppgrind

Aurhlífar

Farangursnet

Vindskeið

Búðu bílinn undir sumarið hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skínandi sértilboð á öllum aukahlutum og ljómandi 20% afsláttur á ísetningu aukahluta fyrir sumarið. Það er útlit fyrir gott sumar.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Verð á Yaris frá 2.630.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

40% GÆÐALÁN TOYOTA

Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Aukahlutir eru ekki innifaldir í birtu verði. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað heitir forsætisráðherra Noregs?
2. Hvað voru veiddar margar langreyðar sumarið 2013?
3. Hvað heitir fyrrverandi knattspyrnustjóri Manchester United?

SVÖR

1. Erna Solberg **2.** 134 **3.** David Moyes

Framhaldsskólakennarar samþykkja nýgerðan kjarasamning með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða:

Felur í sér leiðréttingar á launum kennara

KJARASAMNINGAR Yfirgnæfandi meirihluti framhaldsskólakennara og stjórnenda í framhaldsskólum samþykkti nýgerðan kjarasamning við ríkið, eða 89 prósent þeirra sem greiddu atkvæði.

Alls greiddu 65 prósent þeirra sem voru á kjörskrá atkvæði. Svipað hlutfall kennara í Tækniskólanum samþykkti samninginn en í Menntaskóla Borgarfjarðar var samningurinn samþykktur með öllum átta atkvæðunum.

„Ég átti von á að samningurinn yrði samþykktur með góðum meirihluta," segir Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara. Það hversu margir sögðu já sé vísbending um að félagsmenn séu ánægðir með samninginn.

Guðríður vísar því á bug að framhaldsskólakennarar fái meiri launahækkanir en samið var um á almenna markaðnum.

„Þessi samningur felur í sér löngu tímabærar leiðréttingar á launum framhaldsskólakennara," segir Guðríður. Hún segir að kennarar hafi ekki notið neins launaskriðs á undanförnum árum. Nú sé verið að leiðrétta laun þeirra til samræmis við þær stéttir hjá hinu opinbera sem kennarar hafi borið sig saman við.

„Við ættum langt í land ef við færum að bera okkur saman við sambærilegar stéttir á almenna markaðnum. Því vísa ég því algerlega á bug að kjarasamningar kennara séu að setja samninga á almenna markaðnum í uppnám," segir Guðríður. - jme

GETA ANDAÐ LÉTTAR Framhaldsskólanemendur geta andað léttar því kennarar hafa samþykkt nýgerðan kjarasamning með miklum meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á LANDSPÍTALANUM Nýtur góðs af heilsuskóm. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfsmannafélag seldi skó:

Landspítalinn fær 1,4 milljónir

HEILBRIGÐISMÁL Starfsmannafélag Landspítala seldi heilsuskó fyrir 1,4 milljónir króna og færði spítalanum upphæðina að gjöf.

„Starfsmannafélagið fékk í fyrra að selja DanPro-heilsuskó frá fyrirtækinu Ásbirni Ólafssyni ehf. sem var hætt innflutningi og sölu á þeim. Samkomulag varð um að félagið tæki að sér að selja skóna til starfsmanna á góðu verði og láta andvirðið renna til spítalans," segir á vefsíðu Landspítalans. Starfsmenn gáfu vinnu við afgreiðslu skónna. Féð fer í tækjakaupasjóð spítalans. - gar

Með skotvopn og hnífa:

Tveir látnir eftir fjölskylduerjur

SVÍÞJÓÐ Tveir menn létu lífið og að minnsta kosti sex særðust í Norrköping í Svíþjóð á mánudagskvöld þegar fjölskylduerjur fóru úr böndunum, að því er sænskir fjölmiðlar hafa eftir saksóknara. Fimm manns höfðu í gær verið handteknir vegna drápanna.

Hinir látnu höfðu verið skotnir auk þess sem þeir höfðu verið skornir.

Haft er eftir vitni að einn af þeim sem stigu út úr mörgum bílum á svæðinu hafi rétt viðstöddum hnífa. - ibs

Má ekki vera klofningur út úr Sjálfstæðisflokknum

Það má ekki stofna nýjan, frjálslyndan hægri flokk á þeim forsendum að hann sé afsprengi Sjálfstæðisflokksins eða klofningur út úr honum, segir formaður Já Ísland. Eftirspurn eftir nýjum, frjálslyndum hægri flokki.

STJÓRNMÁL Það virðist vera pláss fyrir nýjan Evrópusinnaðan hægri flokk ef marka má skoðanakannanir síðustu vikna. Rúmlega fimmtungur aðspurðra sagði til að mynda í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar tvö sem gerð var fyrir nokkrum dögum, að það væri líklegt eða mjög líklegt að þeir myndu kjósa nýtt framboð Evrópusinnaðra hægrimanna.

Slíkur flokkur er hins vegar ekki til enn. Þar af leiðandi vita menn ekki fyrir hvað hann kemur til með að standa að öðru leyti en að hann hefur verið kynntur til sögunnar sem flokkur sem vill nána samvinnu við ríki Evrópu, auk þess að efla frelsi og samkeppni á öllum sviðum atvinnulífsins.

Þeir sem hafa verið í forsvari fyrir undirbúning að stofnun flokksins segja að tíðinda verði að vænta í byrjun maí.

Mikið hefur verið rætt hverjir muni koma að stofnun slíks flokks. Ein þeirra sem eru í umræðunni er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Ekki náðist í Þorgerði Katrínu í gær en samkvæmt heimildum blaðsins hafa margir komið að máli við hana til að biðja hana um að taka þátt í stofnun flokksins og vera í forsvari fyrir hann.

Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri hjá Icepharma og fyrrverandi aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, hefur verið í hópi fólks sem hefur verið að ræða stofnun nýs frjálslynds hægri flokks.

„Ég vil sjá slíkan hægri flokk verða að veruleika. Það er eftirspurn eftir slíkum flokki eins og skoðanakannanir hafa sýnt, enda virðast hugmyndir frjálslynds hægri flokks geta höfðað til fólks úr öllum flokkum," segir Hanna Katrín.

Jórunn Frímannsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir að hún sé fylgjandi því að nýr hægri flokkur verði stofnaður. „Mér finnst það mikilvægt fyrir íslenskt samfélag og íslenska pólitík," segir hún. Jórunn segist vera yfirlýstur Evrópusinni en að það sé ekki pláss fyrir hana í Sjálfstæðisflokknum. „Sjálfstæðisflokkurinn sagði skilið við okkur," segir Jórunn.

Vilhjálmur Egilsson, rektor á Bifröst og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist hafa áhuga á stofnun nýs hægri flokks.

„Ég hef þó ekki sagt skilið við minn gamla flokk," segir Vilhjálmur. „Það eru ýmis mál sem eru mér hjartfólgin, svo sem afnám gjaldeyrishafta og Evrópumálin."

Vilhjálmur kveðst ætla að halda áfram að fylgjast grannt með framvindu mála. Hann sé ekki á leið í framboð: „Ég er ekki að skipuleggja líf mitt út frá því," segir hann.

Jón Steindór Valdimarsson, lögfræðingur, formaður Já Ísland og fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segist hafa fylgst með fréttum af þessu máli.

„Það getur vel verið að maður láti slag standa og taki þátt í stofnun flokksins," segir Jón Steindór og bætir við að þetta sé spennandi verkefni.

„Ef menn ætla að stofna nýjan flokk má ekki gera það á þeim forsendum að hann sé afsprengi Sjálfstæðisflokksins eða klofningur út úr honum. Þetta verður að verða flokkur sem starfar á eigin forsendum," segir Jón Steindór.

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, fyrrverandi formaður Já Ísland og frambjóðandi sjálfstæðismanna í sveitarstjórnarkosningunum í Hafnarfirði, segist vera áhugasöm um málið. „Ég fylgist spennt með úr fjarlægð eins og flestir þeir sem hafa áhuga á stjórnmálum. Evrópumálin eru það sem skiptir mestu máli fyrir þjóðina í dag. Þau snúast að stórum hluta um efnahagsmál og atvinnumál og framtíð okkar hér á landi," segir Sigurlaug Anna.

johanna@frettabladid.is

ÁHUGI Á EVRÓPU Svikin loforð ríkisstjórnarinnar varðandi ESB urðu til þess að menn fóru að ræða stofnun nýs hægri flokks. APF/PHOTOS

> **Ég vil sjá slíkan hægri flokk verða að veruleika. Það er eftirspurn eftir slíkum flokki eins og skoðanakannanir hafa sýnt,**
>
> *Hanna Katrín Friðriksson.*

> **Ef menn ætla að stofna nýjan flokk má ekki gera það á þeim forsendum að hann sé afsprengi Sjálfstæðisflokksins eða klofningur.**
>
> *Jón Steindór Valdimarsson*

Verkjastillandi + bólgueyðandi

Veldur síður lyfjaáhrifum um allan líkamann eins og þegar töflur eru teknar inn



Voltaren

Fæst án lyfseðils

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

WEBER GRILL OG GRILLVÖRUR Í ÚRVALI

10% AF ÖLLUM WEBER GRILLUM

Spirit E310 Classic

103.499 kr.
verð áður 114.999

Q 2200 á fótum

62.999 kr.
verð áður 69.999

Q 3200

102.599 kr.
verð áður 113.999

Q 1000

40.499 kr.
verð áður 44.999

Gildir til 25. apríl á meðan birgðir endast. WEBER færðu í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ, Holtagörðum og á hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum

GRILLKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í HAGKAUP

ÍSLANDS LAMB

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

LÆRISSNEIÐAR KRYDDLEGNAR
1.889 kr/kg
verð áður 2.699

NAUTAAT

HAMBORGARAR
4 STK. 80 GR. M/ BRAUÐI
699 kr/pk
verð áður 899

Holta

KJÚKLINGALÆRI ÚRBEINUÐ
1.874 kr/kg
verð áður 2.498

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÁSTAND HEIMSINS

RITHÖFUNDUR JARÐSUNGINN Í MEXÍKÓ Gul pappírsfiðrildi voru áberandi í útför Nóbelsverðlaunahöfundarins Gabriels García Márquez, sem haldin var í Mexíkóborg á mánudag. Fiðrildin koma við sögu í stórvirki hans, Hundrað ára einsemd.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SÝRLENSKIR FLÓTTAMENN Í TYRKLANDI Kona frá Sýrlandi situr ásamt börnum sínum á gangstétt í Istanbúl. Nærri milljón flóttamanna frá Sýrlandi er nú komin til Tyrklands.
NORDICPHOTOS/AFP

DAGUR JARÐAR Í INDÓNESÍU Námsmenn í Banda Aceh ötuðu sig leðju og veltu hnetti, sem táknar jörðina, til að minna á Jarðardaginn, sem haldinn var hátíðlegur um heim allan í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

Á FLÓTTA Í MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDINU Drengur þessi rogast með teppi í Bangui, höfuðborg Mið-Afríkulýðveldisins. Fjölskylda hans var að búa sig undir flótta úr landi. Þau eru múslímar, en múslímar hafa sætt ofsóknum í landinu undanfarna mánuði.
NORDICPHOTOS/AFP

FERÐAMENNSKA Í JERÚSALEM Ferðamenn taka myndir af konu á úlfalda við Olíufjallið í austurhluta Jerúsalemborgar.
NORDICPHOTOS/AFP

ÞAÐ ER KOMINN NÝR **LAND ROVER DISCOVERY 4**

210 hestafla dísilvél, 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýri og loftpúðafjöðrun með Terrain Response drifbúnaði á öllum hjólum gera Land Rover Discovery 4 að einum öflugasta og þægilegasta jeppa sem völ er á. Meðal nýjunga er nýr framendi með nýjum aðalljósum, breytt afturljós, start/stopp ræsibúnaður og Meridian 380W hljómtæki.

Discovery 4 S – verð frá: 11.890.000 kr.
Eldsneytisnotkun 8,8 l/100 km* í blönduðum akstri.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

BL

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Falleg á öllum aldri

20+

30+

40+

50+

CLARINS

Clarins kynning í Hagkaup dagana 23. - 29. apríl

Fallegur kaupauki* fylgir þegar verslaðar eru tvær Clarins vörur.
20% afsláttur af Clarins dag- og næturkremum.

*gildir 23.-29.apríl á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kaupir stórskip knúið rafhlöðum

Fáfnir Offshore hefur undirritað smíðasamning um smíði þjónustuskips fyrir olíuiðnaðinn, en skipið er annað í röð skipa félagsins. Fjárfestingin er þegar 14 milljarðar en viljayfirlýsing er um smíði þriðja skipsins. Skipin eru tækniundur og knúin til jafns af olíu og rafmagni.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

„Kannski er fréttnæmast við þetta nýja glæsilega skip að það er blendingur – það er knúið til jafns af dísilolíu og rafmagni," segir Steingrímur Erlingsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Fáfnis Offshore, um nýtt sérútbúið þjónustuskip fyrir olíuiðnaðinn sem verður smíðað í skipasmíðastöð fyrirtækisins Havyard í Leirvík í Noregi. Samningur um smíði skipsins var undirritaður í nýliðinni viku að andvirði 350 milljóna norskra króna eða um sjö milljarða íslenskra króna. Skipið verður afhent eigendum sínum um mitt næsta ár.

Annað í röðinni

Einhver gæti hugsað með sér að hér væri verið að segja gamla frétt, svo stutt er síðan fréttir bárust af smíði þjónustuskips fyrir Fáfni. Ástæðan er sú að nýja skipið er annað í röðinni, en það fyrsta, sem ber nafnið Polarsyssel, var sjósett í skipasmíðastöðinni í Cemre í Tyrklandi í mars. Það er nú statt í skipasmíðastöð Havyard þar sem það verður fullbúið tækjum og búnaði, en ef áætlanir ganga eftir verður skipið afhent í ágúst. Polarsyssel er í raun systurskip þess nýja, en nokkuð minna, og er einnig sérútbúið til að þjónusta olíuiðnað í norðurhöfum, ekki síst til birgðaflutninga til og frá olíuborpöllum. Polarsyssel er um 88,5 metra langt og 17,6 metra breitt. Á því er þyrlupallur, fullkomin stöð fyrir þyrlueldsneyti og 850 fermetra þilfar. Öflugar brunadælur eru á skipinu og dæla þær um 1.500 lítrum á sekúndu. Um 30 manna áhöfn verður um borð í skipinu.

Þegar er búið að tryggja Polarsyssel verkefni til næstu ára, en Fáfnir gerði í apríl samning til sex ára við norska ríkið, með tvisvar sinnum tveggja ára framlengingarmöguleika um þjónustu við Svalbarða, þar sem skipið leysir af gamla varðskipið Tý sem nú brúar bilið við að uppfylla samninga um gæslu- og björgunarstörf á hafsvæðinu í kringum Svalbarða.

Tækniundur

Nýja skipið er nokkru stærra en Polarsyssel með þúsund fermetra þilfar. Steingrímur lýsir því að þar sem skipið er straumlínulagað og búið fyrrnefndum hybrid-búnaði er það með 30 til 40 prósenta betri orkunýtingu en sambærilegt skip. Skipið er í ísklassa 1B sem þýðir að hægt er að keyra á fullri ferð í gegnum allt að 90 sentímetra lagnaðarís og má skipið starfa á öllum hafsvæðum heims, til dæmis í Karahafinu fyrir norðan Síberíu. Þangað er engum hleypt nema skipið sé búið á þennan máta og eingöngu frá 1. júlí til 1. desember ár hvert.

„Mér hefur fundist best að lýsa ísklassa 1B með því að líkja því við að þú tvöfaldaðir í þér rifbeinin; skinnið er áfram af sömu þykkt en rifbeinin helmingi fleiri," segir Steingrímur. Hægt er að fara í hærri ísklassa, til dæmis 1A, en þá er búið að tvöfalda allt og skipið níðþungt og flokkast sem ísbrjótur. Það er eins og að fara á rúntinn með hjólhýsi í eftirdragi, kostnaðarsamt og stirðar hreyfingar," segir Steingrímur.

> **Kannski er fréttnæmast við þetta nýja glæsilega skip að það er blendingur - það er knúið til jafns af díselolíu og rafmagni**

En hér er ekki allt talið. Skipið er „winterized" sem þýðir að fá rekkverk geta safnað á sig ís; hiti er í öllum gangvegum, einangrun er sérstaklega þykk og varmaþræðir umleika allt sem frosið getur. Þá er skipið með stóra tanka undir sement, borleðju, metanól og ferskvatn fyrir olíuborpalla. Hvarfakútar eru á útblásturskerfi og ekkert rusl fer frá skipinu, sem hefur sérstakan olíuhreinsunarbúnað til mengunarvarna.

„Það væsir heldur ekkert um karlana. Um borð er öll aðstaða hin besta og þeir geta til dæmis kíkt í ræktina eða bíó ef þannig liggur á þeim – í sérstökum bíósal um borð," segir Steingrímur.

Vænleg verkefnastaða

Tvö skip eru því í hendi en að sögn Steingríms liggur fyrir viljayfirlýsing við Havyard um smíði þriðja skipsins innan skamms tíma, sem þá yrði jafn stórt og það nýja og systurskip þess.

En hefur Steingrímur tryggt sér verkefni fyrir þessi öflugu skip? „If I tell you, I have to

Ótakmarkað fyrir alla fjölskylduna með RED Family

Með RED Family fá allir í fjölskyldunni ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi. Allir samnýta gagnamagnið og fjölskyldan fær einn símreikning.

Skiptu yfir í Vodafone RED á vodafone.is

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

UNDRASMÍÐ Nýja skipið er 90 metrar að lengd og tæpir 20 metrar á breidd. Líkt og systurskipin er það vel búið. Kaupverðið er rúmir sjö milljarðar og ekki er loku fyrir það skotið að þriðja skipið eins og þetta verði smíðað fyrir Fáfni Offshore innan skamms.
MYND/HAVYARD

SJÓSETT Polarsyssel var sjósett í skipasmíðastöðinni í Cemre í Tyrklandi í mars. Ef væntingar ganga eftir er skipið það fyrsta af þremur slíkum skipum.
MYND/FÁFNIR

SÉRHÖNNUÐ FYRIR ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

Polarsyssel, skip Fáfnis Offshore, var sjósett í skipasmíðastöðinni í Cemre í Tyrklandi í mars. Skipið er í raun systurskip þess nýja, en nokkuð minna, og er einnig sérútbúið til að þjónusta olíuiðnað í norðurhöfum, ekki síst til birgðaflutninga til og frá olíuborpöllum.

Polarsyssel er um 88,5 metra langt og 17,6 metra breitt. Á því er þyrlupallur, fullkomin stöð fyrir þyrlueldsneyti og 850 fermetra þilfar. Öflugar brunadælur eru á skipinu og dæla þær um 1.500 lítrum á sekúndu. Um 30 manna áhöfn verður um borð í skipinu.

Skipin tvö eru þau dýrustu í siglingasögu Íslands, en reiknað er með að smíði þeirra losi sjö milljarða króna.

Fyrsta verkefni Polarsyssel verður að leysa af hólmi varðskipið Tý, sem Fáfnir tók á leigu, við gæslu- og björgunarstörf við Svalbarða.

kill you," segir Steingrímur hlæjandi en segir í alvöru talað að enginn ráðist í fjárfestingu upp á tugi milljarða óðruvísi en að væntingar um verkefni séu nægar.

„Hins vegar get ég sagt að Fáfnir Offshore er komið til að vera og mun tilkoma félagsins skapa hér atvinnu, gjaldeyri, reynslu og afleidd störf með tíð og tíma," segir Steingrímur sem bætir við að þó sé aðeins eitt sem skyggir á í hans huga. Það er sú staðreynd að Fáfnir Offshore getur ekki skráð skipin á Íslandi vegna íslensks regluverks sem útilokar að Fáfnir geti keppt við aðra í greininni. „Menn segja að við getum alveg skráð skipin á Íslandi, en það væri eins og að skrá sig í sprettuhlaup haldandi á sementspoka. Nei, á Íslandi eru höft hvað skipaskráningu af þessum toga varðar, það er að segja skip er starfa utan landhelgi, og er það merkilegt í ljósi þess að hér eru næg höft fyrir í atvinnurekstri hvers konar. Nýja skipið kemur um mitt næsta ár og ef ráðamenn taka sig til er því ekkert til fyrirstöðu að skrá það hér á Íslandi," segir Steingrímur. „Ég vona að ráðamenn þjóðarinnar sjái mikilvægi þessa og skapi hér aðstæður sem geri okkur kleift að keppa í því alþjóðlega umhverfi sem „offshore"-iðnaður er. Skapist þær, munum við ná árangri, því við búum yfir bestu sjómönnum heims á Íslandi."

> **Mér hefur fundist best að lýsa ísklassa 1B með því að líkja því við að þú tvöfaldaðir í þér rifbeinin; skinnið er áfram af sömu þykkt en rifbeinin helmingi fleiri**

UNDIRRITUN Tor Leif Mongstad frá Hayvard Group og Steingrímur Erlingsson við undirritun samninga um smíði þjónustuskipsins á dögunum.
MYND/HAVYARD

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Sandgerði að eignast opinberar byggingar að nýju:

Kaupa samkomuhús á 88 milljónir króna

SVEITARSTJÓRNIR Sandgerðisbær hefur keypt samkomuhús bæjarins á 88 milljónir króna.

Samkomuhúsið, ásamt fleiri opinberum byggingum í Sandgerði, var selt inn í Fasteign á árabilinu 2004 til 2009. Í fyrra keypti Sandgerðisbær nýbyggingu við grunnskólann á um milljarð. Eins og við kaupin á samkomuhúsinu nú var greitt fyrir með handbæru fé úr bæjarsjóði. Peningarnir eru notaðir til að borga upp lán á húsunum.

SIGRÚN ÁRNADÓTTIR

Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri segir ætlun Sandgerðinga að kaupa líka eldri skólabyggingu, íþróttamiðstöðina og sundlaugina. Þessi mannvirki eru metin á um 1.100 milljónir. „Við erum búin að nýta að mestu allt eigið fé og erum að kanna leiðir til að endurfjármagna lán sem eru á þessum byggingum," útskýrir Sigrún næstu skref.

SAMKOMUHÚS SANDGERÐINGA Var í niðurníðslu en var endurnýjað í höndum Fasteignar.

- gar

Á SNÆFELLSNESI Brotin áttu sér stað á heimili konunnar og mannsins á Snæfellsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nauðgaði þroskaskertri tengdamóður

Karlmaður hefur verið dæmdur í sex ára fangelsi fyrir að nauðga ítrekað tengdamóður sinni. Samkvæmt sérfræðingum er konan með þroska á við barn. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Vesturlands hefur dæmt karlmann í sex ára fangelsi fyrir að nauðga andlega fatlaðri tengdamóður sinni ítrekað. Misnotkunin átti sér stað þrisvar til fjórum sinnum í mánuði yfir árs tímabil.

Það var dóttir konunnar sem tilkynnti um brotin en hún kom að manninum að hafa samræði við móður sína á heimili þeirra. Í kjölfarið sagði móðir hennar frá því að ofbeldið hefði átt sér stað oftar. Konuna hafði grunað mann sinn um ofbeldi gegn móður sinni um nokkra hríð. Hún hafði meðal annars spurt hann um samband hans við móður hennar án þess að hann greindi henni rétt frá.

Maðurinn bar við í skýrslutöku hjá lögreglu að samband hans og fórnarlambsins hefði hafist þegar hann, kona hans og sonur fluttu inn til konunnar við andlát eiginmanns hennar. Á milli hans og konunnar hefði myndast neisti sem hefði leitt til ástarsambands. Hann greindi jafnframt frá því að hann hefði sofið hjá tengdamóður sinni þrisvar til fjórum sinnum í viku, oftar en konu sinni á tímabilinu. Maðurinn viðurkenndi að andlegur þroski tengdamóður sinnar væri álíka og hjá fjögurra ára syni sínum og að hann væri meðvitaður um það.

Fyrir dómi bar maðurinn að tilfinningar hans til tengdamóður sinnar hefðu verið djúpstæðar og svipað til þess að vera ástfanginn. Hann gerði sér þó grein fyrir því að vegna þroskahömlunar konunnar gætu þau ekki átt í ástarsambandi á jafningjagrundvelli.

Konan sem varð fyrir ofbeldinu sagði frá því að maðurinn hefði verið ölvaður í fyrsta sinn sem hann nauðgaði henni. Hann hefði þá komið inn í herbergi hennar þar sem hún var sofandi og komið sínu fram við hana. Konan sagðist hafa reynt að streitast á móti og að verknaðurinn hefði valdið henni mikilli vanlíðan og klígju. Henni liði betur nú þegar nokkuð langt væri liðið frá því að hann hefði brotið á henni síðast.

Héraðsdómur Vesturlands var einróma í niðurstöðu sinni. Hinn dæmdi viðurkenndi brotin og var ekki tekið tillit til varnar hans um að konan hefði viljað hafa mök við hann. Konan er metin með 56 í greindarvísitölu og hefur áður orðið fyrir kynferðisofbeldi af þessu tagi. Manninum var gert að greiða konunni tvær og hálfa milljón króna sem og öll málsvarnarlaun.

Ingi Tryggvason, verjandi mannsins, sagði í samtali við Fréttablaðið að ekki hefði verið tekin ákvörðun um áfrýjun til Hæstaréttar en hann ætti alveg eins von á að það yrði gert.

snaeros@frettabladid.is

Lyftari til sölu

Still R60-25 rafmagnslyftari, gámagengur, árgerð 2005 í mjög góðu standi til sölu. Lyftigeta 2,5tonn, lyftihæð 4,48 metrar, þrískipt mastur og hliðarfærsla. Verð aðeins kr. 1.350 þús.+ vsk.

Nánari upplýsingar í síma 863-4646

www.volkswagen.is

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

ÚTFÖR Í SLAVJANSK Fjöldi manns kom til jarðarfarar manna sem létu lífið í skotbardaga í borginni Slavjansk, austan til í Úkraínu, á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

Úkraínustjórn boðar nýjar hernaðaraðgerðir:

Samkomulag virðist farið út um þúfur

ÚKRAÍNA, AP Samkomulagið um Úkraínu, sem gert var á fundi í Genf í síðustu viku, virðist farið út um þúfur. Aðskilnaðarsinnar hliðhollir Rússum hafa í engu farið eftir samkomulaginu, og nú hefur Úkraínustjórn blásið til nýrra hernaðaraðgerða gegn hryðjuverkamönnum, eins og það er orðað.

Oleksandr Túrtsjínov, bráðabirgðaforseti landsins, segir hryðjuverkamenn tekna til við að „pynta og drepa úkraínska föðurlandsvini. Þeir hafna blygðunarlaust ákalli bæði okkar og alþjóðasamfélagsins með því að gefa skít í ákvarðanir sem teknar voru í Genf.“

Svo bætti hann við: „Þessir glæpir eru framdir með fullum stuðningi og þegjandi samþykki Rússlands.“

Fulltrúar Úkraínu, Rússlands, Bandaríkjanna og Evrópusambandsins komust að samkomulagi á fundinum í Genf um að bæði Úkraínustjórn og Rússar myndu draga sig til baka, þannig að friður kæmist á.

Aðskilnaðarsinnarnir, sem höfðu náð stjórnsýslubyggingum í um tíu borgum í austurhluta landsins á sitt vald, hreyfðu sig hins vegar hvergi.

> **Ekkert land á að geta hagað sér eins og vopnaður bófi.**
>
> *Arsení Jatsenjúk forsætisráðherra Úkraínu.*

Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, heimsótti Úkraínu í gær og ræddi meðal annars við Túrtsjínov forseta og Arsení Jatsenjúk forsætisráðherra. Hann skoraði á rússneska ráðamenn að beita áhrifum sínum meðal aðskilnaðarsinna og hvetja þá til að láta stjórnsýslubyggingarnar af hendi.

Hann sagði að Rússar þyrftu að bregðast við án tafar.

Jatsenjúk forsætisráðherra var öllu harðorðari í garð rússneskra ráðamanna: „Ekkert land á að geta hagað sér eins og vopnaður bófi,“ sagði hann. „Rússland ætti að halda sig við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og skyldur. Þeir eiga ekki að haga sér eins og stigamenn á nútímaöld.“ - gb

Framsóknarmenn safna fólki á lista fyrir komandi borgarstjórnarkosningar:

Miklar breytingar á listanum

SVEITARSTJÓRNIR Ekki verður einungis skipt um oddvita heldur verða gerðar stórvægilegar breytingar á framlögðum lista Framsóknarflokksins í Reykjavík. Sá listi sem samþykktur var þann 20. nóvember í fyrra er því allur undir.

Framsóknarflokkurinn hefur verið oddvitalaus í borginni frá því Óskar Bergsson hætti 3. apríl. Óskar vildi með þessu axla ábyrgð á slæmri stöðu flokksins í skoðanakönnunum. Flokkurinn hefur verið langt frá því að ná inn manni.

GUÐNI ÁGÚSTSSON

Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, er talinn líklegasti arftaki Óskars og mun hafa þekkst boð um að taka sæti á listanum.

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember í fyrra hverjir skipuðu sjö efstu sætin á listanum. Sú upprröðun er öll undir í endurröðun uppstillingarnefndar flokksins.

Annað sæti skipaði Guðrún Bryndís Karlsdóttir sem telur sig betri kost en Guðna í oddvitasætið. „Spurningin er hvort fólk vilji nýja strauma inn í borgarpólitíkina eða halda þessu gamla áfram,“ segir Guðrún um það verkefni sem bíður uppstillingarnefndar. - sa

Ársfundur

VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs

Þriðjudaginn 29. apríl 2014 kl. 8:00 – 12:00
á Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá

Morgunverðarfundur með fyrirlestrum

8:00 – 8:30 Morgunverður

8:30 – 8:50 Ávarp: Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra

8:50 – 9:30 VIRK Starfsendurhæfingarsjóður: Verum VIRK
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs fer yfir starfsemina á liðnu ári og gerir grein fyrir áherslum og verkefnum til framtíðar

9:30 – 10:30 The Dutch Social Security System – in a Nutshell
Annette de Wind tryggingalæknir og sérfræðingur við UWV í Hollandi gerir grein fyrir þeim breytingum sem hafa átt sér stað í Hollandi undanfarin ár þar sem aukin áhersla er á að meta getu til starfa en ekki vangetu. Hún fer einnig yfir árangur og afleiðingar þessara breytinga.

10:30 – 11:00 Kaffi

Hefðbundin ársfundarstörf

11:00 – 12:00 Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagsskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur liðins árs
- Tilkynning um skipan stjórnar
- Kosning endurskoðenda
- Önnur mál

Kl. 12:00 Fundarlok

Ársfundurinn er öllum opinn

Mögulegt er að taka einungis þátt í fyrri hlutanum
þar sem boðið er upp á fræðandi erindi

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á heimasíðu VIRK **www.virk.is**
í síðasta lagi föstudaginn 25. apríl n.k.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

ATARNA

www.virk.is

SELECTED
FEMME / HOMME
KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

Facebook.com/selected.island · Instagram: @selectediceland

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI NOTAÐIR

BEINT Á MÓTI IKEA

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.
Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;
www.hyundai.is og smellir á flipann notaðir bílar

ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN

HYUNDAI Nr. 141902

TOYOTA LAND CRUISER 150
Nýskr 05/2003, ekinn 44 þús.
dísil, sjálfskiptur
Verð kr. 8.800.000

TILBOÐSVERÐ
7.990 þús.

HYUNDAI Nr. 120386

KIA SORENTO II
Nýskr 09/2006, ekinn 104 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
2.590.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120373

HONDA CR-V VTEC
Nýskr 09/2005, ekinn 165 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ:
1.590.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120398

MMC OUTLANDER COMFORT
Nýskr 02/2006, ekinn 139 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
1.190.000 kr.

HYUNDAI Nr. 170351

LAND ROVER FREELANDER 2 S
Nýskr 06/2007, ekinn 119 þús.
dísil, sjálfskiptur. Verð 3.290.000
TILBOÐSVERÐ:
2.990.000 kr.

HYUNDAI Nr. 191310

VW PASSAT ECOFUEL
Nýskr 03/2012, ekinn 73 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
2.990.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120389

TOYOTA PRIUS HYBRID
Nýskr 09/2008, ekinn 101 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ:
2.250.000 kr.

HYUNDAI
Kauptúni 1– (Beint á móti IKEA)
Sími 575 1200

SORG Í NEPAL Ættingjar og ástvinir hinna látnu leiðsögumanna við minningarathöfn sem haldin var í Katmandú á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP

Flestir sjerpar hætta við frekari leiðsögn

Þetta árið ná væntanlega fáir þeim áfanga að komast upp á fjallið Everest, þar sem innlendir leiðsögumenn í Nepal hafa flestir ákveðið að leggja niður störf af virðingu við félaga sína sem létu lífið á föstudaginn var þegar skriðuhlaup varð.

NEPAL, AP Flestir þeir sjerpar sem starfað hafa sem leiðsögumenn erlendra fjallgöngumanna á fjallinu Everest hafa ákveðið að leggja niður störf það sem eftir er ársins.

Ástæðan er sú að þeir geta ekki hugsað sér annað en að sýna látnum félögum sínum virðingu með þessum hætti. Flestir hugðust taka saman föggur sínar í dag og halda heim á leið.

Útlendingarnir, sem treysta á aðstoð sjerpanna, eiga því ekki annars úrkosta en að hætta við frekara klifur að sinni.

„Það er bara ómögulegt fyrir marga okkar að halda áfram að klifra. Á meðan þrír vina okkar liggja grafnir í snjónum þá get ég ekki hugsað mér að ganga ofan á þeim. Við viljum heiðra félaga okkar sem við misstum og af virðingu við þá getum við einfaldlega ekki haldið áfram," segir Dorje Sherpa, einn leiðsögumannanna.

Á föstudaginn féll skriða í hlíðum Everest-fjalls sem kostaði að öllum líkindum 16 sjerpa lífið. Þrettán lík eru fundin en þrír að auki eru taldir látnir þótt lík þeirra hafi enn ekki fundist.

Hópur leiðsögumanna var að flytja klifurbúnað á milli búða í hlíðum fjallsins þegar skriðan varð. Þetta gerðist á sérlega hættulegum stað í fjallinu.

Sjerparnir hugðust fyrst boða verkfall þangað til stjórnvöld í Nepal hefðu gengið að kröfum þeirra um betri tryggingar og hærri bætur, sem greiddar eru til þeirra sem slasast eða ættingja þeirra sem látast við störf sín í hlíðum fjallsins.

Stjórnin í Nepal hefur að hluta fallist á þessar kröfur en á fundi Bandalags fjallaleiðsögumanna í Nepal, sem haldinn var í gær, var ákveðið að reyna frekari samningaviðræður við stjórnvöld.

Nú fer í hönd sá árstími sem veður er hagstæðast til fjallgöngu upp á Everest. Standi sjerparnir við ákvörðun sína þýðir það að þetta árið komast afar fáir á tindinn.

gudsteinn@frettabladid.is

FYLGDARMENN Á FJALLIÐ

Frá árinu 1953 hafa meira en fjögur þúsund manns komist upp á toppinn á fjallinu Everest. Hundruð manna hafa látið lífið í hlíðum þess.

Langflestir leiðsögumenn fjallgöngumanna á Everest hafa verið sjerpar. Fyrstir á toppinn árið 1953 voru Nýsjálendingurinn Edmund Hillary og sjerpinn Tenzing Norgay.

Nú eru um 400 erlendir fjallgöngumenn staddir í hlíðum fjallsins sem höfðu gert sér vonir um að komast alla leið upp en þurfa nú að snúa við. Álíka margir sjerpar eru í fylgd þeirra, en auk þess eru fjölmargir aðstoðarmenn í grunnbúðunum, þar sem þeir sjá um að elda mat, þrífa og bera farangur fyrir útlendingana.

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2014

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 30. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Reykjavík 4. apríl 2014,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

ÚTSALA
SPARAÐU ALLT AÐ 40%
AF VÖLDUM SUMARVÖRUM

TILBOÐIN GILDA 22-24/4

471073
HJÓLBÖRUSETT FYRIR SANDKASSA
9 hlutir.
Venjulegt verð 2.499,-

-40%
1.499
SPARIÐ 1.000

-40%
10.199
SPARIÐ 6.800

211671
RAZOR PRO XX HLAUPAHJÓL
Með stífri grind með öxli, læstri T-stöng, tvöfaldri klemmu um stýrissúlu, 110 mm úretanhjólum og RZR Pro 20 legum.
Hámarksþyngd 100 kg.
Venjulegt verð 16.999,-

211714
ATLANTA BANANA-BRETTI
10 flottir límmiðar fylgja, svo þú getir skreytt brettið eftir eigin höfði.
Hámarksþyngd 100 kg. 57 cm.
Venjulegt verð 5.999,-

-40%
3.599
SPARIÐ 2.400

470932
HJÓLBÖRUR ÚR MÁLMI
Sérlega traustbyggðar. Framhjól úr frauði.
Venjulegt verð 3.999,-

-40%
2.399
SPARIÐ 1.600

-40%
899
SPARIÐ 600

470608
SÁPUKÚLUR
Venjulegt verð 1.499,-

-40%
8.999
SPARIÐ 6.000

211676
RAZOR A4 CLEAR HLAUPAHJÓL
Gert úr flugvélaáli og er með ABEC-5 legum. Hámarksþyngd 100 kg.
Venjulegt verð 14.999,-

Tilboðin gilda 22-24.04.2014. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

ToysRUs
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600
KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

SKOÐUN

Raunveruleg samkeppni hugmynda í Reykjavík:

Skýrir kostir

Stundum er sagt að kosningar til sveitarstjórna snúist fremur um fólk en pólitík; viðfangsefni sveitarstjórnanna séu aðallega praktísks eðlis og lítill hugmyndafræðilegur ágreiningur um þau milli flokka.

Eftir að Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík kynnti stefnuskrá sína á skírdag má þó segja að borgarbúar hafi raunverulegt val um mjög ólíka nálgun sjálfstæðismanna annars vegar og svo núverandi meirihluta í borgarstjórn hins vegar í ýmsum mikilvægum málum.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sjálfstæðismenn vilja til dæmis fara aðra leið til að leysa húsnæðisvandann, ekki sízt á leigumarkaðnum. Í stað þess að Reykjavíkurborg verði sjálf umsvifameiri leigusali vilja þeir skapa skilyrði til þess með auknu framboði lóða og breyttu regluverki að einkafyrirtæki sjái sér hag í að byggja ódýrar leiguíbúðir.

Sjálfstæðismenn halda á lofti hugmyndum sem þeir hafa viðrað undanfarin ár, um að foreldrar skólabarna í Reykjavík fái miklu meiri aðgang að þeim upplýsingum sem fyrir liggja um árangur og útkomu skólanna í borginni. Meirihlutinn hefur sagt skýrt að þessar upplýsingar eigi fyrst og fremst að vera aðgengilegar fagfólki í skólakerfinu. Þarna er grundvallarmunur á nálgun meirihlutans og áskorendanna í minnihlutanum.

Í hugmyndum Sjálfstæðisflokksins er líka boðið upp á talsvert ólíkan vinkil á velferðarmálin en núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur fylgt. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar við fólk sem ekki getur staðið á eigin fótum hafa þanizt gríðarlega út hjá Reykjavíkurborg. Sjálfstæðismenn leggja áherzlu á að það sé ekki óhjákvæmileg þróun og að gera þurfi kröfur til þeirra sem þiggja þannig framfærslu af samborgurunum; þeir eigi að vera virkir þátttakendur í ýmsum verkefnum á vegum borgarinnar og öðlast þannig sjálfstraust og hvata til að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Fjórða málið þar sem er augljós hugmyndafræðilegur munur á stefnu Sjálfstæðisflokksins og vinstri flokkanna í borgarstjórn er áherzla þeirra fyrrnefndu á að í almannaþjónustu fylgi fé þörf og einkaaðilar eða sjálfstætt starfandi fái fleiri tækifæri til að reka fyrirtæki á sviði grunnþjónustu, skóla og velferðar. Þannig er stuðlað að fleiri valkostum borgarbúa og að sjálfstæð fyrirtæki veiti borgarkerfinu holla samkeppni.

Í skipulagsmálum segjast Sjálfstæðismenn sammála meirihlutanum um þéttingu byggðar og að fólk hafi raunverulegt val um samgöngumáta; hjól, göngu, bíl eða strætó. Í deilumálinu um Reykjavíkurflugvöll leggja þeir til skynsamlega lausn; að íbúar kjósi um niðurstöður starfshópsins sem skoðar nú staði fyrir nýjan flugvöll á höfuðborgarsvæðinu.

Það er skiljanlegt að sumir telji þetta kosningaloforð marklítið af því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi enga tilburði sýnt til að efna loforðið frá því fyrir síðustu alþingiskosningar um að þjóðin fái að kjósa um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið. En á móti má segja að framsetning þessa kosningaloforðs nú auki enn þrýstinginn á forystu Sjálfstæðisflokksins að sýna það – fyrir kosningar – að hún hyggist efna loforðin frá því í kosningabaráttunni í fyrra.

Það liggur allt ljóst fyrir að Reykvíkingar eiga val milli skýrra kosta á hægri og vinstri væng stjórnmálanna, ólíkt því sem þeir halda fram sem segja að í borgarmálunum sé allt komið í einn pólitískan hrærigraut.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Það var lag að fjölga konum

Málsmetandi konur skoruðu á stjórnmálaflokkana í lok síðasta árs að fjölga konum í oddvitasætum á framboðslistum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Framsóknarflokkurinn hefði getað nýtt sér það eftir að Óskar Bergsson hætti og fór. Nei, í stað þess að fá konu í oddvitasætið var ákveðið að fara á fjörurnar við Guðna Ágústsson, fyrrverandi formann, þingmann og ráðherra, sem flestir héldu raunar að væri hættur öllu pólitísku vafstri. Guðrún Bryndís Karlsdóttir, sem er í öðru sæti listans og þar með staðgengill oddvita, segir að það hafi verið gengið fram hjá sér, enginn hafi haft samband við hana um að taka fyrsta sætið, ekki nóg með það heldur hafi ítrekað verið þrýst á hana að hætta. Guðrún Bryndís segir undirbúning nýs lista snúast um gamaldags stjórnmál og þrönga hagsmuni. Kannski er eitthvað til í því.

„Lyklafrumvarpið“

Loksins, loksins fer að skýrast hvað verður með lyklafrumvarpið sem forsætisráðherra boðaði í stefnuræðu sinni í haust að væri í bígerð. Á vefnum spyr.is kemur fram að ákvörðunar sé að vænta í þessari viku. Í svari frá velferðarráðuneytinu til spyr.is segir að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Eygló Harðardóttir velferðarráðherra hafi ásamt sérfræðingum sínum kannað hvernig vandi þeirra sem illa eru staddir vegna húsnæðislána verður hugsanlega leystur – hvort þeir geti hugsanlega gengið út úr skuldbindingum sínum og banki eða lánastofnun tekið við fasteign – af sumum kallað lyklafrumvarp. Ekki mjög skýrt eða skorinort. Það er heldur ekki ljóst af svari ráðuneytisins hvort það verði lagt fram frumvarp eða hvort það verði farið í aðrar aðgerðir. Samkvæmt þingskaparlögum er frestur til að leggja fram frumvörp á vorþingi löngu liðinn. Það er hins vegar hægt að gera það með því að fá samþykkt afbrigði. Orð forsætisráðherra í haust um lyklafrumvarpið vöktu vonir í brjóstum margra skuldara. Það er því ekki nema sanngjarnt að þeir fari að fá skýr svör.

johanna@frettabladid.is

HALLDÓR

Hagur barns er hagur samfélagsins

EINELTI

Ragnhildur Helgadóttir
brottfluttur Grindvíkingur

Nemendur í Grunnskóla Grindavíkur sem rufu þögnina og sögðu frá einelti kennara þurfa nú að sæta ofsóknum frá bæjarbúum. Hópur Grindvíkinga hefur birt undirskriftalista þar sem lýst er yfir stuðningi við kennarann sem beitti ofbeldinu. Þetta er að gerast þrátt fyrir að staðfest hafi verið að um einelti hafi verið að ræða.

Það er sorglegra en tárum taki að verða vitni að því hvað fólk er fljótt að bregðast til varnar fyrir ofbeldismenn og gera lítið úr vitnisburði þolenda. Ábyrgð og skömm þeirra sem taka upp svona undirskriftasöfnun til stuðnings geranda er mikil og ótrúlegt að fólk skuli með þessu niðurlægja og auka á þjáningar þeirra sem brotið hefur verið á.

Viðbrögð skólastjórnenda eru á sama veg og svo virðist sem stjórnendur vilji ekki trúa þessu upp á kennarann, finnst einfaldara að finna að börnunum sem urðu fyrir ofbeldinu og foreldrum þeirra sem reyna að berjast fyrir réttlæti þeim til handa. Hlutverkin hafa skyndilega snúist við og ofbeldismanneskjan komin í stöðu fórnarlambs og börnin orðin að vandamáli. Á sama tíma er enginn stuðningur við börnin sem eru hin raunveruleg fórnarlömb, hvorki frá skóla né öðrum hlutaðeigandi aðilum.

➜ Viðbrögð skólastjórnenda eru á sama veg og svo virðist sem stjórnendur vilji ekki trúa þessu upp á kennarann, finnst einfaldara að finna að börnunum sem urðu fyrir ofbeldinu og foreldrum þeirra sem reyna að berjast fyrir réttlæti þeim til handa.

Börnin stunda nám á skrifstofum bæjarins en kennarinn gegnir sínu starfi áfram í skólanum.

Það er einlæg ósk mín að bæjar- og skólastjórnendur í Grindavík beri gæfu til að bregðast við og taki á mislukkuðum ferlum í eineltismálum sem valda einstaklingum sársauka og niðurlægingu. Hafa skal í huga að hagur barns er hagur samfélags.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Þróunin verður ekki umflúin

TRÚMÁL

Valgarður Guðjónsson
félagi í Siðmennt og Vantrú

Það blasti heldur undarlegur pistill við mér í leiðara Fréttablaðsins 16. apríl sl., skrifaður af Ólafi Þ. Stephensen.

Leiðarinn er sérkennileg blanda af rökleysum og rangfærslum til stuðnings yfirlýsingum Árna Páls um þjóðkirkjuna. Gott og vel, kannski má sýna þessu skilning, það er ekki mikið um rök málinu til stuðnings og því kannski úr litlu að moða.

Höfundur leggur áherslu á söguna og segir að hún verði ekki umflúin. Þótt hlutir hafi verið á einhvern hátt þýðir það ekki að við getum ekki breytt þeim til betri vegar. Það felst gríðarlegt misrétti í ríkiskirkjufyrirkomulaginu hér á landi, það mismunar fólki eftir trúarskoðunum og stangast bæði á við Mannréttindasáttmála Evrópu og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu.

Það nægir að benda á hversu fráleitur þessi málflutningur er með því að skipta út þjóðkirkjunni og setja inn jafnrétti kynja (eða kynþáttafordóma). Hvernig ætli leiðari Fréttablaðsins hefði verið ef innihaldið væri að ekki mætti leiðrétta misrétti kynjanna vegna þess að hér hafi verið misrétti og að sagan verði ekki umflúin?

Flestar fullyrðingar hafa margsinnis verið leiðréttar. Það greiða allir sóknargjöld þeirra sem eru í ríkiskirkjunni. Fjármálaráðherra staðfesti þetta til að mynda í svari 24. mars. Allir greiða háar fjárhæðir til reksturs ríkisrekinnar kirkju fyrir utan þau sóknargjöld sem hún fær. Hluti af því er skýrður með „jarðasamningi“ frá 1997, en bara hluti, við sem erum trúlaus greiðum nefnilega enn meira.

Hausverkur

Ritstjóranum ratast þó rétt á rithönd þegar hann segir að það yrði talsverður hausverkur að reikna út hvað kirkjan ætti að fá (ef nokkuð) ef samningnum um jarðirnar frá 1997 yrði rift. Það veit nefnilega enginn hvaða jarðir þetta voru. Þess vegna veit enginn hversu mikils virði þær eru. Skárstu ágiskanir eru um eða innan við árlegt gjald til kirkjunnar.

Aðrar rökleysur telja lítið, það eru frídagar í flestum nágrannalöndum, alls konar tákn sitja í þjóðfánum og neyðarlegar setningar finnast í mörgum þjóðsöngnum. Fæstar þessara þjóða hafa ríkisrekna kirkju. Og ekkert af þessu réttlætir að ég þurfi að greiða fyrir rekstur trúfélags sem ég vil ekki tilheyra.

Svo nefnir höfundur að við megum ekki gleyma niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar um stjórnarskrána. Nei, við skulum heldur ekki gleyma því hvernig staðið var að henni. Við skulum ekki gleyma að spurningunni var snúið við á kjörseðlinum, ekki gleyma að rangt var farið með grundvallaratriði í kynningarbæklingi, munum að ríkisrekin kirkjan eyddi góðum upphæðum úr sameiginlegum sjóðum til að auglýsa sig og kynna sinn málstað. Og höfum sérstaklega í huga hversu hlutdræg kynning fjölmiðla var, sérstaklega RÚV. Og gleymum ekki að niðurstöðurnar voru í mótsögn við niðurstöður skoðanakannana.

➜ Það nægir að benda á hversu fráleitur þessi málflutningur er með því að skipta út þjóðkirkjunni og setja inn jafnrétti kynja (eða kynþáttafordóma). Hvernig ætli leiðari Fréttablaðsins hefði verið ef innihaldið væri að ekki mætti leiðrétta misrétti kynjanna vegna þess að hér hafi verið misrétti og að sagan verði ekki umflúin?

Trúleysi eykst jafnt og þétt bæði hér og í nágrannalöndum okkar og fer þar eðlilega í takt við betri upplýsingar og meiri menntun.

Fylgjendur ríkiskirkjunnar eru nefnilega á hálum ís þegar þeir nota „meirihlutarökin“ til að réttlæta yfirgang og kúgun og það að ganga á rétt minnihlutans. Það styttist nefnilega í að skráðir trúleysingjar verði hér í meirihluta. Ég á reyndar ekki von á að þeir láti trúaða kenna á „eigin meðulum“ – trúleysi fylgir nefnilega gjarnan talsvert umburðarlyndi.

Það má læra af sögunni, það þýðir ekki að við ætlum að „flýja“ hana, framþróun verður hins vegar ekki umflúin.

Vegna þingsályktunartillögu um mænuskaða

HEILBRIGÐISMÁL

Auður Guðjónsdóttir
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

Nú bíður afgreiðslu Alþingis þingsályktunartillaga um aðgerðir í þágu lækninga á mænuskaða. Tillagan var borin fram af Guðlaugi Þór Þórðarsyni alþingismanni og var studd af tuttugu öðrum þingmönnum. Í tillögunni felast tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin stuðli að því að stofnaður verði hvatningarsjóður undir merkjum Íslands sem veitir viðurkenningar fyrir vísindavinnu sem gagnast má sem innlegg í þróun lækningastefnu fyrir mænuskaða. Í öðru lagi að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að einu af þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem sett verða árið 2015, verði beint að lækningu skaða og sjúkdóma í taugakerfinu.

Bæði atriðin sem hér eru nefnd eru metnaðarfull og framsýn og í beinu framhaldi af þeirri vinnu sem stjórnvöld og Mænuskaðastofnun Íslands hafa nú þegar innt saman af hendi á alþjóðavettvangi.

Að lifa með reisn

Undanfarin misseri hefur Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sent þau boð til þjóða heims að hver og ein þeirra komi með hugmyndir að nýjum þróunarmarkmiðum undir því fororði að allar manneskjur eigi rétt á að lifa með reisn. Fátt er betur til þess fallið að ræna fólk reisn sinni en það að hafa ekki stjórn á líkama sínum eða huga. Áhersla á lækningu skaða og sjúkdóma í taugakerfinu er því grundvallaratriði sem á fullt erindi sem eitt af þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna frá 2015 til 2030. Fimmtán ár ættu að nægja stofnuninni til að hleypa af stokkunum átaki til stuðnings alþjóðlegu taugavísindasviði til betri skilnings á virkni taugakerfisins.

➜ Áhersla á lækningu skaða og sjúkdóma í taugakerfinu er því grundvallaratriði sem á fullt erindi sem eitt af þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna frá 2015 til 2030.

Greinarhöfundur biður alþingismenn og forseta Alþingis vinsamlegast um að afgreiða umræddda þingsályktunartillögu á yfirstandandi þingi og ríkisstjórnina að koma innihaldi hennar fljótt og vel í þann farveg sem hér er talað um.

Nokkurra orða breyting varð að stórum mistökum

UPPLÝSINGALÖG

Svavar Kjarrval
tölvunarfræðingur

Þann 10. apríl síðastliðinn tóku upplýsingalög aftur gildi hér á landi þegar rannsóknarnefnd um fall sparisjóðanna lauk störfum. Næst þegar Alþingi gefur út þingsályktun um að setja á fót rannsóknarnefnd munu þau aftur detta út. Hvernig má það vera? Í lögum um rannsóknarnefndir má finna eftirfarandi ákvæði (1.-2. málsliður 14. gr.):

„Ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki á meðan rannsóknarnefnd er að störfum. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum."

Með þessu ákvæði eru upplýsingalög, greinar 18-21 í persónuverndarlögum og langflestar greinar stjórnsýslulaga ógildar á meðan rannsóknarnefndir eru að störfum. Þetta þýðir að með þingsályktun getur Alþingi tekið úr sambandi afar mikilvæg réttindi sem gerir borgurum og fjölmiðlum kleift að stunda aðhald gagnvart hinu opinbera og sækja rétt sinn.

Góðu og slæmu fréttirnar eru þær að hér var ekki um viljaverk að ræða. Góði hluti þeirra er að allir héldu áfram að veita upplýsingar í samræmi við anda upplýsingalaga og persónuverndarlaga og stjórnsýslan hélt áfram eins og ekkert hefði í skorist. Réttarkerfið er sett upp þannig að í stað þess að allir séu réttlausir er horfið til svokallaðra óskráðra meginreglna en það vekur samt upp lagalega óvissu. Slæmi hluti fréttanna er sá að mistökin komust í gegnum Alþingi og svo virðist vera að enginn hafi minnst á þau opinberlega áður en þau urðu að lögum.

Uppgötvaði ekki mistökin

Sagan byrjaði þegar forsætisnefnd Alþingis setti fram frumvarp um rannsóknarnefndir desember 2010 og þar hljóðaði þetta svo (þingskjal 426 á 139. löggjafarþingi):

„Ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki um störf rannsóknarnefndar. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum." (Parturinn með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var fjarlægður síðar í ferlinu.)

Þar var hugmyndin sú að afgreiðsla beiðna um upplýsingar frá rannsóknarnefndum gætu tafið rannsóknir og jafnvel skaðað rannsóknarhagsmuni. Í febrúarmánuði 2011 kemur allsherjarnefnd Alþingis fram með sitt álit ásamt breytingartillögum. Í umfjöllun um frumvarpið vill nefndin að aðilar mála sem rannsóknarnefndir hafa til skoðunar hafi rétt samkvæmt lögum að biðja um upplýsingarnar eftir að þær hafi lokið störfum.

Hins vegar leggur nefndin til eftirfarandi breytingartillögu (þingskjal 895 á 139. löggjafarþingi):

→ Með þessu ákvæði eru upplýsingalög, greinar 18-21 í persónuverndarlögum og langflestar greinar stjórnsýslulaga ógildar á meðan rannsóknarnefndir eru að störfum.

„Í stað orðanna „um störf rannsóknarnefndar" í 1. málsl. 1. mgr. komi: á meðan rannsóknarnefnd er að störfum."

Raunáhrif tillögunnar voru að í stað þess að takmarka rétt þeirra sem voru undir rannsókn eingöngu, var því breytt þannig að enginn hér á landi hefði þann rétt, og ekki eingöngu gagnvart rannsóknarnefndum. Ekki bætir úr skák að hið breytta frumvarp fór aftur til nefndarinnar og lagði hún til frekari breytingar á þessum sama hluta frumvarpsins án þess að hún hefði uppgötvað mistökin.

Í lagatúlkun er almenna reglan sú að lagatextinn er það sem gildir. Greinargerðir frumvarpa og nefndarálit eru eingöngu til skýringar sem þýðir að jafnvel þótt ætlan allsherjarnefndar hafi verið önnur, þá er raunin sú að um tíma voru engin upplýsingalög í gildi, heldur ekki nokkur ákvæði persónuverndarlaga og þar að auki voru langflestar greinar stjórnsýslulaga ógildar.

Stundum þarf bara ein mistök í einni línu til þess að skaða rétt okkar með afdrifaríkum hætti.

Ársfundur Íslandsstofu

Tækifæri í austri

Mánudagur 28. apríl, kl. 11-13 á Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá

Setning fundar
Vilborg Einarsdóttir,
formaður stjórnar Íslandsstofu

Ávarp ráðherra
Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra

Litið yfir árið
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri
Íslandsstofu

China´s International Relations
Victor Gao, Director of China National
Association of International Studies

Viðskiptatækifæri í austri
Magnús Bjarnason,
forstjóri Icelandic Group

Útflutningsverkefnið ÚH
Útskrift og verðlaunaafhending

Fundarstjóri
Guðbjörg Edda Eggertsdóttir,
forstjóri Actavis

Að loknum framsöguerindum verður boðið upp á veitingar

Skráning á islandsstofa@islandsstofa.is eða í síma 511 4000
Nánari upplýsingar á Islandsstofa.is

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Hugsa fyrst, skemma svo?

UMHVERFISVERND

Sverrir Björnsson
hönnuður

Nú stendur til að leggja sæstreng þvert gegnum hrygningarstöðvar helstu nytjafiska okkar Íslendinga. Línan mun hafa afgerandi áhrif á umhverfið þá áratugi sem hún er á botninum. Segulsvið raflínunnar mun spanna tugi kílómetra og menga stóran hluta af fiski á Íslandsmiðum.

Eftir að raflínan er lögð verður afar erfitt að selja íslenskan fisk sem hreina vöru. Það er reyndar hægt að grafa rafstrenginn í botninn og þá verður engin mengun af honum. Útreikningar sýna að niðurgrafinn strengur er frá því að vera helmingi dýrari upp í fimm sinnum dýrari, en kostnaðurinn er þó bara brotabrot af þeim gífurlegu verðmætum sem eru í húfi.

Hvað finnst þér réttast að gera?

Þá að raunveruleikanum og ágætt er að hafa í huga að á síðasta ári fór ferðamennska fram úr sjávarútvegi sem útflutningsgreinin sem skilar mestum gjaldeyri. Það á að leggja háspennulínu þvert yfir hálendið. Línan á að vera á lofti, hangandi í tugmetra háum möstrum því að það er ódýrara en leggja hana í jörðu. Sjónmengun af línunni mun ná tugi kílómetra, jafnvel hundruð, út frá henni.

Samkvæmt rannsóknum er það óspillt náttúra sem dregur langflesta ferðamenn til Íslands. Það er líka vitað að óspillt víðerni eru það sem erlendum gestum þykir merkilegast við Ísland. Nýja línan mun blasa við öllum sem leggja leið sína um hálendið, stærsta ósnortna víðerni Evrópu. Eftir að línan er komin upp verður tómt mál að tala um hálendið sem óspillt. Væri ekki ráð að hugsa sig nú aðeins um, líta til lengri tíma og reyna að taka þá ákvörðun sem best er fyrir framtíðina og mest viðskiptavit er í?

weber Hágæða flísalím og fúga

DEITERMANN
TECHNOLOGY INSIDE

Weber.xerm. 850 BlueComfort C2TE
kr. **2.790**

Weber.xerm. BlueComfort 852 C2TE S1
kr. **3.990**

Weber.xerm. BlueComfort CE /TE S1 Xtra Flex
kr. **5.290**

Weber.Fug 870 Fúga 1-6 mm CG1 5 kg
kr. **1.690**

Weber.Fug 880 Silicone EC.1. plus 310 ml.
kr. **1.190**

Weber.tec 822 Rakakvoða
8 kg kr. **7.890**
24 kg kr. **19.990**

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið má-fö kl. 8-18

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. apríl 2014 | 29. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

GÖNGUM HREINT TIL VERKS!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ENGINN **ÖRUGGUR** Á INTERNETINU

- Viðtal við Harald Bjarnason, framkvæmdastjóra Auðkennis
- Tölvuárásir eru orðnar stór iðnaður sem sýgur til sín hugvit
- Rafræn skilríki eru öruggasti kostur auðkenningar á netinu

SÍÐA 6 - 7

Vill meira en ellefu milljarða

Þorsteinn Friðriksson, framkvæmdastjóri Plain Vanilla, myndi ekki selja fyrirtækið fyrir eitt hundrað milljónir dala, jafnvirði um 11,2 milljarða króna. Hann sagðist tilbúinn til að hugsa um málið fyrir einn milljarð dala.

Þetta kom fram í viðtali við Þorstein á sjónvarpsstöðinni Fox Business. Í viðtalinu var Þorsteinn spurður út í leik Plain Vanilla, QuizUp, og samstarf við fyrirtæki eins og HBO. Þorsteinn sagði QuizUp vera að þróast í að verða samfélagsmiðill. Spurður um tekjur Plain Vanilla benti Þorsteinn á að engar auglýsingar eru í leiknum. Fyrirtækið væri hins vegar í samstarfi við önnur fyrirtæki um spurningaflokka sem greitt er fyrir.

- skó

Netflix hækkar áskriftargjald

Efnisveitan Netflix hefur tilkynnt hækkun á mánaðargjaldi til nýrra áskrifenda.

Tekjur veitunnar námu rúmlega einum milljarði Bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi. Það jafngildir um 112 milljörðum króna, en um 48 milljónir áskrifenda eru að þjónustunni á heimsvísu.

Áskriftargjaldið hækkar um einn til tvo Bandaríkjadali á mánuði, eftir búsetu, og tekur gildi í lok annars ársfjórðungs. Þeir sem eru nú þegar áskrifendur munu greiða sama gjald og áður næstu tvö árin. Tekjum af hækkuninni er ætlað að fjármagna kaup á meira efni.

- hva

Hagnaður McDonalds minnkar

Hamborgarakeðjan McDonalds hagnaðist um 1,2 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 134,3 milljarða króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hagnaðurinn dróst saman um 5,3 prósent samanborið við fyrsta ársfjórðung 2013.

Verri afkomu má meðal annars rekja til veitingastaða fyrirtækisins í Bandaríkjunum þar sem sölutölur drógust saman um 1,7 prósent. Í tilkynningu McDonalds um árshlutauppgjörið er samdráttur í sölu sagður tengjast slæmu vetrarveðri vestanhafs og aukinni samkeppni skyndibitafyrirtækja á morgunverðarmarkaðinum.

- hg

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

2 Á UPPLEIÐ Félög sem hækkuðu í verði

8 Á NIÐURLEIÐ Félög sem lækkuðu í verði

4 STÓÐU Í STAÐ Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

FJARSKIPTI 19,3% frá áramótum

N1 2% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

BANK NORDIC -15,4% frá áramótum

SJÓVÁ* -1,7% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	144,00	-5,9%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	110,00	-15,4%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	240,00	-8,4%	-0,4%
Fjarskipti (Vodafone)	32,50	19,3%	-0,8%
Hagar	41,95	9,2%	0,0%
Icelandair Group	17,80	-2,2%	1,4%
Marel	113,00	-15,0%	-0,9%
N1	17,75	-6,1%	2,0%
Nýherji	3,50	-4,1%	0,0%
Reginn	16,20	4,2%	-1,2%
Sjóvá*	13,21	-2,1%	-1,7%
Tryggingamiðstöðin	29,00	-9,5%	-0,3%
Vátryggingafélag Íslands	9,43	-12,6%	-0,2%
Össur	253,00	10,5%	-1,2%

*Breyting frá útboði 11. apríl 2014.

Úrvalsvísitalan OMXI6	1.184,72	-5,9%	0,1%

First North Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	20,00	50,9%	0,0%
HB Grandi	31,00	40,9%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	0,0%	0,0%

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 23. apríl
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vinnumarkaður í mars 2014
- Verðmæti sjávarafla janúar-desember 2013
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir maí 2014
- Mannfjöldinn á 1. ársfjórðungi 2014

Föstudagur 25. apríl
- Fjöldi útgefinna vegabréfa
- Vísitala kaupmáttar launa í mars 2014
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í mars 2014
- Mánaðarleg launavísitala í mars 2014
- Greiðslujöfnunarvísitala í maí 2014

Mánudagur 28. apríl
- Nýskráningar og gjaldþrot í mars 2014

Þriðjudagur 29. apríl
- Aðalfundur Sjóvá
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í mars
- Vísitala neysluverðs í apríl 2014
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
- Össur – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt
- Vís – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt

Miðvikudagur 30. apríl
- Vöruskipti við útlönd
- Vísitala framleiðsluverðs í mars 2014
- Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2014
- Nýherji – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt
- Icelandair Group – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Samtök iðnaðarins segja nýjar tölur sýna að engin þensla sé að myndast á íbúðamarkaði:

Nýjar íbúðir anni ekki eftirspurn

Samtök iðnaðarins (SI) sjá engin merki um þenslu á íbúðamarkaði. Fjöldi íbúða í byggingu er samkvæmt nýrri talningu samtakanna töluvert undir árlegri þörf markaðarins.

„Ef horft er til þess að 1.500-1.800 íbúðir þurfi árlega ættu rúmlega þrjú þúsund íbúðir að vera í byggingu núna en þær eru einungis 2.017 á öllum byggingarstigum. Er þá miðað við að byggingartími sé 24 mánuðir," segir í frétt á vef SI.

Þar segir að 891 íbúð, á nokkrum byggingarstigum, frá fokheldum til fullbúinna eigna, sé nú í byggingu.

„Síðustu ár hefur meginþörfin verið lögð á stærri eignir og hefur það skapað þörf fyrir smærri eignir. Þetta kom berlega í ljós fyrir stuttu þegar 25 litlar íbúðir án bílakjallara seldust upp á einum sólarhring," segir í frétt SI. - hg

FRAMKVÆMDIR Rúmlega tvö þúsund íbúðir á öllum byggingarstigum eru nú í byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rammi keypti 22,5% í Primex á Siglufirði

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur selt Ramma hf. eignarhlut sinn í Primex ehf. Útgerðarfyrirtækið á nú 72,86 prósenta hlut í líftæknifyrirtækinu. Primex vinnur efnið kítósan úr rækjuskel.

LÍFTÆKNI
HARALDUR GUÐMUNDSSON | HARALDUR@FRETTABLADID.IS

Útgerðarfyrirtækið Rammi hf. í Fjallabyggð hefur keypt 22,5 prósenta hlut Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í siglfirska líftæknifyrirtækinu Primex ehf.

Kaupverðið er trúnaðarmál. Rammi á nú 72,86 prósenta hlut í fyrirtækinu en Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað á um 14 prósent og Samherji hf. á Akureyri tæp átta prósent.

„Við ætlum að halda áfram á sömu braut, sem felur í sér þróun og útflutning á vörum Primex til Asíu, Ameríku og Evrópu," segir Ólafur Helgi Marteinsson, framkvæmdastjóri Ramma og Primex.

Líftæknifyrirtækið var stofnað á Siglufirði árið 1997 og þar starfa nú fjórtán manns. Fyrirtækið vinnur efnið kítósan úr rækjuskel. Efnið er notað í vörur á borð við lyf, fæðubótarefni, smyrsl, snyrtivörur og matvæli. Heimsþekkt fyrirtæki á borð við Loréal, Wella og Herbalife eru á meðal viðskiptavina Primex. Yfir milljarði króna hefur verið varið í uppbyggingu verksmiðju fyrirtækisins á Siglufirði, í rannsóknir, þróun og markaðsstarf.

Primex hagnaðist um rúmar 82 milljónir króna árið 2012 og 43 milljónir árið áður. Eigið fé var jákvætt um 259,7 milljónir króna

KÍTÓSAN Primex framleiðir meðal annars megrunarvörur og vörur undir merkjunum LipoSan og ChitoClear. MYND/PRIMEX

við árslok 2012, samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins.

„Það var hagnaður í fyrra en hann var minni en árið 2012," segir Ólafur, spurður um afkomu fyrirtækisins.

„Það sem hamlar vexti okkar helst er að við þurfum meira hráefni. Við tökum rækjuskel frá öllum verksmiðjum á Íslandi nema einni en þessi hráefnisskortur tengist aðallega því hversu lítil rækjuveiði er við Ísland," segir Ólafur. Hann segir innflutning á rækjuskel í skoðun.

Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, segir sjóðinn hafa verið virkan þátttakanda í starfi Primex um langt skeið.

HELGA VALFELLS

„Við vorum búin að vera þarna frá 1998 og áhættan sem fylgir fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum hafði minnkað. Þannig að okkar hlutverki var lokið og nú getum við notað söluandvirðið í aðra hluti," segir Helga.

Fyrirtæki í eigu LinkedIn kynnti í síðustu viku app sem um 50 þúsund manns hafa þegar hlaðið niður:

Nýtt app SlideShare í 188 löndum

Um fimmtíu þúsund farsímaeigendur hafa hlaðið niður nýju appi bandaríska fyrirtækisins SlideShare. Appið gerir notendum kleift að skoða kynningarglærur og önnur skjöl í farsímum.

Fyrirtækið, sem er í eigu LinkedIn, gaf appið út miðvikudaginn 16. apríl síðastliðinn og hóf þá dreifingu um allan heim.

„Viðtökur notenda fyrstu vikuna hafa verið mjög góðar og appið er með 4,4 stjörnur í Google Play, sem er það hæsta sem nokkurt app í LinkedIn-fjölskyldunni er með," segir Andri Heiðar Kristinsson, þróunarstjóri hjá SlideShare.

„Á þessum fyrstu dögum hafa notendur náð sér í appið frá flestum löndum í heiminum, alls frá 188 löndum."

Andri bætir því við að fyrirtækið ætli, í ljósi góðra undirtekta, að fara í frekari kynningu og markaðssetningu á næstu vikum. SlideShare rekur einnig stærstu vefsíðu sinnar tegundar með um 70 milljónir notenda.

- hg / fbj

Í HÖFUÐSTÖÐVUNUM Andri segir markmiðið að ná inn tíu milljónum notenda á fyrsta árinu. MYND/AÐSEND

MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

**Svíþjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.
Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.
Þetta er heimili Volvo XC60. Bíll sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.
Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.**

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60

VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.
VOLVO.IS

**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSILVÉL
MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI**

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO_2 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Viltu skipta um g

Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarka

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lýsingar er nýr kostur á markaðnum** sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

Tryggingar · **Vegaaðstoð** · **Eldsneyti** · **Viðhald og viðgerðir** · **Fjármögnun** · **Dekkja-þjónusta** · **Lánsbíll** · **Þjónusta**

JANÚAR

Lýsing hf. ◆ Ármúla 1 ◆ 108 Reykjavík ◆ Sími 540 1500 ◆ lysing.is ◆ lysing@lysing.is

ír á markaðnum?

ð kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Flotaleiga Lýsingar – Traustur pakki

Einbeittu þér að því sem þú gerir best
Áhyggjulaus rekstur bílaflotans, við stöndum vaktina með þér.

Þú veist hvað þú greiðir
Föst mánaðargreiðsla í allt að þrjú ár.

Sveigjanleiki
Það er hægðarleikur að breyta samningstíma.

Þú nýtur stærðarinnar
Hagkvæmnin sem skapast við stærð Lýsingar skilar sér til þín í lægri greiðslu.

Nýir bílar nýtast best
Með nýjum bílaflota nærðu aukinni hagkvæmni í rekstri og minni röskun verður á daglegri starfsemi.

Einföld verðskrá
Allur kostnaður við almennan akstur og þjónustu er innifalinn.

Frábær yfirsýn
Viðskiptavinir, sem þess óska, fá aðgang að upplýsingum úr ökurita sem auðveldar stýringu og eftirlit með stærri flota.

Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar á lysing.is

Lýsing

TÖLVUÞRJÓTAR ERU IÐNAÐARMENN Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis, segir iðnaðinn í kringum tölvuárásir fara sífellt stækkandi, þar starfi fólk í hefðbundinni dagvinnu við það eitt að gera árásir á aðra.

Við erum aldrei 100 prósent örugg á ne

Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Auðkenni, sem gefur út rafræn skilríki í samstarfi við ríkið og tölvuárásir vera að stækka mikið. Mikil verðmæti séu geymd á internetinu og grípa þurfi til aðgerða til að upplýsingar

VIÐTAL
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Auðkenni er félag sem var stofnað árið 2000 af bönkunum og fleirum til þess að stuðla að bættu öryggi á netinu og sinna öryggismálum fyrir þessa aðila.

Haraldur Bjarnason er framkvæmdastjóri Auðkennis sem hefur verið í samstarfi við ríkið, bankana og nú nýlega símafyrirtækin, til að tryggja rafrænt öryggi með sem bestum hætti. Haraldur segir venjulegt fólk sífellt eiga á hættu að verða fyrir árásum tölvuþrjóta sem starfa á sívaxandi svörtum markaði við slíkar árásir. Ástæðan er sífellt meira magn af verðmætum sem við geymum á netinu.

Fyrirtækið er hvað þekktast fyrir auðkennislykilinn svokallaða sem var notaður til að bæta öryggi í netbönkum, en fyrirtækið hefur fært sig yfir í rafræn skilríki í samstarfi við ríkið og bankana og hefur starfað við þá innleiðingu síðan á árinu 2007.

En hvaða upplýsingar eigum við að vera hrædd um að komist í rangar hendur og hvernig gerist það?

Persónuupplýsingar til sölu

„Það eru aðallega tvenns konar leiðir til að komast yfir upplýsingar annarra. Í fyrsta lagi svokölluð innbrot í þjónustuveitur, en það er ekkert sem einstaklingar geta gert í slíkum tilfellum. Þar er miklu magni af notendaupplýsingum stolið. Þessi tegund innbrota hefur aukist mikið síðustu ár, til dæmis var brotist inn hjá Playstation Network, þar sem notendaupplýsingum á borð við notendanöfn, lykilorð og kreditkortaupplýsingar var stolið. Þarna er verið að nýta sér veikleika hjá þjónustuaðilanum. Margir aðilar hafa lent í þessu eins og til dæmis LinkedIn, Adobe, Vodafone Ísland og aðrir," segir Haraldur.

Hann segir þessar upplýsingar þá ýmist til sölu eða stolið í einhverjum öðrum annarlegum tilgangi, allt frá pólitískum til fjárhagslegs.

„Þessi iðnaður er að stækka mikið af því að þarna eru svo mikil verðmæti," segir Haraldur.

Hann segir hina leiðina vera svokallaðar „beinar árásir" á einstaklinga. Annars vegar á marga í einu, sem sé vel þekkt. „Þá er kannski búið að setja einhverja veiru á netsíður, en í skýrslu sem kom nýlega út kom í ljós að í kringum 85 prósent af svæðum eða síðum sem eru að sýkja fólk með einhverjum óværum eða vírus koma frá bara „löglegum" síðum, það er að segja síðum sem fólk fer fullkomlega grunlaust inn á og treystir algerlega. Sem dæmi þá komust aðilar í fyrra inn á heimasíðu NBC-fréttastofunnar og notuðu þá síðu til að dreifa vírus. Fólk fór einfaldlega inn á fréttasíðuna og þá sýktist tölvan þeirra. Í þessu tilfelli fékk fólk lítinn hugbúnað inn á tölvuna sína sem var notaður til þess að stela bankaupplýsingum í gegnum netbanka, stela notendanöfnum og lykilorðum, og þegar fólk síðan fór inn á heimabankana sína þá gátu þeir notað upplýsingarnar og stolið peningum," segir Haraldur.

Hann segir fólk oft halda að svona óværur komist bara inn í tölvurnar í gegnum síður sem það myndi skammast sín fyrir að fara inn á en svo sé aldeilis ekki.

„Svona er staðan hérna á Íslandi líka, það er fullt fullt af síðum sem eru að dreifa einhverju svona, án þess menn viti endilega af því, það getur verið í rauninni hver sem er," segir Haraldur.

Hann segir svona beinar árásir einnig geta beinst gegn ákveðnum einstaklingum, þær séu vel þekktar í fjármálageiranum þar sem auðugt fólk er sigtað út svo hægt sé að hafa af því fé í gegnum netið.

9-5 vinna við tölvuárásir

„Þessi iðnaður er að stækka svo rosalega, það er til fólk sem mætir bara í níu til fimm vinnu úti í löndum bara til að gera árásir. Það er orðinn til svo rosalega mikill peningur á netinu, við erum búin að setja svo mikið af verðmætum þangað, hvort sem það er beint eins og á netbönkum eða bara viðskipta- eða iðnaðarupplýsingar eða hvað sem er. Svo er þetta einnig gert til að skemma orðspor aðila, ábatinn er svo rosalega mikill. Það fer fullt af kláru fólki, mikið hugvit í þennan bransa til að komast í öll þessi verðmæti. Þessi heimur er sem fyrr segir mikið að stækka og þetta er náttúrulega heimur án landamæra. Þú getur gert hvað sem er hvar sem er," segir Haraldur.

Gefa sér að allar tölvur séu sýktar

Enisa, sem er öryggisstofnun Evrópusambandsins í netmálum, ráðlagði bankastofnunum í skýrslu árið 2012 meðal annars að gera alltaf ráð fyrir því að allar vélar sem notaðar eru af viðskiptavinum væru sýktar með einhverjum veirum og því þyrfti að byggja upp allar varnir með það í huga. „Þjónustuaðilar eiga að gera ráð fyrir því að allt umhverfi sé sýkt af einhverjum veirum og byggja varnir sínar upp þannig. Þetta er bara orðið það erfitt og algengt að þetta er eina ráðleggingin – allt er sýkt. Og þetta er bara að aukast. Það er svo rosalega mikið af verðmætum sem hægt er að ná í með þessum hætti að það þarf svo lítið brot til að það borgi sig," segir Haraldur.

Hann segir svarta markaðinn með þessar upplýsingar vera mjög aðgengilegan. „Þú getur keypt þér netárás, bara með kreditkorti. Getur keypt þér galla eða veikleika sem fundist hafa í hugbúnaði eða stýrikerfi, til að nýta þér til að gera árás. Það er erfitt fyrir fólk að sjá þetta, það þarf að passa að uppfæra alltaf tölvuna sína til að koma í veg fyrir að einhver geti nýtt sér veikleika sem komið hafa í ljós til að komast í tölvuna," segir Haraldur.

Þurfum að hlaupa hraðar en aðrir

Hann segir einstaklinga og samfélagið geta gert ýmislegt til að verja sig. „Við getum byggt upp okkar varnir þannig að við séum minna áberandi og aðlaðandi fyrir þessa aðila, þegar allt kemur til alls eru þetta bara „business"-menn að meta hvar hagstæðast sé fyrir þá að gera árás, hver ábatinn sé og hver kostnaðurinn sé. Ef það er erfiðara að gera árás hér frekar en annars staðar þá fara þeir bara eitthvert annað. Við sem samfélag getum gert mjög margt til að tryggja að við séum öruggari en aðrir. Við verðum aldrei 100 prósent örugg, þetta þróast svo hratt, það eina sem við getum gert er að reyna að hlaupa hraðar en aðrir sem samfélag," segir Haraldur.

Rafrænu skilríkin öruggust

Hann segir rafrænu skilríkin virka þannig að þau séu almennt talin öruggasta auðkenningarleiðin, notandinn er alltaf með auðkennið á sér, hvort sem það er í debetkorti eða SIM-kortinu á símanum. „Það er ekkert hægt að ræna því miðlægt, eins og til dæmis það sem gerðist hjá Vodafone þar sem auðkennin fóru öll á flakk. Lykilorðið er alltaf hjá notandanum og varið mjög vel," segir Haraldur.

Hann segir þó að í sumum tilfellum skipti auðkenningin engu máli. „Ef það er einhver inni í tölvunni hjá þér eru þessar varnir allar jafn öruggar – eða óöruggar," segir Haraldur.

Aðspurður um það hvað svona aðilar hafa að gera með upplýsingar fólks frá samskiptasíðum eins og Facebook eða Snapchat, sem báðar hafa orðið fyrir svona árásum, segir Haraldur að hægt sé að nota svona einstaklingsupplýsingar á ýmsan máta.

Ekki nota sama lykilorðið

„Fólk er oft að nota sömu lykilorðin á öllum þessum síðum og þá er hægt að nota þau til að gera árás annars staðar þar sem eru kannski verðmæti. Þetta er eitt af því sem fólk kannski áttar sig ekki á," segir Haraldur. Hann segir glórulaust að nota sama lykilorðið á til dæmis Facebook og í netbankanum, þó manni geti verið sama um hver komist inn á samfélagssíður þá gildir ekki hið sama um heimabankann. Þá sé það einnig þekkt að einkaupplýsingar séu notaðar til þess að kúga fólk ef það er hægt.

„Sumar veitur eins og til dæmis Facebook og Google bjóða upp á tveggja kerfa varnir, þannig að þú þarft til dæmis alltaf að fá einnota lykilorð sent með sms-skilaboðum ef þú ferð inn á þessar veitur í tölvu sem þú hefur ekki notað áður, auk þess að slá inn notendanafn og lykilorð," segir Haraldur.

40 þúsund nota rafræn skilríki

Hann segir nú þegar 250 þúsund Íslendinga komna með debetkort sem innihaldi rafrænt skilríki. Þar af eru 40 þúsund einstaklingar búnir að virkja skilríkin sem slík.

„Það er hægt að nota þau núna

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

VIÐ EIGUM SAMLEIÐ

Sigga Beinteins, Guðrún Gunnars og Jógvan Hansen flytja skemmtilega söngdagskrá sem þau hafa unnið saman undir heitinu „Við eigum samleið“ í kvöld, síðasta vetrardag, í Salnum í Kópavogi. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 og á dagskránni eru þekktar perlur úr íslenskri dægurlagasögu.

NÁTTÚRULEG LAUSN VIÐ LIÐVERKJUM

ICEPHARMA KYNNIR *Regenovex er ný kynslóð af liðvernd sem hefur virkað vel. Hýalúrónsýra viðheldur heilbrigðum liðum og liðleika. Bionovex-olía hefur bólgueyðandi eiginleika.*

Einar Már Aðalsteinsson, 44 ára, hafði stundað fjallgöngur um árabil þegar verkir í hnjám fóru að hrjá hann. Hann prófaði Regenovex og árangurinn lét ekki á sér standa.

„Ég hef alltaf verið mikið í íþróttum og stundað fjallgöngur undanfarin ár,“ segir Einar. „Um mitt síðasta sumar fór ég að finna fyrir miklum verkjum í hnjám og gat ekki stundað göngur eða íþróttir eftir það. Eftir nokkra mánuði hafði ég náð litlum bata. Þá var mér bent á að prófa Regenovex-vörurnar. Eftir einungis um það bil mánaðarnotkun fór ég strax að finna mun á mér og gat farið að byrja að stunda hlaup og fjallgöngur á ný.

Ég mæli með að allir þeir sem finna fyrir eymslum í hnjám eða öðrum liðum prófi Regenovex. Það er vel þess virði að prófa ef maður getur byrjað að hreyfa sig aftur.“

GOTT FYRIR KROPPINN

Regenovex inniheldur einstaka samsetningu tveggja virkra náttúrulegra efna, bionovex-olíu og hýalúronsýru. Vörurnar eru góður kostur fyrir þá sem leita að náttúrulegri leið til að meðhöndla liðverki og byggja upp og viðhalda heilbrigðum liðum. Allar Regenovex-vörurnar má nota samhliða bólgueyðandi lyfjum.

HÝALÚRÓNSÝRA

Hýalúrónsýra er lykilefni í brjóski og í liðvökvanum í liðamótum. Hýalúrónsýra er talin auka virkni liðvökvans, sem virkar smyrjandi og höggdeyfandi á liðina. Með aldrinum gengur á þessar birgðir og með því að taka inn Regenovex endurhlöðum við þessar birgðir líkamans.

BIONOVEX-OLÍA

Bionovex-olía hefur bólgueyðandi eiginleika. Þegar magn og gæði liðvökvans sem umlykur liðina er ekki nægjanlegt geta myndast bólgur og sársauki. Bionovex-olían er unnin úr grænkræklingi og er því náttúruleg. Bionovex-olían inniheldur einstaka ómega 3-olíu sem finnst aðeins í þessari tegund grænkræklings og hefur sýnt bólgueyðandi eiginleika.

FANN MIKINN MUN „Ég mæli með að allir þeir sem finna fyrir eymslum í hnjám eða öðrum liðum prófi Regenovex,“ segir Einar Már Aðalsteinsson. MYND/EINAR MÁR AÐALSTEINSSON

VIRKAR VEL Regenovex samanstendur af perlum til inntöku, geli og plástri til að viðhalda heilbrigðum liðum.

Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

SIXTIES LÍNAN

JAZZ Turquoise sófi 228 cm | kr. 202.800

OSLO
Skrifborð
kr. . 126.300

REVIR
Tekk stóll
kr. 139.900

FLINGA
Tímaritahilla
20x160 cm
kr. 16.900

OSLO
160x45x63
kr. 152.800

RETRO
Sófi
170 cm
kr. 169.800

Litir: Grásvartur / Fjólublár / Sand

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

STYTTIST Í GOTT GÖNGUSUMAR

ÚTIVERA *Sífellt fjölgar þeim Íslendingum sem stunda gönguferðir og fjallaklifur. Göngumenn landsins eru farnir að huga að gönguferðum sumarsins.*

Það styttist óðum í vorið, að minnsta kosti á suðvesturhorni landsins, og fiðringur er kominn í göngumenn landsins. Sífellt fleiri Íslendingar stunda gönguferðir og fjallaklifur og eftir kalt og blautt sumar í fyrra hafa sjálfsagt margir miklar væntingar til sumarsins fram undan. Gönguferðir eru holl og góð samverustund fyrir fjölskylduna og raunar fólk á öllum aldri að sögn Skúla H. Skúlasonar, framkvæmdastjóra Útivistar. Stofnkostnaður þarf alls ekki að vera hár fyrir þá sem vilja byrja að ganga reglulega. „Fyrst og fremst þarf að huga að góðum gönguskóm. Það er hægt að komast af án ýmissa hluta en skórnir þurfa að vera góðir. Einnig er mikilvægt að vera í regnþéttum fatnaði því veður breytist fljótt hér á landi.“

Fyrir byrjendur er fjöldi viðráðanlegra gönguleiða á suðvesturhorni landsins, auk smærri fjalla. „Fjöll eins og Esjan, Helgafell og Úlfarsfell eru klassísk fjöll til að byrja á. Bæði má klifra upp á topp en ekki síður eru skemmtilegar gönguleiðir í nágrenni þeirra. Einnig má nefna Reykjanesskagann, sem er töluvert vanmetinn að mínu mati. Hann býr yfir miklum fjölda skemmtilegra gönguleiða, auk fjölda smærri fjalla sem flestir ættu að ráða við.“

Fjöldi góðra og skemmtilegra göngubóka hefur verið gefinn út hérlendis undanfarna áratugi, auk þess sem nálgast má kort með gönguleiðum á heimasíðum fjölda sveitarfélaga og í upplýsingamiðstöðvum ferðamanna.

Göngur eru frábær fjölskylduskemmtun en stundum þurfa foreldrar að glíma við þreytt börn og unglinga sem þarf að hvetja áfram. Skúli hefur góð ráð við þeirri áskorun. „Reynsla mín er sú að flest börn geti gengið alveg ótrúlega lengi ef athygli þeirra er beint að einhverju skemmtilegu. Það getur tengst því umhverfi sem gengið er í eða bara verið spjall um daginn og veginn. Ef athygli þeirra er leidd frá líkamlegri áreynslu geta þau nánast gengið endalaust og oft lengur en fullorðið fólk.“

ÞJÓÐLEIÐ
Leggjabrjótur er vinsæl gönguleið sem liggur milli Botnsdals í Hvalfirði og Þingvalla.
MYND/GRÉTAR W. GUÐBERGSSON

GÖNGUGARPUR
Skúli H. Skúlason er framkvæmdastjóri Útivistar.
MYND/ÚR EINKASAFNI

HEILSUNAMMI Í FERÐALAGIÐ EÐA GÖNGUTÚRINN

Raritet kynnir Chimes-engiferbita sem eru bæði afar hollir og bragðgóðir.

Íaldaraðir hafa íbúar Austur-Jövu í Indónesíu ræktað engifer í nærringarríkum jarðvegi eldfjallaeyjunnar. Þessi ræktun er með sérstöku bragði sem ekki er auðvelt að ná fram annars staðar í veröldinni, svo einstakt er það.

Í dag eru Chimes-engiferbitarnir seldir um allan heim, enda eru þeir sérlega bragðgóðir og heilsubætandi á marga vegu. Þeir fást í Lyfjum og heilsu, Apótekaranum, Lyfjaveri, Lifandi markaði, Lyfjavali, Árbæjarapóteki og flestum öðrum apótekum um land allt, auk þess í völdum verslunum Olís og 10-11.

Engifer þykir virka vel til að draga úr bílveiki, flugveiki og gegn morgunógleði, tíðaverkjum og hitakófi. Einnig er engifer mikið notað til að bæta meltingu og ónæmiskerfi.

Það sem skiptir mestu máli er að Chimes-engiferbitarnir eru frábærir á bragðið og góðir sem nammi til að styrkja sál og líkama í amstri dagsins.

Þú verður að prófa.

CHIMES-HEILSUBITAR
Engiferbitar sem bæta meltinguna og styrkja ónæmiskerfið.
MYND/PJETUR

SUMAR ÚTSALA

25%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LEGSTEINUM

Við bjóðum
VARANLEGT LETUR
sem endist í yfir 100 ár

Endurmerkjum eldri legsteina með varanlegu letri

Graníthöllin
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði 555-3888



VÍÐA FJÖR Á SUMARDAGINN FYRSTA

SKRÚÐGÖNGUR OG SKEMMTANIR *Í flestum bæjarfélögum eru haldnar skrúðgöngur og ýmsar skemmtanir á morgun þegar sumarið gengur í garð.*

Sumardagurinn fyrsti er alltaf á næsta fimmtudegi á eftir 18. apríl og er því á bilinu 19. til 25. apríl. Hann er um leið fyrsti dagur í hörpu. Hann er almennur frídagur og einn af íslensku fánadögunum. Sumardagurinn fyrsti var áður fyrr mesta hátíð hér á landi næst jólunum. Sumargjafir eru þekktar frá sextándu öld og eru miklu eldri en jólagjafir.

Síðustu hundrað ár hafa verið haldnar skrúðgöngur skáta á sumardaginn fyrsta og mikið um að vera fyrir börnin á þessum skemmtilega degi í flestum bæjarfélögum.

Í miðbæ Reykjavíkur heldur Bandalag íslenskra skáta og Skátasamband Reykjavíkur upp á daginn og hefst hann með skátamessu í Hallgrímskirkju. Í Vesturbænum hefst skrúðganga klukkan ellefu frá Melaskóla að hátíðarsvæði við Frostaskjól. Þar verður fjölbreytt sumarhátíð í samstarfi við ÍTR frá ellefu til eitt. Í Árbænum verður Skátafélagið Árbúar með skrúðgöngu frá Árbæjarlaug að Árbæjarkirkju og opið verður í skátaheimilinu frá klukkan eitt til þrjú. Í Grafarvogi verður skrúðganga frá Spönginni klukkan 11.30 að Rimaskóla þar sem verður fjölbreytt dagskrá. Breiðhyltingar geta farið á hátíð við félagsmiðstöðina Hólmasel þar sem verða ýmis skemmtiatriði frá klukkan eitt.

Í Kópavogi hefst dagskráin með skátamessu í Lindakirkju klukkan ellefu. Skrúðganga fer frá Digraneskirkju að Fífunni þar sem verður fjölskylduskemmtun frá klukkan tvö, hoppukastalar og skátaleikir.

Skátafélagið Vífill í Garðabæ verður með skrúðgöngu frá Vídalínskirkju að Hofsstaðaskóla og hefst gangan klukkan tvö. Hátíðarhöld verða svo við Hofsstaðaskóla.

Í Hafnarfirði leiðir Skátafélagið Hraunbúar skrúðgöngu klukkan 13.45 frá Víðistaðakirkju að Thorsplani. Þegar skrúðgangan lendir þar hefst skemmtidagskrá í umsjón Hraunbúa sem stendur til klukkan fjögur.

SKÁTAR Í SKRÚÐGÖNGU Skátar fara víða fyrir skrúðgöngum á sumardaginn fyrsta. MYND/DANÍEL

Skátafélagið Mosverjar leiðir skrúðgöngu í Mosfellsbæ klukkan eitt frá Bæjartorginu að Lágafellsskóla. Þar tekur Skólahljómsveit Mosfellsbæjar á móti skrúðgöngunni. Í og við Lágafellsskóla verður svo fjölskyldudagskrá til klukkan fjögur.

Hátíð verður í íþróttahúsi Seltjarnarness. Skrúðganga verður farin frá sundlaug Seltjarnarness. Eftir skrúðgöngu verður dagskrá í íþróttahúsinu þar sem ýmislegt skemmtilegt verður í boði.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Fjölmennt.

Ótvíræðir yfirburðir

BluEarth

YOKOHAMA

#1 Minnsta eldsneytiseyðslan
#1 Besta gripið á þurrum vegi
#1 Hljóðlátasta dekkið

YOKOHAMA dekkin eru léttari og hafa betri loftmótstöðu en sambærileg dekk, sem þýðir að þú kemst lengra á lítranum!

Í dekkin er notuð appelsínuolía sem er umhverfisvænni en hefðbundin olía og veldur því að gúmmíið í dekkinu harðnar síður við lækkandi hitastig og viðheldur öflugu gripi.

YOKOHAMA BluEarth er hljóðlátasta dekkið í sínum gæðaflokki en mynstrið gefur ekkert eftir varðandi veggrip.

TÜV SÜD í Þýskalandi framkvæmdi viðamikla rannsókn á eiginleikum eldsneytissparandi dekkja. Þessi rannsókn staðfesti árangur YOKOHAMA.

DEKKJAHÖLLIN
www.dekkjahollin.is
facebook /dekkjahollin

Framúrskarandi fyrirtæki 2010-13

AKUREYRI
Draupnisgötu 5
462 3002

EGILSSTAÐIR
Þverklettum 1
471 2002

REYKJAVÍK
Skeifunni 5
581 3002

REYKJAVÍK
Skútuvogi 12
581 3022

VORBÓKATÍÐINDI

MIÐVIKUDAGUR **23. APRÍL 2014**

Bókaþjóðinni vel tekið erlendis

Miðstöð íslenskra bókmennta er meðal annars ætlað að styrkja útgáfu íslenskra ritverka og útgáfu erlendra bókmennta á íslenskri tungu, kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis og stuðla að útbreiðslu þeirra og efla bókmenningu á Íslandi.

Miðstöð íslenskra bókmennta er ætlað að veita styrki til útgáfu innanlands og til þýðinga úr erlendum málum yfir á íslensku. Einnig að efla enn frekar bókmenntakynningar og skapa starfsumgjörð sem er til þess fallin að fylgja eftir hinu mikilvæga átaki stjórnvalda á bókasýningunni í Frankfurt haustið 2011 að koma íslenskum bókum á framfæri erlendis. „Við veitum styrki til erlendra útgáfa sem vilja þýða íslenskar bækur og gefa út. Einnig veitum við íslenskum höfundum styrki til að fara erlendis að kynna verk sín og jafnframt þýðendum sem vilja koma hingað og þýða íslensk verk," segir Þorgerður Agla Magnúsdóttir, fagstýra bókmennta og kynninga hjá Miðstöðinni.

Alþjóðlegar bókakaupstefnur mikilvægar

„Stór hluti af okkar starfi er að kynna íslenskar bækur erlendis og í því felst meðal annars að fara á alþjóðlegar bókakaupstefnur. Við vorum einmitt á einni slíkri í London fyrir tveimur vikum sem gekk mjög vel. Þetta eru fagmessur þar sem útgefendur hittast og fólk úr bókabransanum skiptist þar á fréttum og skoðunum. Einnig fundum við með erlendum útgefendum, bæði þeim sem áður hafa gefið út verk eftir íslenska höfunda og þeim sem við vonum að muni verða útgefendur íslenskra höfunda í sínu heimalandi. Þar kynnum við fyrir þeim það helsta sem er að gerast í íslenskum bókmenntum á hverjum tíma."

Sá hluti starfsemi Miðstöðvarinnar sem vakið hefur hvað mesta athygli hér heima eru svokallaðir Nýræktarstyrkir sem hafa verið veittir síðan 2008. „Nýræktarstyrkirnir eru veittir nýjum höfundum einu sinni á ári og er það þakklátt og skemmtilegt vorverk."

Takmarkinu náð

Miðstöðin var sett á stofn í upphafi árs 2013 og tók þar með við hlutverki Bókmenntasjóðs og skrifstofu hans og einnig eftirfylgni við Frankfurtarverkefnið, þar sem Ísland var heiðursgestur á stærstu bókasýningu heims í Frankfurt árið 2011. „Fyrir bókasýninguna í Frankfurt var sett það takmark að út kæmu á þýsku hundrað íslenskar bækur í nýjum þýðingu sem og verk um Ísland og að auka alvöru umfjöllun um íslenskar bókmenntir í þýskum fjölmiðlum. Í stuttu máli sagt þá gekk þetta mjög vel, takmarkinu var náð og gott betur en það. Tvö hundruð og þrjátíu íslenskar bækur sem og verk um Ísland komu út á þýsku. Þetta hefur einnig haft alþjóðleg áhrif, við sjáum það og finnum að Ísland er komið vel á kortið. Sem dæmi má nefna að Amazon Crossing, sem er bókaútgáfa vefverslunarinnar Amazon, ákvað í tilefni þess að Ísland var heiðursgestur á bókasýningunni í Frankfurt 2011 að gefa út tíu íslenska titla á ensku og kom síðasta bókin, Hjartastaður eftir Steinunni Sigurðardóttur, út í síðasta mánuði."

Gengið vel í Frakklandi

Þorgerður Agla segir að auk þess sem enskumælandi heimurinn er að taka við sér hafi íslenskum höfundum gengið mjög vel í Frakklandi. „Á síðasta ári voru gefnar út á frönsku bækur eftir á annan tug íslenskra höfunda. Arnaldi Indriðasyni gengur gríðarlega vel og Auður Ava Ólafsdóttir hefur notið mikillar velgengni þar síðan skáldsaga hennar, Afleggjarinn, kom út á frönsku og hefur sú bók selst í nokkur hundruð þúsundum eintaka í Frakklandi. Þá hefur til dæmis Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson, sem er fyrsta bók höfundar sem gefin er út á frönsku, hlotið mikið lof og verið verðlaunuð, auk þess að hafa selst í tugum þúsunda eintaka."

Þorgerður Agla Magnúsdóttir er fagstýra bókmennta og kynningar hjá Miðstöð íslenskra bókmennta. Stór hluti af hennar starfi felst í því að kynna íslenskar bækur erlendis.

MYND/DANÍEL

Bókaþjóð í útrás

Íslendingar hafa löngum kallað sig bókaþjóð og virðist stefna í að við verðum einnig kölluð það á alþjóðavísu. „Það má segja að við séum að uppskera út frá því sem við kunnum og gerum vel. Hópur íslenskra höfunda er nú kominn með umboðsmann erlendis en það þekktist vart fyrir um tíu árum. Frakkar hafa til dæmis talað um að það sé gaman að því hvernig íslenskir höfundar segja sögur. Þær bækur sem hafa slegið í gegn þar eru mjög fjölbreyttar og alls ekki sama bókmenntategundin," segir hún.

„Næstu þrjú ár er fyrirhugað að leggja áherslu á bókmenntakynningu á Norðurlöndunum og efla útgáfu íslenskra bóka þar. Það hefur gengið nokkuð vel í Danmörku og Noregur er að taka við sér en við vildum gjarnan sjá fleiri íslensk verk útgefin út í Svíþjóð og Finnlandi. Sem hluti af Norðurlandaátakinu munum við um miðjan maí í samstarfi við sendiráð Íslands í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn bjóða þarlendum útgefendum á kynningu á íslenskum bókmenntum þar sem bæði íslenskur höfundur og bókmenntafræðingur verða með í för," segir Þorgerður Agla að lokum.

Dagur bókabúða í fyrsta sinn

Dagur bókabúða verður haldinn í fyrsta skipti á laugardaginn, 26. apríl. Barnabókum verða gerð sérstök skil á þessum degi og ýmsar skemmtilegar uppákomur í boði. Þeir sem kaupa barnabók fá aðra bók fría en bæði gamlar og nýjar bækur eru í boði.

Kristján Freyr Halldórsson, verslunarstjóri í bókaverslun Máls og menningar á Laugavegi, segir að þessi vika sé bókavika og margt um að vera. „Sú hugmynd kviknaði hjá Félagi bóksala að halda Dag bókabúðanna. Bóksalar hafa alltaf haldið upp á Viku bókarinnar og Dagur bókarinnar er í dag. Okkur langaði hins vegar til þess að hefja bókabúðina til vegs og virðingar. Það hafa verið frábærar viðtökur hjá bóksölum gagnvart þessum degi," segir hann. „Við hvetjum foreldra til að koma með börnin sín í bókabúð á laugardaginn, enda skemmtilegt að koma og skoða fjölbreytt úrvalið," segir Kristján Freyr.

Barnabækur verða í forgrunni á Degi bókabúða á laugardaginn. Hér er Kristján Freyr með skemmtilegar bækur.
MYND/PJETUR

Ókeypis bók

„Við ætlum að gera það sem við gerum best á laugardaginn, mæla með bókum og veita góða þjónustu. Við ætlum að sýna ástríðu okkar, sem er að versla með bækur," segir hann enn fremur. „Við lítum ekki á bókina sem kalda verslunarvöru og viljum hvetja til þess að fólk heimsæki sína bókabúð. Það leynast mörg ævintýri í bókabúðum. Á þessum fyrsta degi bókarinnar verða barnabækur í hávegum hafðar. Í þeim flokki er margt og mikið í boði. Gaman væri að fá fólk á öllum aldri til að kynna sér úrvalið. Ef fólk kaupir eina barnabók fær það aðra fría í kaupbæti. Það verður heilmikið um tilboð og viðburði í bókabúðum á laugardaginn. Bókaútgefendur tóku vel í að gera þennan dag sem bestan og við bjóðum bæði nýjar og eldri barnabækur í úrvali."

> Við ætlum að gera það sem við gerum best á laugardaginn, mæla með bókum og veita góða þjónustu.

Fjársjóður í eldri bókum

Kristján bendir á að eldri barnabækur séu ekki síður mikill fjársjóður en þær nýrri. „Við viljum skapa faglega umræðu um barnabækur og bókalestur. Einnig er þetta gert til að benda á líftíma bóka, bækur eru jafngóðar sama hversu gamlar þær eru. Hver og einn bóksali mun síðan útfæra daginn eftir sínu höfði og ekki ólíklegt að skemmtilegar uppákomur, tónlist eða annað verði í boði. Þetta er dagur sem er kominn til að vera og við hlökkum til að halda upp á hann. Það er góð samvinna á milli bókabúða. Við veitum til dæmis bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana á hverju ári og höfum veitt sérstök verðlaun til bóksala sem hafa sett bækur í forgrunn. Bragi Kristjónsson er handhafi þeirra verðlauna núna," segir Kristján Freyr.

Rithöfundasambandið hefur aðsetur í húsi Gunnars Gunnarssonar skálds.

Félagsaðstaða rithöfunda

Rithöfundasamband Íslands er stéttarfélag rithöfunda og eiga íslenskir rithöfundar rétt á félagsaðild, auk erlendra rithöfunda sem hafa fasta búsetu hér á landi. Áður en sambandið var stofnað fyrir fjörutíu árum störfuðu hér tvö rithöfundarfélög. Fyrstu samtök íslenskra rithöfunda voru stofnuð árið 1928 og þá sem deild innan Bandalags íslenskra listamanna.

Tilgangur Rithöfundasambandsins er meðal annars að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og að verja frelsi og heiður bókmenntanna.

Sækja þarf sérstaklega um aðild að sambandinu. Inntökunefnd þess fjallar ítarlega um hverja beiðni en enginn getur orðið félagsmaður nema með honum mæli meirihluti inntökunefndar.

Rithöfundasambandið hefur aðsetur í húsi Gunnars Gunnarssonar skálds við Dyngjuveg 8 í Reykjavík. Gunnarshús, eins og húsið er nefnt, á sér merkilega sögu. Annars vegar var þar síðasti bústaður rithöfundarins og Franziscu eiginkonu hans. Hins vegar er húsið merkur áfangi í sögu byggingarlistar hér á landi. Árið 1991 keypti Reykjavíkurborg húsið en Franzisca Gunnarsdóttir, sonardóttir skáldsins, var hvatamaður þess að það yrði gert að félagsaðstöðu rithöfunda.

Í Gunnarhúsi eru meðal annars húsgögn sem Franzisca Gunnarsdóttir afhenti sambandinu til varðveislu. Einnig má þar sjá myndir eftir Gunnar Gunnarsson yngri, úr Fjallkirkjunni og Sonnettusveignum, sem sambandinu voru færðar að gjöf við vígslu hússins.

Sumarið 1997 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og Rithöfundasambandsins um ótímabundin afnot sambandsins af húsinu við Dyngjuveg.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512-5442
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Bækur eru tímalausar gjafir!

IÐA

Tilboðin gilda til og með 28. apríl



Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík opið 9 - 22 alla daga

Fögnum vori
með fjölbreyttri útgáfu

Við fengum nokkra úr Forlagsfjölskyldunni til að segja frá sínum uppáhaldsbókum ...

„Passíusálmarnir hafa lengi verið mér kærir og þó sér í lagi þessi fallega útgáfa með myndskreytingum Barböru Árnason, sem nú er búið að færa í nánast upprunalegt horf.“

Jóhann Páll Valdimarsson,
útgefandi



„Ljóðasafn Gerðar Kristnýjar geymir öll frábæru ljóðin hennar. Við erum afskaplega stolt af þessari veglegu útgáfu sem er falleg bæði að innan og utan.“

Sigþrúður Gunnarsdóttir,
ritstjóri

„Sögusafn bóksalans er fullkomin bók fyrir þá sem lesa mikið. Falleg og áhrifarík saga sem er stútfull af bókmenntavísunum sem gleðja alla lestrarhesta.“

Haukur Olavsson,
vörustjóri

„Það kemur kannski einhverjum á óvart hversu dyggur aðdáandi Maxa ég er. Skýringin liggur í því að ég get lesið bókina bæði sem afþreyingu og sem tilraunakennda matreiðslubók.“

Nói,
þróunarstjóri

„Kroppurinn er kraftaverk er dásamleg bók sem allir ættu að lesa, bæði börn og fullorðnir. Líkamsvirðing er mikilvæg öllum. Svo eru teikningarnar æðislegar.“

Erna Arnardóttir,
skrifstofa

„Ég lét loksins undan þrýstingi og las mína fyrstu Jack Reacher-bók og varð síður en svo fyrir vonbrigðum. Sprúðlandi hasar og spenna alveg frá fyrstu blaðsíðu.“

Árni Þór Árnason,
kynningarstjóri

Ljóð:

VÆNTANLEG

Klassík:

VÆNTANLEG

Vorbókatíðindi Forlagsins

Yndislestur:

Útivist:

VÆNTANLEG



VÆNTANLEG

Barnabækur:

VÆNTANLEG
Í MAÍ

Fræði:



VÆNTANLEG

VÆNTANLEG
Á ENSKU

www.forlagid.is - alvöru bókabúð á netinu | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

FORLAGIÐ

Bækur útgefnar 2014

BARNABÆKUR

Andrés Önd og bátaleigan með upplestri
Walt Disney

Bambi: Leitin að fiðrildinu
Walt Disney

Bangsímon: Skólafjör
Walt Disney

Dúmbó með nýtt atriði með upplestri
Walt Disney

Engan asa, Einar Áskell
Gunilla Bergström

Felustaðirnir hans Hermanns
Karen Emigh

Góða nótt, Einar Áskell
Gunilla Bergström

Hvar er Valli? – Hollywood
Martin Handford

Hvar er Valli? – Ævintýraferðin
Martin Handford

Hver brunar svona hjá?
Thomas Muller

Hver tók skóinn minn
Karen Emigh

Kroppurinn er kraftaverk
Sigrún Daníelsdóttir

Krummahöllin
Björn Daníelsson

Kuggur 11 – Listahátíð
Sigrún Eldjárn

Kuggur 12 – Ferðaflækjur
Sigrún Eldjárn

Leitin að geislasteininum – kilja
Iðunn Steinsdóttir

Maxímús Músíkús kætist í kór
Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson

Mikki og trukkarnir
Walt Disney

Mógli og kyrkislangan Ka með upplestri
Walt Disney

Nanna krass á fleygiferð
Laura Owen og Korky Paul

Nanna pínulitla
Laura Owen og Korky Paul

Óvættaför 14
Adam Blade

Puti í kexinu
Björn Daníelsson

Risasyrpa – Sægarpar
Walt Disney

Risasyrpa - Villta Vestrið
Walt Disney

Skrifum og þurrkum út - Hvað er klukkan
Jessica Greenwell

Skrifum og þurrkum út – Völundarhúsið
Jessica Greenwell

Skúli skelfir – Martröð
Francesca Simon

Skúli skelfir – Risaeðlurnar
Francesca Simon

Spekisögur frá ýmsum löndum
Ýmsir höfundar



Strandið í ánni
Björn Daníelsson

Vetrarríki Elsu og Önnu með upplestri
Walt Disney

Þankastrik 1 – 2014
Walt Disney

Þankastrik 2 – 2014
Walt Disney

Þrautabók Nönnu Nornar
Valerie Thomas og Korky Paul

Öskubuska: Að klæða sig
Walt Disney

UNGLINGABÆKUR

Afbrigði – kilja
Veronica Roth



Andóf – innbundin
Veronica Roth

Andóf – kilja
Veronica Roth

Skrifað í stjörnurnar
John Green

ÍSLENSK SKÁLDVERK

Ég man þig – kilja
Yrsa Sigurðardóttir

Fiskarnir hafa enga fætur – kilja
Jón Kalman Stefánsson

Grimmd – kilja
Stefán Máni

Íslenskar þjóðsögur
Jón Árnason

Lygi – kilja
Yrsa Sigurðardóttir

Mánasteinn – kilja
Sjón

Stúlka með maga – kilja
Þórunn Erlu Valdimarsdóttir

Sæmd – kilja
Guðmundur Andri Thorsson

ÞÝDD SKÁLDVERK

Að gæta bróður míns – kilja
Antti Tuomainen

Áður en flóðið kemur – kilja
Helena Thorfinn

Basil fursti, Raunir Stellu - 8. hefti
Höfundur óþekktur

Bernska
Lev Tolstoj

Eða deyja ella – kilja
Lee Child

Eftirköstin – kilja
Rhidan Brook

Heiður – kilja
Elif Shafak

HHhH – kilja
Laurent Binet

Húsið við hafið – kilja
Nora Roberts

Konungsmorðið – kilja
Hanne Vibeke-Holst

Leynierindrekinn
Joseph Conrad

Marco-áhrifin – kilja
Jussi Adler-Olsen

Og fjöllin endurómuðu – kilja
Khaled Hosseini

Ólæsinginn – kilja
Jonas Jonasson

Óskalistinn – kilja
Grégoire Delacourt

Paradísarfórn – kilja
Kristina Ohlsson

Sannleikurinn um mál Harrys Quebert – kilja
Joël Dicker

Stelpa fer á bar – kilja
Helen S. Page

Sverðagnýr I: Stál og snjór – kilja
George R.R. Martin

Sögusafn bóksalans – kilja
Gabrielle Zevin

Verjandi Jakobs
William Landay

Æska – kilja
Lev Tolstoj

LJÓÐ

Frá hjara veraldar
Melitta Urbancic

Innri rödd úr annars höfði
Ásdís Óladóttir

Ljóðasafn Gerðar Kristnýjar
Gerður Kristný

Passíusálmar
Hallgrímur Pétursson

Passíusálmarnir
Hallgrímur Pétursson og Barbara Árnason

Slitinn þráður úr köngulóarvef
Sigurður Jón Ólafsson

Steinn Steinarr Ljóðasafn
Steinn Steinarr

Tautar og raular
Þórarinn Eldjárn

WIFI ljóðin
Adolf Smári Unnarsson

FRÆÐI

Fléttur III - Jafnrétti, menning, samfélag
Annadís G. Rúdolfsdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir

Hallgrímur Pétursson

Karl Sigurbjörnsson

Hamskiptin
Ingi Freyr Vilhjálmsson

Hinumegin við fallegt að eilífu – kilja
Katherine Boo

Hugsað með Platoni
Svavar Hrafn Svavarsson ritstýrði

Marteinn Lúther - Svipmyndir úr siðbótarsögu
Gunnar Kristjánsson

Milli mála 2013
Ásdís R. Magnúsdóttir, Erla Erlendsdóttir og Rebekka

HANDBÆKUR

155 Ísland – plastkápa
Páll Ásgeir Ásgeirsson

30 dagar – leið til betri lífsstíls
Davíð Kristinsson

5:2 mataræðið
Dr. Michael Mosley og Mimi Spencer

5:2 mataræðið með Lukku í Happ
Unnur Guðrún Pálsdóttir

Eldhúsið okkar
Magnús Ingi Magnússon

Fyrst ég gat hætt þá getur þú það líka
Valgeir Skagfjörð

Táknmál drauma
Sigrún Gunnarsdóttir

Verum græn! Ferðalag í átt að sjálfbærni
Ásthildur Björg Jónsdóttir, Ellen Gunnarsdóttir og Gunndís Ýr Finnbogadóttir

ÆVISÖGUR

Hljóðin í nóttinni : minningasaga – kilja
Björg Guðrún Gísladóttir

Sigrún og Friðgeir: ferðasaga – kilja
Sigrún Pálsdóttir





Sumarbækur Uglu





Ugla

Kíktu inn á nýjan vef midi.is
Betra viðmót, fallegra útlit og virkar í öllum tækjum!



Kauptu miða í símanum
Nú er auðveldara að kaupa miða úr símanum og spjaldtölvunni.

Finndu viðburði fljótt og auðveldlega
Tónleikar, kvikmyndir, leikhús, íþróttir og margt fleira.

NÝR VEFUR MIDI.IS **ER KOMINN Í LOFTIÐ!**

540 9800 | midi.is

midi.is

JANÚAR

Bókmenntaborgin Reykjavík

Á vefsíðunni bokmenntaborgin.is geta unnendur bókmennta af öllum toga kynnt sér bókmenntalífið í höfuðborginni en Reykjavík var útnefnd Bókmenntaborg UNESCO árið 2011, fyrst borga utan ensks málsvæðis.

Reykjavík varð fimmta borgin í heiminum til að hljóta útnefninguna Bókmenntaborg UNESCO í ágúst 2011 og sú fyrsta utan ensks málsvæðis. Þar með gekk borgin í Samtök skapandi borga UNESCO (Creative Cities Network), samtök borga víðs vegar um heim sem standa framarlega á sviði lista og menningar.

Á vefsíðunni bokmenntaborgin.is geta unnendur bókmennta af öllum toga kynnt sér bókmenntalífið í höfuðborginni og þau verkefni sem Bókmenntaborgin stendur að. Lára Aðalsteinsdóttir, kynningarfulltrúi Bókmenntaborgarinnar, bendir meðal annars á viðburðadagatal Bókmenntaborgarinnar og Bókmenntamerkingar víða um borgina.

Viðburðadagatalið:

„Inn á sérstakt viðburðadagatal á heimasíðunni söfnum við saman öllu því helsta sem er að gerast í bókmenntalífinu í borginni, viðburðum og fleiru," útskýrir Lára. Meðal þess sem er á döfinni næstu daga eru Sögustund fyrir börn í aðalsafni Borgarbókasafnsins, sunnudaginn 27. apríl, Skapalónið: lifandi ritsmiðja undir stjórn Davíðs Stefánssonar, ljóðskálds og bókmenntafræðings, og Myndasögusmiðja undir stjórn Þorbjargar Karlsdóttur.

Einnig má nefna sérstaklega Andrými, samkomu þar sem fólki gefst tækifæri til að hittast og spjalla um orðlist, bókmenntir og bókmenntalífið í borginni. Samkomurnar verða á barnum í Tjarnarbíói annan miðvikudag í mánuði hverjum og standa yfir frá kl. 20-22. Andrýmið er vettvangur þar sem bókmenntafólk kemur saman og gefur sér tóm til að ræða málin.

Bókmenntakort og bókmenntagöngur

Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur undanfarin ár boðið upp á bókmenntagöngur í höfuðborginni, svo sem ljóðagöngur, þjóðsagnagöngur, skáldagöngur í Hólavallagarði, glæpasagnagöngur og barnabókmenntagöngur svo eitthvað sé nefnt.

Nú eru bókmenntagöngurnar komnar á rafrænt form svo hægt er að njóta leiðsagnar hvenær sem hverjum og einum hentar. Appinu er einfaldlega hlaðið niður af vefnum bokmenntaborgin.is.

Bókmenntamerkingar

„Undanfarin ár höfum við einnig verið að kortleggja bókmenntalífið í borginni. Bókmenntamerkingunum var nýlega fjölgað úr sjö í tólf víðsvegar um borgina," útskýrir Lára. „Þær eru eitt af okkar stóru verkefnum."

Lára Aðalsteinsdóttir við bókamerkinguna í Pósthússtræti 5. Bókmenntamerkingarnar er að finna víða um borgina og geta vegfarendur skannað inn QR-kóða í snjallsíma og hlustað á upplestur. Nú eru merkingarnar tólf talsins og verið er að setja upp fimm nýjar merkingar nú í vor. MYND/VILHELM

Inni á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um hvar Bókmenntamerkingar er að finna. Meðal annars má nefna Hannesarholt, Hressingarskálann, Pósthússtræti 5 og Skáldastíg.

Þá má einnig benda á Skáldabekkina svokölluðu sem er að finna víðsvegar um borgina en á þá sest fólk einfaldlega og skannar inn QR kóða í snjallsíma til að hlusta á upplestur.

DAGUR BÓKARINNAR...

LÉTTAR VEITINGAR • LIFANDI TÓNLIST • GOTT FÓLK

Þórarinn Eldjárn og **Anton Helgi Jónsson** lesa úr nýútkomnum verkum sínum í Bókabúð Máls og menningar

í dag, kl. 17

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

VORSPRENGJA

30-70%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

NÝ SENDING

- **KJÓLAR FRÁ 3,990.-**
- **BUXUR FRÁ 4,990.-**
- **MUSSUR FRÁ 6,990.-**

OFL.OFL.
FRÁBÆRT TILBOÐ

OPIÐ Á MORGUN 13-18

BÍLAR & FARARTÆKI





M.Benz B200 CDI Blue Efficiency Diesel 3/2012 ek.4þús. Leður. Engin skipti. Ásett verð 5.490.000.- Rnr.104277

Kia Sorento III Ex Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Búinn í 60þús km skoðun. Ásett verð 4.990.000.- Rnr.286048

Lada Sport árg 2014. Beinskiptur. Abs hemlar. Innspýting. NÝR BÍLL. Ásett verð 2.690.000.- Rnr.286463

Toyota Land Cruiser 90 Gx 35" Diesel 6/1999 ek.185þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 1.690.000.- Rnr.286430

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

RENAULT TRAFIC DIESEL LANGUR Árgerð 2007 Ekinn 104 Þ.KM Verð kr. 1.690.000

RENAULT MASTER VAN STUTTUR Árgerð 2006. Ekinn 106 Þ.KM Verð kr. 1.590.000.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2012, ekinn 11 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.140596.

MERCEDES BENZ E 300 cdi. Árgerð 2010, ekinn 154 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.990562.

KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.990644. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

til sölu

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu

Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

Land Rover Freelander 2007 Ekinn 119 þús. km. Verð 2.990.000 Uppl. s. 6174549

250-499 þús.

SPRIBAUKUR
TILBOÐ 450 ÞÚS
CHERVOLET MATIZ S 800 árg 2006 ek 122 þús, ný skoðaður 15, 5 dyra, beinskiptur eyðir undir 5ltr/100 ásett verð 650 þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á visaláni s.841 8955

500-999 þús.

SJÁLFSKIPTUR-
100% VÍSALÁN !
NISSAN PRIMERA ACENTA 2004 ek.151 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 15, bakkmyndavél, magazine, ofl. mjög góður akstursbíll, ásett verð 950 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fellihýsi

Vinnuvélar

Traktorsgrafa óskast Verðh.1 milljón. Er ennig að leita af dráttavélavagni. Uppl. í s. 8434904

Bátar

Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Bílaþjónusta

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Hjólbarðar

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi, Opel. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia, Renault, Volvo S40-S70, Mazda 323. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

PJÓNUSTA

Pípulagnir

VANTAR ÞIG PÍPARA ?
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Bókhald

SKATTFRAMTAL 2014
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

MÁLARAMEISTARI
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS
Búslóðaflutningar, pianóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsaviðhald

Tek að ýmis smærri verkefni. Uppl.8478704,manninn@hotmail.com

LEKUR ÞAKIÐ ?
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002

SPÁSÍMI 908-6116
Ástir, fjármál & heilsa.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta

Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

KEYPT & SELT

Til sölu

FERÐAÞJÓNUSTUADILAR !
Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.

Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

MJÖG GOTT VERÐ

Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

Óskast keypt

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA.
SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Ýmislegt

BAADER 47.
Roðflettivél til sölu. Nýuppgerð, ný gírhús báðum meginn. Nýr mótor, legur og fóðringar. Flakareim og korper. Uppls. veitir Pálmi í s. 892-1089.

HEILSA

Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu 55fm íbúð á Álftanesi. Leigist frá 01. maí. Uppl. í s. 699 7887

TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
gsm 824 4535
leiga@leiguherbergi.is

Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð í Rvk. Uppl. í s. 783 9978.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST
Cafe bleu Kringlunni óskar eftir vönum manni í eldhús. Unnið á vöktum 2-2-3 framtíðarvinna.
Upplýsingar í síma 899 1965

VDO Borgardekk

OKKUR VANTAR VANANN MANN Á DEKKJAVERKSTÆÐI OKKAR.
Leitum að áreiðanlegum, stundvísum og duglegum manni með reynslu á hjólbarðaverkstæði til starfa yfir dekkjatörnina og hugsanlega lengur.
Áhugasamir sendi upplýsingar á verslun@vdo.is eða hafið samband í síma 588 9747 & 892 0902

Bráðvantar duglegan starfskraft karl eða konu um óákveðin tíma. Uppl. í síma 895-3389

Óska eftir að ráða mótasmiði eða smíðahópa og kranamann sem fyrst. Umsóknir með upplýsingar um fyrri störf sendist á tm.vinna@gmail.com

STARFSKRAFTUR ÓSKAST
Í rótgróna veiðibúð í Rvk. Um sumarstarf er að ræða. Þekking á veiðiskap stundvísi og góð framkoma skilyrði
Ferilskrá sendist á zircon@simnet.is

ÍSLENSKI BARINN
Opnar í byrjun maí í Ingólfsstræti 1a. Erum að leita eftir þjónum til starfa bæði á fullar vaktir og hlutastarf. Nánari upplýsingar postur@islenskibarinn.is eða 8921735 Veronika

Leita að fagmanni til að gera við þak á húsi.Uppl. s: 6110545.

Zinkstöðina vantar starfsfólk til framtíðarstarfa við málmhúðun, íslensku kunnátta nauðsynleg og vera orðinn 20 ára. Uppl. gefur Ragnar í s. 896 5759

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

GOTT NUDD
35 ára íslensk kona býður þér gott nudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8130.

Fundir

Þriðjudaginn 5. maí 2014 verður aðalfundur Félags íslenskra félagsliða haldinn í húsi BSRB, Grettisgötu 89, 1. hæð. Fundurinn byrjar kl.17:00 og hvetjum við alla félagsliða til að mæta á fundinn.

Aðalfundur 2014 – fundarefni:
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning formanns.
6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikning.
7. Önnur mál.

- Mætum timanlega.
- Léttar veitingar í boði að fundi loknum
- Fagnælan verður til sölu á staðnum á 2000 kr.
- Penni merktur félaginu á 500 kr.
- Minnislykil 5.000. kr. og lyklabönd 1.500 kr.

– Munið reiðufé.

Stjórn Félags íslenskra félagsliða.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

skemmtanir

fasteignir

TRAUSTI fasteignasala

Heilsárshús - Borgarfirði

Glæsilegt heilsárshús í nágrenni Grímsár í Borgarfirði.
Eignin er 89.8 m2 að stærð og stendur á 4600 m2 eignarlóð.
Eignin er laus við kaupsamning. **Verð kr. 29.500.000**

Nánari upplýsingar veitir Rúnar Þór Árnason sölufulltrúi í síma 690-0595 eða runar@trausti.is

KRISTJÁN BALDURSSON hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

tilboð óskast



TILBOÐ ÓSKAST Í BYGGINGAKRANA

Kraninn sem er af gerðinni **Terex Comedil** CBR 32 Plus árgerð 2007, stendur uppsettur og úttekinn að Smiðshöfða 3-5, 110 Reykjavík.

Tilboðum skal skila á útboðsvef vis.is, fyrir kl. 13.00 þann 28. apríl 2014.

Tilboðsverð þarf að vera með virðisaukaskatti og verð miðast við staðgreiðslu.

ATH! Kraninn hefur ekki lent í tjóni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

atvinna

Vísir hf óskar eftir að ráða yfirvélstjóra til afleysingar á Pál Jónsson GK 7 dagana 27.apríl- 11.maí
Páll Jónsson er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 856-5700, 861-1309 eða 856-5765.
www.visirhf.is.

VÍSIR

SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

s. 777 2 333

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Garðaskóli
- aðstoðarskólastjóri
- enskukennari

Sjálandsskóli
- kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni, afleysingar

Álftanesskóli
- forstöðumaður Elítunnar
- umsjónarkennari í 1. bekk
- grunnskólakennari í stærðfræði og ensku í 8.-10. bekk
- heimilsfræðikennari

Flataskóli-leikskóladeild
- leikskólakennari
- deildarstjóri, afleysingar

Lundaból
- sérkennslustjóri
- leikskólakennari

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar,
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

fundir / mannfagnaður

Aðalfundur

Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 8. maí 2014 kl. 20 í SíBS húsinu að Síðumúla 6 (2.hæð lyfta).

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf,
samkvæmt lögum samtakanna
Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin.

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA

EFLING STÉTTARFÉLAG

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags 2014

Aðalfundur Eflingar - stéttarfélags 2014 verður haldinn á Grand Hótel þriðjudaginn 29. apríl 2014. Fundurinn hefst kl. 20.00

Dagskrá:
1. **Venjuleg aðalfundarstörf**
2. **Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs**
3. **Önnur mál**

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 22.apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

FASTEIGNIR.IS

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA

VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

tinu

g fleiri, segir iðnað við séu sem öruggastar.

> Þetta þróast svo hratt, það eina sem við getum gert er að reyna að hlaupa hraðar en aðrir sem samfélag.

hjá yfir 70 þjónustuaðilum á netinu, skattinum til dæmis og rafrænni Reykjavík. Rafrænu skilríkin almennt getur þú notað hjá yfir 120 þjónustuaðilum. Hugsunin er að vera með eitt lykilorð að öllu. Fólk getur valið einhverja af þessum leiðum til að vera öruggari," segir Haraldur.

Samstarfið lykilatriði

Hann segir samstarfið við ríkið, bankastofnanir og fleiri aðila vera lykilatriði. „Það er svo rosalega dýrt og stórt mál að koma svona samstarfi á, fá heila þjóð til að mæta á staðinn, gera grein fyrir sér og sækja þessi skilríki. Eina leiðin er að allir vinna saman. Þá er hægt að nota sama auðkennið við að sækja þjónustu hvort sem er hjá ríki eða bönkunum eða hvar sem er. Þetta er ekkert hægt alls staðar, Bandaríkjamenn til dæmis gætu ekki gert þetta, þeir vita ekki hvað helmingurinn af þjóðinni heitir, hvað þá að íbúar séu með kennitölur. Þetta getum við og ættum að notfæra okkur," segir Haraldur.

Hann segir aðalatriði að gera Ísland minna aðlaðandi fyrir þessa óprúttnu aðila. „En það er ljóst að árásin á Vodafone hefur vakið athygli aðila á Íslandi, þetta var „wakeup call" fyrir okkur. Því oftar sem svona atvik koma upp þeim mun meiri athygli veita svona aðilar okkur," segir Haraldur.

Hvað eru rafræn skilríki?

Rafræn skilríki eru skilríki í rafrænum heimi. Þau geta verið á ólíkum miðlum og notuð í ýmsum tilgangi. Mikilvægt skref í almennri notkun fólks og fyrirtækja á rafrænum skilríkjum á Íslandi er útgáfa rafrænna skilríkja á debetkortum. Rafræn skilríki sem gefin eru út á debetkortum uppfylla íslenskar og evrópskar lagareglur og eru liður í því að auka öryggi og trúnað í rafrænum samskiptum.

Skilríkin byggja á öruggustu tækni sem þekkist í heiminum og miða að því að auka öryggi í rafrænum samskiptum. Með rafrænum skilríkjum er hægt að auðkenna sig og undirrita skjöl rafrænt. Rafræn skilríki er hægt að nota til auðkenningar og undirskriftar. Auðkenning með rafrænum skilríkjum kemur í stað notkunar á notandanafni og lykilorði. Sömu skilríki eru notuð til auðkenningar hjá öllum sem bjóða upp á auðkenningu með rafrænum skilríkjum. Ekki þarf að muna sérstakt notendanafn og lykilorð fyrir hvern og einn, aðeins eitt PIN-númer.

Þegar borin er saman hætta á árás þegar upplýsingar eru varðar með rafrænum skilríkjum annars vegar og einungis notendanafni og lykilorði hins vegar kemur í ljós að hættan með notendanafni og lykilorði er talsvert miklu meiri heldur en þegar notast er við rafræn skilríki. Hættan á því að einhver komist yfir notendanafn og lykilorð er flokkuð í hæsta áhættuflokk en rafræn skilríki eru ein þau öruggustu sem notuð eru.

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook

facebook.com/PeugeotIceland

GREIPUR GÍSLASON

Við erum frekar illa stödd í framleiðslu hönnunar

Greipur Gíslason er verkefnastjóri hjá hönnunarhátíðinni HönnunarMars sem haldin var hátíðleg í lok síðasta mánaðar.
Íslenskir hönnuðir og arkitektar komu saman á hátíðinni sem spannar langa helgi og boðið er til ótal viðburða innsetninga og sýninga.
Á hátíðinni er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi.
Þá er haldin svokölluð kaupstefna eða DesignMatch þar sem íslenskum hönnuðum gefst kostur á að hitta alþjóðlega kaupendur.
Greipur fer yfir HönnunarMars, gildi hans og fjárhagslega þýðingu ásamt því að ræða nýja hönnunarstefnu stjórnvalda sem nýlega var gefin út og hvaða áhrif hún mun hafa í nýjasta þætti Klinksins sem má sjá á forsíðu Vísis.

klinkið
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Vitalið við Greip Gíslason má sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**

DesignMatch – Kaupstefnumót

„Hugmyndin er að reyna að búa til viðskiptasamband, annaðhvort tekur fyrirtækið hönnuðinn upp á sína arma og felur honum að hanna eitthvað sem fyrirtækið vantar í sína vörulínu eða tekur eitthvað sem hönnuðurinn hefur þegar gert og setur í alþjóðlega dreifingu. Þetta hefur verið algjörlega 50/50 hingað til. Það er umhugsunarefni fyrir okkur hér á Íslandi að mjög stór hluti af virðisaukanum sem verður til við þessi viðskiptasambönd verður til erlendis vegna þess að hér er ekki framleiðslugeta. Við erum frekar illa stödd í framleiðslu hönnunar. Þetta stendur greininni og íslenskum iðnaði fyrir þrifum."

„Okkar helsta markmið er að koma sem flestum í skilning um að hönnuðir geta hjálpað til á mjög mörgum sviðum, ekki bara við að teikna stólana sem við sitjum í. Hönnunarferlið og hugsunarháttur hönnuða og það sem þeir hafa lært er orðið mjög eftirsóknarvert inn í kerfi stórra og lítilla fyrirtækja, jafnvel ríkja og borga."

Vitið þið hversu miklum verðmætum við missum af vegna þess að við höfum svona takmarkaða framleiðslugetu hérlendis?

„Nei, því miður. Það er kannski næsta skref og þess er getið í hönnunarstefnunni að það þarf að fara að skrásetja meira veltu og hagræn áhrif þessara greina, við erum hluti af þessum skapandi greinum, það er búið að gera forrannsóknir á því. Við viljum auðvitað gera meiri rannsóknir – þetta eru tölur sem okkur vantar."

- Yfir tíu prósent þjóðarinnar sækja HönnunarMars.
- Um 300 til 400 hönnuðir taka þátt á ári hverju.
- Skjólstæðingar Hönnunarmiðstöðvar eru yfir 1.000 í ýmsum félögum hönnuða.
- HönnunarMars er hátíð allrar hönnunar, allt frá textíl og fatahönnun til arkitektúrs, gullsmíða, grafískrar hönnunar og svo framvegis. Sviðið er gríðarlega víðfeðmt.

„ÉG HELD AÐ HÖNNUNARMARS SÉ EKKI SÍST ÆTLAÐUR TIL AÐ STUÐLA AÐ VITUNDARVAKNINGU UM ÍSLENSKA HÖNNUN OG ÞAU TÆKIFÆRI SEM ÞAR ERU OG ÞÁ ERUM VIÐ EKKI BARA AÐ TALA UM DISKAMOTTUR EÐA GLASABAKKA SEM MARGIR TENGJA VIÐ ÍSLENSKA HÖNNUN, ÞESSA GJAFAVÖRU, HELDUR LÍKA UM ÞAU TÆKIFÆRI SEM FELAST Í HENNI Á STÓRA SKALANUM."

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Styður Njarðvíkurliðin og Barcelona

Margrét Sanders, formaður SVÞ og framkvæmdastjóri hjá Deloitte, hefur starfað hjá fyrirtækinu síðastliðin fimmtán ár. Hún lærði íþróttafræði, lauk MBA-námi frá WCU í Norður-Karólínu og elskar spænska fótboltann.

SVIPMYND
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Núna boða stjórnvöld miklar breytingar sem tengjast verslun og þjónustu eins og niðurfellingar á vörugjöldum, lækkun á tollum og samning með landbúnaðarvörur erlendis. Það eru því spennandi tímar fram undan," segir Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) og framkvæmdastjóri hjá Deloitte.

Margrét var sjálfkjörin formaður SVÞ á aðalfundi samtakanna í mars. Hún tók þá við keflinu af nöfnu sinni Margréti Kristmannsdóttur, sem hafði verið formaður samtakanna frá 2009.

„Ég hef verið spurð hvort það sé ekkert að gera hjá mér í vinnunni fyrst ég gat tekið að mér formennsku hjá SVÞ. En svo er ekki. Þetta bætist bara við sem áhugamál en það er verra ef þetta fer að hafa áhrif á forgjöfina í golfinu," segir Margrét og hlær.

Hún sér um allt sem tengist daglegum rekstri Deloitte og hefur starfað hjá fyrirtækinu í fimmtán ár.

„Ég var ráðin eftir að ég flutti heim frá Norður-Karólínu þar sem ég lauk MBA-námi við Western Carolina University," segir Margrét. Þar áður hafði hún stundað háskólanám í Frakklandi, við Íþróttakennaraháskóla Íslands og Kennaraháskólann.

„Það sem gerir fyrirtækið frábært, og það var mjög mikil framsýni hjá eigendunum sem fyrir voru, er að menn voru á sínum tíma tilbúnir til að gera breytingar. Okkur tókst mjög vel að vinna saman við að byggja upp þetta stóra og öfluga fyrirtæki sem Deloitte er í dag með um 200 starfsmenn."

Margrét ólst upp í Reykjanesbæ en er fædd á Ísafirði. Hún er Njarðvíkingur og dyggur stuðningsmaður Njarðvíkurliðanna í körfubolta.

„Við höfum verið að lána menn hingað og þangað um landið til að efla körfuboltaíþróttina," segir Margrét ánægð með sitt félag.

„Ég horfi einnig mikið á knattspyrnu og finnst það alveg ótrúlega skemmtileg íþrótt. Ég elska spænska boltann og ég held með Barcelona en eiginmaðurinn segir að þetta sé ekki almennilegur fótbolti."

Margrét er gift Sigurði Guðnasyni, starfsmanni Tryggingamiðstöðvarinnar. Þau eiga saman tvö börn, Albert Karl, sem lést árið 2011, og Sigríði. Fyrir átti Sigurður dótturina Sylvíu Rós.

„Sigurður var áður að þjálfa í knattspyrnu. Hann þjálfaði meðal annars fótboltalið í yngri flokkum í Norður-Karólínu á sínum tíma, enda hefði hann ekki þolað að vera heimavinnandi húsfaðir."

> Ég hef verið spurð hvort það sé ekkert að gera hjá mér í vinnunni fyrst ég gat tekið að mér formennsku hjá SVÞ. En svo er ekki.

FORMAÐUR SVÞ Margrét var sjálfkörin formaður samtakanna í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Raunsæ og mikil keppnismanneskja

„Góður námsmaður og vinur er það fyrsta sem mér dettur í hug til að lýsa systur minni. Hún byrjaði ung í félagsmálum og einn af hennar styrkleikum er sá að hún er góður mannasættir. Margrét er bæði raunsæ og heiðarleg, sem er góð blanda með keppnisskapinu sem hún býr yfir í ríkum mæli. Þessir eiginleikar eiga örugglega eftir að koma sér vel hjá SVÞ. Við Margrét erum mjög góðar vinkonur og eigum mörg sameiginleg áhugamál. Eitt af því er golf sem við reynum að stunda eins mikið og mögulegt er. Fyrir fólk eins og okkur með mikið keppnisskap þá reynir stundum verulega á þolinmæðina hjá eiginmönnunum."

Jónína A. Sanders, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá ÁTVR.

„Við Margrét erum góðar vinkonur en við kynntumst þegar við unnum um árabil saman hjá Deloitte. Margrét er frábær samstarfsfélagi og vinkona og hún er mjög hvetjandi, sem er mikill kostur. Hún er mikil keppnismanneskja, markmiðadrifin og framsýn. Hún hefur mikinn áhuga á að stuðla að umbótum í sínu nánasta umhverfi, sem og í samfélaginu í heild, en hún hefur lengi haft mikinn áhuga á ýmsum félagsmálum og stjórnmálum og látið til sín taka á þeim vettvangi. Hún er traust og hefur gott lag á að fá fólk til að vinna með sér að því að ná árangri."

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS.

Make it matter

intel inside CORE i7



ett Aðeins 1,49 kg
þunn Aðeins 1,59 cm
& sterk

HP EliteBook Folio 1040 G1
með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.

Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi.
Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*

Léttu þér lífið.

SSD 128 GB

Solid State diskur (SSD).

3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Preferred Partner

Það er dapurt að vera ekki opnari fyrir mistökum í viðskiptalífinu:

Mistakist þér endilega

Drjúgur tími blaðamanna fer í að renna í gegnum yfirlýsingar og fréttatilkynningar um allt milli himins og jarðar. Þannig er ritstjórnarpóstur Markaðarins nánast alltaf sneisafullur af tilkynningum frá fyrirtækjum um stöðuhækkanir og ráðningar, nýjar fjárfestingar, góða rekstrarafkomu og metsölutilkynningar.

Markaðshornið
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Það vantar sárlega, bæði í fjölmiðla og viðskiptalífið, sem og í þjóðarsálina, það viðhorf að mönnum megi mistakast.

Eins og gerist og gengur þá ratar sumt af þessu í blaðið – annað ekki. Eðli málsins samkvæmt er slík upplýsingagjöf mjög einhliða og hlutdræg. Í flestum tilvikum er máluð glansmynd af viðkomandi fyrirtæki sem á sér kannski ekki alltaf stoð í veruleikanum. Það heyrir alla vega til algjörra undantekninga að tilkynningar eða upphrópanir berist um misheppnaðar fjárfestingar, gjaldþrot eða slaka afkomu. Samt gerist það á hverjum degi.

Maður verður samt að sýna þessu ákveðinn skilning. Ekkert okkar vill viðra óhreina þvottinn sinn á almannafæri, af hverju ættu fyrirtækin eitthvað að vilja það frekar? Það reynist þannig oft erfitt að fá viðmælendur til að játa að eitthvað gangi illa. Kannski eru menn hræddir við að ef þeir láti vita að það sé erfitt hjá þeim þá láti nýjar fjárfestingar á sér standa. Viðskiptalífið er oft erfitt og viðkvæmt og það er skiljanlegt að menn vilji ekki glata tækifærum af því þeir voru heiðarlegir í fjölmiðlum um stöðu sína. Auðvitað er ekki hægt að gera þá kröfu að forsvarsmenn fyrirtækja hringi í fjölmiðla og segi frá mistökum sínum. Það er hlutverk blaðamanna að finna af sjálfsdáðum þá misbresti í rekstri fyrirtækja sem eiga erindi við almenning. Stundum tekst okkur það, stundum ekki. Eins og gengur. En mörg fyrirtæki eru oft svo lafhrædd við neikvæða umfjöllun að þau bregðast allt of harkalega við saklausum fyrirspurnum blaðamanna um hluti sem myndu alltaf flokkast sem smámál. Þessi ofsafengnu viðbrögð hafa síðan þveröfug áhrif; því þegar fyrirtæki reyna að fela misbrestina, svara með útúrsnúningum og misgáfuðum fjölmiðlafulltrúum þá fá blaðamenn strax á tilfinninguna að þarna sé stórfrétt á ferðinni, sem er heldur ekki rétt mynd af rekstrinum. Þannig getur hræðslan við neikvæða umfjöllun valdið fyrirtækjum mun meiri skaða en það að einfaldlega viðurkenna að mönnum hafi orðið á í messunni. Menn ná engum árangri án þess að þeir að minnsta kosti reyni.

En það kemur meira til. Viðmælandi Markaðarins sem vinnur sem yfirmaður í nýsköpunarfyrirtæki í Kaliforníu sagði í janúar skilning á mistökum á Íslandi vera lítinn, það væri áberandi í Kísildalnum hversu mikil þolinmæði væri fyrir því að mönnum mistækist, þar er það daglegt brauð að ný fyrirtæki „floppi“ sem leiði til þess að fjárfestar tapa einhverjum peningum. „Ef menn hætta „heiðarlega“ og fara „heiðarlega“ á hausinn eða leggja niður fyrirtækið þá er mjög mikill skilningur á slíku. Það er litið á það sem góða reynslu að byrja síðan upp á nýtt,“ sagði viðmælandinn í janúar. Það er virkilega dapurt að við séum ekki opnari fyrir umræðu um mistök í viðskiptalífinu. Það vantar sárlega, bæði í fjölmiðla og viðskiptalífið, sem og í þjóðarsálina, það viðhorf að mönnum megi mistakast. Það að fá góða hugmynd, stofna fyrirtæki í kringum hana, selja hana síðan áfram og leggja grunn undir fyrirtæki sem menn vonast til að dafni, veiti fólki störf og skili sínu til þjóðfélagsins er löng vegferð og mun fleiri dyr lokaðar en opnar. Er ekki orðið tímabært að við viðurkennum þá staðreynd?

Mikill áhugi á því nýjasta og besta í námuiðnaði

TÆKNINÝJUNGAR Kaupsýslumenn, nemendur og námuverkamenn heimsóttu Expomin 2014-hátíðina í borginni Santíagó í Síle í gær. Gert er ráð fyrir að yfir 80 þúsund gestir heimsæki hátíðina á næstu dögum. Hún mun standa fram á föstudag og yfir 1.600 sýnendur frá um 35 löndum munu þar kynna ný tæki og tól fyrir námuvinnslu og annan námuiðnað. NORDICPHOTOS/AFP

Afnám skuldafangelsis

SKOÐUN
Einar Gautur Steingrímsson
hæstaréttarlögmaður hjá Lausnum lögmannsstofu

Gísli Tryggvason
héraðsdómslögmaður hjá VestNord lögmönnum og fyrrv. talsmaður neytenda

Í árslok 2010 setti Alþingi lög sem styttu fyrningarfrest krafna í kjölfar gjaldþrotaskipta í tvö ár og að krafan yrði að jafnaði ekki endurvakin eftir það. Áður endurnýjaðist fyrningarfrestur kröfunnar við gjaldþrotaskiptin. Kröfuhafi gat haldið kröfu við til æviloka skuldara. Lögin skyldu endurskoðast „innan fjögurra ára frá gildistöku“, þ.e. fyrir árslok 2014.

Þáverandi ráðherra dómsmála, Ögmundur Jónasson, hugðist breyta þessu. Undirritaðir áttu fund með ráðherra ásamt Lilju Mósesdóttur, þáverandi alþingiskonu, og aðstoðarmanni ráðherra, Einari Árnasyni, og lögðu til rök fyrir því að breytingin væri bæði æskileg og færi ekki gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Réttur til framtíðartekna manns gæti ekki orðið stjórnarskrárvarin eign annarra enda þrælahald löngu afnumið.

Á Ögmundur heiður skilinn fyrir þetta frumkvæði svo skömmu eftir að hann tók við ráðuneyti dómsmála. Höfundum er kunnugt um að breyting í þessa átt hafi mætt fyrirstöðu innan „kerfisins“.

Áframhaldandi réttarbætur

Megin tilgangur greinarinnar er annars vegar að upplýsa um þær réttarbætur, sem felast í lagabreytingunni, og hins vegar að mæla gegn því að lögunum verði breytt aftur til fyrra horfs; frekar mætti ganga lengra.

Afnám skuldafangelsis í raun

Gjaldþrot felur í sér sameiginlega fullnustuaðgerð allra kröfuhafa þar sem jafnræði kröfuhafa er gætt. Allar eignir skuldara eru þá seldar og skipt upp milli kröfuhafa. Gjaldþrot er eðlilegur hluti markaðshagkerfis. Að því loknu ættu kröfur að afskrifast en ekki ætti að veita kröfuhöfum aðgang að framtíðartekjum manna vegna skulda fortíðar. Menn þurfa að sjá fyrir sér og sínum.

Með framangreindum réttarbótum hefur þetta verið gert að mestu. Sambærileg sjónarmið hafa ráðið löggjöf í Bandaríkjunum í meira en öld sem er stærsta hagkerfi í heimi og nú á Íslandi. Áður gat skuldari ekki ráðstafað tekjum framtíðar til að eignast eitthvað. Kröfuhafinn gat komist í þær eignir. Gamla hugsunin fól nánast í sér kröfu lánardrottins – jafnvel um ókomna tíð – í framtíðaraflahæfi einstaklings. Í raun hefur rétturinn til að afla tekna í framtíðinni í ýmsu vikið vegna krafna úr fortíðinni. Stappar þetta nærri skuldafangelsi að mati undirritaðra. Með lagabreytingunni nálgaðist löggjafinn fullnustuaðgerðir með nýrri hugsun. Kröfuhafar ganga að eignum skuldara og að því loknu hefur skuldari nýtt líf. Telja undirritaðir þetta mikla réttarbót og skynsamlega.

Dregið úr svartri vinnu

Við setningu laganna var talið hugsanlegt að innheimtuhlutfall skatta gæti hugsanlega lækkað eitthvað en varla umtalsvert. Í greinargerð með frumvarpinu sagði:

„Það sem kann þó að skipta meira máli er að minni tilhneiging kann að verða til svartrar vinnu til lengri tíma litið vegna þess að einstaklingar komast fyrr út úr þeim fjárhagslegu aðstæðum sem knúið hafa þá í þrot. Þannig má ætla að þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta takist fyrr að koma fjármálum sínum á réttan kjöl og taka þannig eðlilegan þátt í þjóðlífinu með öflun tekna og greiðslu skatta.”

Úr gjaldþrotalögum:

Í 165. gr. gjaldþrotaskiptalaga segir nú:

Þrotamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.

Síðan er lýst takmörkuðum möguleikum á að endurvekja kröfurnar.

Með þessu fær skuldari samningsstöðu gagnvart kröfuhafa í stað þess að vera nánast ofurseldur skilmálum hans. Ekki eru efni til þess að hafa greinina lengri að sinni en full þörf er á að almenningi og hagsmunaaðilum sé ljós réttaráhrif gjaldþrotaskipta á búum einstaklings. Þarfnast málið því frekari umræðu.

ASUS SMÁTÖLVUR

**Öflugar og hljóðlátar borðtölvur sem hægt er að festa aftan á tölvuskjái.
Kraftmiklar og hraðvirkar með nýjustu kynslóð Intel örgjörva
og háhraða þráðlausri tengingu með nýrri AC tækni.**

RAUNSTÆRÐ: 19 sm

VINNUSTÖÐVAR FRAMTÍÐARINNAR

VivoPC er spennandi nýjung frá Asus. Smátölvur sem hafa afköst og eiginleika stærri borðtölva. Fyrirtæki geta valið milli Intel Celeron, i3 eða i5 örgjörva eftir því hvað hentar vinnslu viðkomandi starfsmanns best. Intel HD skjástýring og hágæða hljómur með innbyggðum hátölurum og SonicMaster hljómtækni.

Glæsilega hönnuð og tekur lítið pláss á borði - aðeins 19 sm á breidd og lengd. VESA festing fylgir þannig að einnig hægt er að skrúfa smátölvuna aftan á tölvuskjá.

Traustur og hagkvæmur kostur fyrir þá sem vilja öflugar borðtölvur sem taka lítið pláss.



tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
414-1710 / sala@tl.is

MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

Gengi gjaldmiðla

USD 112,09 | DKK 20,749 | NOK 18,707 | CHF 126,87
GBP 188,72 | EUR 154,92 | SEK 17,03 | JPY 1,093

FTSE 100
6.681,76 +56,51 **(0,85%)**

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

500 ÞÚSUND

Sektað vegna tilboðsbæklings

Tölvutek ehf. þarf að greiða 500 þúsund króna stjórnvaldssekt sem Neytendastofa hefur lagt á fyrirtækið. Neytendastofa hafði farið fram á skýringar á því af hverju fyrra verð vara í bæklingi Tölvuteks, sem bar yfirskriftina „Desember Tilboð“, kæmi ekki fram. Fyrirtækinu var eftir það bannað að auglýsa vörur sem ekki eru á lækkuðu verði á tilboði.

21.04.14. „Þar liggja Danir í því að hafa ekki gömlu góðu íslensku krónuna sem öllu reddar. Hvernig stendur á því að danskir atvinnurekendur vilja evru? Lesa þeir ekki Staksteina? Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var víst mjög fámáll þegar hann snæddi kvöldverð með Margréti Þórhildi Danadrottningu nýverið. Hann gaf þá skýringu að hann væri slakur í dönsku. Nú kæmi sér vel að forsætisráðherrann okkar væri „på talefod med danskere“.

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður.

Í 15 LÖNDUM

Samið um sölu á íslensku vatni

Icelandic Water Holdings hefur gert samning við bandarísku verslunarkeðjuna Whole Foods Market um sölu á vatninu Icelandic Glacial. Vatnið er nú fáanlegt í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Rússlandi, Síngapúr, Hollandi, Belgíu, Lúxemborg, Úkraínu, Kína, Suður-Kóreu, Ísrael, Perú, Taílandi og á Íslandi.

Hin hliðin

BJARNVEIG EIRÍKSDÓTTIR, HDL. LL.M.

Allt í plasti

Hver íbúi í Evrópusambandinu notar að meðaltali 198 plastpoka árlega (m.v. 2010). Það eru nær 100 milljarðar samtals, þar af fara 8 milljarðar út í umhverfið. Íslendingar nota 50 milljónir plastburðarpoka á hverju ári, að meðaltali 155 á mann. Pokarnir enda í vötnum og hafi og skaða dýralíf og náttúru. Á ströndum Bretlands má finna plastpoka að jafnaði með 23 metra millibili. Hættulegar plastagnir fara út í umhverfið og þaðan í fæðukeðjuna, dýr deyja kvalafullum dauðdaga ef þau leggja sér pokana til munns eða flækjast í þeim. Mikið magn olíu fer í framleiðslu pokanna.

Lög á pokana?

Á Íslandi eru plastburðarpokar seldir í búðum og rennur hlutfall af hagnaði í Pokasjóð, sem er samstarfsverkefni verslana. Núgildandi Evrópureglur um umbúðir setja skorður við því hvernig stjórnvöld mega takmarka notkun plastpoka. Á Írlandi og í Danmörku eru plastpokar skattlagðir. Eitt ESB-ríki, Ítalía, hefur sett lög sem banna plastburðarpoka en heimila tiltekna (en þó ekki alla) plastpoka sem brotna niður í umhverfinu. Umdeilt er hvort ítalska leiðin sé umhverfisvæn. Framkvæmdastjórn ESB hefur sent ítölskum stjórnvöldum bréf vegna málsins en það virðist í biðstöðu vegna plastpokareglna sem eru í undirbúningi hjá ESB.

Samkvæmt tillögu Framkvæmdastjórnar ESB sem Evrópuþingið er að fjalla um þessa dagana yrðu ríkin að takmarka notkun plastpoka. Matvöruverslunum yrði bannað að gefa poka að undanskildum örþunnum pokum sem verða takmarkaðir frá árinu 2019 og umhverfisvænni umbúðir kæmu í staðinn. Slíkt bann myndi ekki gilda í öðrum viðskiptum en þó skyldi hvetja viðskiptalífið til að minnka notkun. Heimilt yrði meðal annars að banna plastpoka, þó þannig að slíkt fæli ekki í sér ólögmætar viðskiptahindranir. Evrópuþingið hefur lagt til að ríkin þurfi að grípa til aðgerða til að minnka notkun plastpoka um 50% miðað við meðaltal ársins 2010 innan þriggja ára frá gildistöku tilskipunarinnar og um 80% innan fimm ára. Ekki eru allir á eitt sáttir og í athugasemdum hagsmunaaðila, meðal annars frá iðnaðinum, segir að þetta verði of íþyngjandi fyrir verslunina.

Er eftir einhverju að bíða?

Pokatilskipunin mun væntanlega verða tekin upp í EES-samninginn og þá verður skylt að grípa til aðgerða hér á landi. Verði endanleg útgáfa eins og Evrópuþingið hefur lagt til, munu ríki þar sem notkun minnkar miðað við 2010 njóta þess við mat á árangri, hvernig sem hann er til kominn. Ljóst virðist að takmarka þarf notkun verulega. Er eftir einhverju að bíða?

Þetta er eins og í náttúrunni

Þegar sterkir straumar
koma saman losnar kraftur úr læðingi

Stefnir – Samval er fjárfestingarsjóður og fjárfestir í þeim eignaflokkum sem þykja ákjósanlegastir á hverjum tíma, m.a. ríkisskuldabréfum, innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum og í félögum sem fyrirhugað er að skrá á hlutabréfamarkað. Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu hlutabréfamarkaðarins frá 2010.

Stefnir – Samval er góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglulegan sparnað. Hægt er að vera í áskrift frá 5.000 kr. á mánuði.

Öflugur sjóður í virkri stýringu

Þann 31. janúar 2014 sameinuðust þrír sjóðir Stefnis hf., dótturfélags Arion banka, undir merkjum Stefnis – Samvals. Þar með varð til stór og öflugur sjóður, eitt af flaggskipum Stefnis.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fjárfesta. Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.
Árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð. Fjárfestingarsjóður telst almennt vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta meðal annars leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þar á meðal nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti útboðslýsingar sjóðsins sem nálgast má í útibúum Arion banka eða á www.stefnir.is/sjodir.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

STEFNIR

Arion banki

EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957
Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Framúrskarandi fyrirtæki 2013



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnús Geir Pálsson, sölumaður · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður · Reynir Björnsson lögg. fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir ritari · Guðrún Magnea Árnadóttir, ritari

Séríbúðir með einstöku útsýni

26 vandaðar og vel hannaðar íbúðir í Þorrasölum 17. Íbúðirnar eru í sex húsum með bílastæðakjallara og er hver íbúð með sér inngangi og rúmgóðri geymslu.

- Veglegar innréttingar og stórir gluggar til að njóta útsýnisins.
- Svalir með steyptum skilvegg, bæði til að skýla fyrir vindum og mynda næði.
- Í garðinum er flott leiksvæði með leiktækjum.
- Í stuttu göngufæri frá Þorrasölum er Salaskóli, verslun, heilsugæsla og íþróttamiðstöðin Versalir með sundlaug, íþróttahúsi og líkamsrækt.
- Golfvöllur GKG, 18 holu völlur, er við túnfótinn.
- Örstutt er í útivistarparadísina Heiðmörk.
- Einstök leik- og útivistarsvæði.
- Umferðargötur eru hannaðar til að stuðla að öryggi og hóflegum umferðarhraða.

Afhending íbúða verður haustið 2014

Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. fasteignasali

Nánari upplýsingar er að finna á eignamidlun.is og hjá sölumönnum. Utan skrifstofutíma Hilmar 824-9098

Dæmi: Íbúð 0307

Stærð: 85,2m²
Stærð geymslu: 11,1m²
3 herb. íbúð á 3ju hæð
Verð: 31,9 m

TÍMAMÓT

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

RÖGNVALDUR GÍSLASON

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki mánudaginn 7. apríl. Útförin verður gerð frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 25. apríl kl. 14.00.

Eiríkur Rögnvaldsson
Nanna Valgerður Rögnvaldardóttir
Guðrún Rögnvaldardóttir
Sigríður K. Rögnvaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Ingólfsdóttir
Bjarni Þór Björnsson
Þórir Már Einarsson

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

SIGRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR
Vallarbraut 1, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 20. apríl.

Haraldur Haraldsson
Sigrún Haraldsdóttir
Þórunn Björg Haraldsdóttir
Ingólfur, Haraldur og Jóhannes Páll

Páll Elfar Pálsson

Okkar ástkæra,

BEATRICE AÐALSTEINSSON

lést á LSH þann 14. apríl sl.
Sálumessa fer fram í Landakotskirkju í dag, miðvikudaginn 23. apríl kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Spítalasjóð Hringsins.

Fyrir hönd aðstandenda,
Helga María Garðarsdóttir
Kristín Axelsdóttir

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

VALGERÐUR VALDEMARSDÓTTIR
verslunarkona og húsmóðir,
Krummahólum 2,

lést laugardaginn 12. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 25. apríl kl. 13.00.

Albert Valur Albertsson
Tómas Vilhjálmur Albertsson
Anna Valgerður Albertsdóttir
Lilja Karen Albertsdóttir
Valgerður Fríða Tómasdóttir
Sveinbjörn Snorri Tómasson
Gabríel Máni Larsen

Sara Benediktsdóttir
María Arinbjarnar

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN JÓNASDÓTTIR
frá Álftagerði við Mývatn,
húsfreyja í Gerði í Hörgárdal og síðar Lindasíðu 4,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 15. apríl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. apríl klukkan 13.30. Jarðsett verður að Myrká.

Þórdís Ólafsdóttir
Álfhildur Ólafsdóttir
Ívar Ólafsson
Arnþór Ólafsson
Hafdís Hrönn Pétursdóttir
Heiðdís Fjóla Pétursdóttir
Ásta Arnbjörg Pétursdóttir
Helga Ólöf Pétursdóttir
Bergþór Björnsson
og langömmubörn.

Sigurður Bárðarson
Einar Jóhannesson

Sigurður Eiríksson
Einar Geirsson
Arnar Árnason
Atli Hafþórsson
Gunnþórunn Sigurðardóttir

TILBOÐSDAGAR

legsteinar og fylgihlutir
10-50% afsláttur

Mikið úrval - Vönduð vinna

Marmari
Granit
Blágrýti
Gabbró
Liparit

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

BARÐI FRIÐRIKSSON
hæstaréttarlögmaður,
Úthlíð 12,

lést á Sóltúni þriðjudaginn 22. apríl.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 29. apríl kl. 15.00.

Þuríður Þorsteinsdóttir
Laufey Barðadóttir
Margrét Barðadóttir
Þorsteinn Barðason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ævar Guðmundsson
Guðrún Þ. Björnsdóttir

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

ÁSLAUG THORLACIUS

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 16. apríl. Jarðsett verður í Áskirkju þriðjudaginn 29. apríl kl. 13.

Örnólfur Thorlacius
Kristín R. Thorlacius

Hallveig Thorlacius
Kristján Thorlacius
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Rannveig Tryggvadóttir
Kristín Bjarnadóttir
Ragnar Arnalds
Ásdís Kristinsdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

GUÐRÍÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR
frá Rifshalakoti,

sem lést þann 10. apríl síðastliðinn, verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 26. apríl kl. 11.00.

Auður Þorsteinsdóttir
Grétar Halldórsson
Páll Sævar Halldórsson
Halldór Guðmundur Halldórsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Svava Einarsdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

JÓHANNA HALL KRISTJÁNSDÓTTIR
til heimilis að Kirkjuvegi 10a, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu föstudaginn langa 18. apríl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 25. apríl kl. 13.00.

Már Sveinbjörnsson
Örn Sveinbjörnsson
Rós Sveinbjörnsdóttir
Enok Sveinbjörnsson
Valur Sveinbjörnsson
Herdís Sveinbjörnsdóttir
Ólafur Þ. Sveinbjörnsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Guðrún Halldórsdóttir
Sigríður Anna Kristinsdóttir
Kjartan Jónmundsson
Guðrún Andrea Guðmundsdóttir
Halldóra Hafsteinsdóttir

Rannveig Þöll Þórisdóttir

Ástkær amma, tengdamamma, langamma og systir,

ERNA SMITH
kaupmaður,
áður til heimilis á Eiríksgötu 11,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 19. apríl sl. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. apríl kl. 13.00.

Erna Stefanía Gunnarsdóttir
Þór Tómas Bjarnason
barnabarnabörn og systkini.

Björgvin Hansson

Okkar yndislega systir, mágkona og frænka,

HILDUR JÓNSDÓTTIR
frá Raufarhöfn,
Engihjalla 19, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 18. apríl.
Jarðarförin auglýst síðar.

Margrét Jónsdóttir
Árni Stefán Jónsson
Jakobína Jónsdóttir

Helga Ingibergsdóttir

Maria Hedin Jónsson
og systkinabörn.

HÖNNUÐIRNIR Sigursteinn og Magnús Hreggviðsson settu upp sýninguna. MYND/GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Lífið á bak við stafina

Sýningin Landið sem þér er gefið verður opnuð í Safnahúsinu í Borgarnesi á morgun, sumardaginn fyrsta, klukkan 13.

„Það er mikill ljómi yfir minningu Guðmundar Böðvarssonar skálds. Við reynum að kafa ofan í ljóð hans og skynja lífið á bak við stafina," segir Sigursteinn Sigurðsson arkitekt, sem hefur sett upp listsýningu um skáldið ásamt Magnúsi Hreggviðssyni hönnuði. Margt ungt fólk í héraðinu tekur þátt.

Böðvar Guðmundsson valdi ljóðin og flytur erindi um föður sinn við opnun. Fornbílafélag Borgarfjarðar stillir upp gömlum bílum Guðmundi til heiðurs. - gun

Bróðir minn,

SVEINN BIRGIR RÖGNVALDSSON

er látinn.

Guðný Kristín Rögnvaldsdóttir

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

MAGNÚS GUÐMUNDSSON
húsateiknari,
Kvisthaga 3, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, laugardaginn 19. apríl. Útförin auglýst síðar.

Guðrún, Gylfi og Gauti Magnúsarbörn

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

ARTHUR ÞÓR STEFÁNSSON
húsasmíðameistari,

andaðist fimmtudaginn 16. apríl sl.
Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 28. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Áslaug Arthursdóttir
Nanna Arthursdóttir
Þorsteinn Arthursson
barnabörn og barnabarnabörn.

Oddgeir Þór Árnason
Guðbergur Þorvaldsson
Guðrún Petra Guðnadóttir

Elskuleg systir mín,

ÞÓRUNN EGILSON

lést á Droplaugarstöðum 15. apríl sl.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 23. apríl kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Katrín Egilson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HALLFREÐUR BJÖRGVIN LÁRUSSON
húsasmíðameistari,
Silfurgötu 42, Stykkishólmi,

lést á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi föstudaginn 18. apríl. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 25. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

Helga Hjördís Þorvarðardóttir
Hulda M. Hallfreðsdóttir
Lárus Franz Hallfreðsson
Sigþór U. Hallfreðsson
Elvar H. Hallfreðsson
Halla Dís Hallfreðsdóttir
Elín E. Hallfreðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Björgvin Ragnarsson
Guðrún Hauksdóttir
Ann Linda Denner

Helgi B. Haraldsson
Haukur Garðarsson

nettó
Kræsingar & kostakjör

FLOTTIR SUMARSKÓR Á FRÁBÆRU VERÐI!

BARNASTÆRÐIR
3.998,–

FULLORÐINS-STÆRÐIR
4.998 ,–

www.netto.is | Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KL. 20:05

How I met Your Mother

Níunda og jafnframt síðast þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney.

Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:30

Heimsókn

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.

KL. 20:50

Grey's Anatomy

Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.

KL. 21:35

Rita

Önnur þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri, sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja skoðun sína.

BÍÓ STÖÐIN | KL. 20:00

There's Something About Mary

Bráðskemmtileg gamanmynd með Cameron Diaz, Ben Stiller og Matt Dillon í aðalhlutverkum.

3 | KL. 19:45

Baby Daddy

Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.

Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

SUDOKU

LÉTT

2		6	9		7	1	5	
5	4							3
			3			2		
6	5	9			4		8	
				3		6		
	2	7		8	1			
	8			1	5			
			7					4
4		2		6				

MIÐLUNGS

			2	4		9	5	8
		8	3				1	
	5			7			6	
4			5					
		6			3	2	7	
7				6	4	3		
	6	3		9			2	
8								1
2	7							

PUNG

			6	9				
1	3			7			6	
9							7	
	8					1		
							2	
	1	4	8	3	9			6
		9		6	1		4	5
5	6						1	
7					8			

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

9	1	4	8	2	5	6	3	7
2	6	5	3	7	9	4	1	8
3	7	8	1	4	6	5	2	9
6	5	3	4	9	8	2	7	1
7	9	2	6	1	3	8	4	5
4	8	1	2	5	7	9	6	3
5	2	6	9	3	1	7	8	4
8	3	9	7	6	4	1	5	2
1	4	7	5	8	2	3	9	6

1	3	9	2	4	5	6	8	7
4	8	7	1	3	6	2	9	5
2	5	6	7	8	9	1	3	4
5	6	8	3	7	2	4	1	9
3	9	4	8	6	1	5	7	2
7	1	2	5	9	4	3	6	8
6	2	5	9	1	8	7	4	3
8	7	1	4	2	3	9	5	6
9	4	3	6	5	7	8	2	1

2	5	6	8	1	7	9	3	4
8	9	1	3	2	4	7	6	5
7	3	4	5	6	9	8	1	2
6	7	2	4	3	5	1	8	9
3	1	5	6	9	8	2	4	7
9	4	8	1	7	2	6	5	3
1	2	3	7	5	6	4	9	8
4	6	7	9	8	3	5	2	1
5	8	9	2	4	1	3	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

Ég trúi ekki á svartsýni.

Clint Eastwood

KROSSGÁTA

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT

2. gremja, **6.** slá, **8.** að, **9.** maðk, **11.** bókstafur, **12.** sundl, **14.** einkennis, **16.** tveir eins, **17.** aldur, **18.** í viðbót, **20.** tveir eins, **21.** fyrstur.

LÓÐRÉTT

1. gleðimerki, **3.** stefna, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** rá, **7.** aðgætinn, **10.** sigti, **13.** blóðhlaup, **15.** þekking, **16.** kóf, **19.** mun.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. fúss, **6.** rá, **8.** til, **9.** orm, **11.** ká, **12.** svimi, **14.** aðals, **16.** kk, **17.** rek, **18.** auk, **20.** yy, **21.** frum.
LÓÐRÉTT: 1. bros, **3.** út, **4.** sikiley, **5.** slá, **7.** árvakur, **10.** mið, **13.** mar, **15.** skyn, **16.** kaf, **19.** ku.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Magnús Pálmi Örnólfsson (2156) vann Sverri Örn Björnsson (2126) í þriðju umferð b-flokks Wow air Vormóts TR.

Hvítur á leik

26. Hxe4! (Laglegur peðsvinningur sem tryggir jafnframt auðunnið tafl) **26...fxe4 27. Dxd7 e3 28. f5 Df7 29. Dxf7+ Kxf7 30. Bc5 Rd6 31. Bxd6 cxd6 32. Kf1** og hvítur nýtti yfirburði sína til sigurs.

www.skak.is: Carlsen með vinningsforskot í Aserbaídsjan.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

79 kr. 330ml

Kók í bauk. 330 ml. 79.kr. stk

229 kr. 300g

298 kr. 350g

EUROSHOPPER PIZZA-MARGHERITA & PIZZA- SALAMI

159 kr 5 stk.

359 kr 10 stk.

Bónus **Pylsubrauð 5 stk** & **Pylsur 10 stk** 485g

198 kr. 1.5 ltr.

198 kr. 2 ltr.

2013 SLÁTRAÐ

1498 krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** *FROSIÐ*

298 kr. 5 stk./360g

2013 SLÁTRAÐ

KJARNAFÆÐI

1398 krónur kg.

Kjarnafæði **ÍSLENSKT HEIÐALAMB** *Íslenskar kryddjurtir*

SS

1798 krónur kg.

Sláturfélagið

Frosnar lamba-tvírifjur

1198 krónur kg.

Grillmeistarinn **Grísakótilettur kryddlegnar**

79 kr. 500ml

Úrbeinuð kjúklingalæri

1359 krónur 700g.

Kjúklingabringur

1798 krónur 900g.

120 gramma hamborgari í brauði aðeins 200 KR

1598 kr 10 stk. 120g

159 kr 4 stk.

Kjarnafæði **Frosnir nautgripa-hamborgarar 120g**
Bónus **XL hamborgarabrauð**

FRÁ ÞÝSKALANDI

1998 krónur kg.

100% KJÖT

Frosin Kalkúnabringa

579 kr. 500g

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

Flugdreki
999

Bolero
st. 56-98
2.999

Bolero
st. 98-140
3.999

Jogging-
galli
st. 130-170
6.999

Bangsi
1.999

Kjóll
st. 98-140
4.999

Kjóll
st. 98-140
4.999

Fótbolti
2.199

Samfella
st. 56-98
2.999

Bolur
st. 90-130
2.999

Bolur
st. 122/128-
158/164
2.999

Flíspeysa
st. 92/98-128
2.999

Skór
st. 24-35
4.999

Leggings
st. 80-120
3.999

Jogging-
buxur
st. 92-140
2.999

Jogging-
buxur
st. 7-15
2.999

Cross Phantom
24"
49.999

DreamTeam
Skór
st. 24-33
5.990

Brenni-
bolti
699

Hjólbörur
m/ fötusetti
2.999

Tennissett
999

Fötusett
1.499

SUMARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI

Bolur
st. 122/128-158/164
2.999

JEFF®
Buxur
st. 128-176
7.499

JD Bug
6.999

DreamTeam
Skór
st. 20-35
4.999

Vatns-byssa
999

Jogging-galli
st. 90-130
5.999

Skór
st. 24-33
5.990

Bolur
st. 90-130
1.299

Peysa
st. 90-130
4.999

Flíspeysa
st. 92/98-128
2.999

Húla hringur
799

Buxur
st. 90-130
2.999

Skór
st. 24-33
5.990

Leggings
st. 80-120
3.999

DreamTeam
Skór
st. 24-35
4.999

Bolur
st. 92/98-128
1.699

Jakkapeysa
st. 80-120
3.999

Buxur
st. 98-140
3.999

Skór
st. 28-35
4.990

Leggings
st. 56-98
1.699

Kjóll
st. 98-140
3.999

Kjóll
st. 56-98
3.499

Dúkkukerra
2.999

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Fjallabræður syngja í tveimur heimahúsum

Fjallabræður, sem er líklega ein fjölmennasta hljómsveit landsins með um 50 meðlimi, heldur tónleika í tveimur stofum í heimahúsum í Hafnarfirði í kvöld. „Það verður spennandi að sjá hvort við komumst fyrir en við höfum allavega allir komist fyrir inni í hvítu tjaldi á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum," segir **Halldór Gunnar Pálsson,** kórstjóri Fjallabræðra. Sveitin ætlar jafnframt að spila nýtt efni á tónleikunum.

„Þetta eru bara stofur heima hjá fólki og stofur eru misstórar en ég geri nú ráð fyrir að við verðum í stærri stofum sökum fjölda," svarar Halldór Gunnar spurður út í tónleikastaðinn.

13 heimahúsum breytt í tónleikastaði

Tónleikahátíðin Heima fer fram í þrettán heimahúsum í Hafnarfirði í kvöld. Heima fer fram í fyrsta sinn í ár og er hugmyndin sótt til Færeyja.

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

„Þetta er í raun hugmynd frá Færeyjum vegna þess að Jón Tyril bauð mér og Kristni Sæmundssyni á svipaða hátíð í Færeyjum í nóvember á síðasta ári. Ég komst reyndar ekki en Kiddi fór þangað og sá þar hversu mögnuð hátíð þetta er," segir Ólafur Páll Gunnarsson, einn skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar sem kallast Heima. Um er að ræða tónleikahátíð sem fram fer á þrettán venjulegum heimilum í Hafnarfirði. Menningar- og listafjelag Hafnarfjarðar heldur tónlistarhátíðina en í stjórn félagsins sitja þau Erla S. Ragnarsdóttir, Ingvar Björn Þorsteinsson, Kristinn Sæmundsson, Ólafur Páll Gunnarsson og Tómas Axel Ragnarsson. Öll eiga þau það sameiginlegt að vilja sjá Hafnarfjarðarbæ lifna við og dafna í takt við öflugt og lifandi menningarlíf. Heima er jafnframt hluti af bæjarhátíðinni Björtum dögum.

Heima fer fram í Hafnarfirði í kvöld en þetta er í fyrsta sinn sem hátíðin fer fram. Hugmyndin að tónlistarhátíðinni Heima kemur frá Færeyjum en Færeyingar segjast þó hafa fengið hugmyndina frá Íslendingum. Hún byggist á því að tónlistarmenn úr ýmsum áttum halda stutta tónleika í þrettán heimahúsum miðsvæðis í bænum og hátíðargestirnir rölta á milli húsa og hlusta og njóta. „Hvert tónlistaratriði kemur fram tvisvar sinnum, hvort skiptið á sínu heimilinu. Þeir áhugasömustu og spretthörðustu ættu jafnvel að geta náð fjórum tónleikum á kvöldinu en dagskráin stendur frá klukkan 20.00 til 23.00," bætir Ólafur Páll við.

Að tónleikadagskránni lokinni tekur við ball með öllu tilheyrandi á Fjörukránni og í Gaflaraleikhúsinu fram eftir nóttu. Á Fjörukránni mun eiga sér stað söguleg stund er Kátir piltar tjalda öllu til og koma saman á nýjan leik eftir ára hlé. Í Gaflaraleikhúsinu verður opinn míkrafónn fyrir Hall Joensen frá Færeyjum og félaga og öll góð partíljón sem þora og geta.



TÓNLEIKAR Á TÓNLEIKAHÁTÍÐINNI HEIMA

19.50
1. Fjallabræður setja tónlistarhátíðina Heima á svölunum að *Kirkjuvegi 4,* Heima hjá Guðlaugu og Kristni.

20.10-20.50
2. Jónas Sigurðsson *Mjósundi 10*, Heima hjá Halla og Drífu. **3. Mono Town** *Tjarnarbraut 15*, Heima hjá Verity og Kidda. **4. Vök** *Lóuhrauni 3,* Heima hjá Óla Palla og Stellu. **5. Bjartmar** *Norðurbakka 11b,* Heima hjá Margréti. **6. DossBaraDjamm** *Lækjargötu 2,* Heima hjá Alice og Kára. **7. Strigaskór nr. 42** *Álfaskeiði 26,* Heima hjá Árna Matt og Björgu.

21.10-21.55
2. Fjallabræður *Mjósundi 10,* Heima hjá Halla og Drífu. **4. Jónas Sigurðsson** *Lóuhrauni 3,* Heima hjá Óla Palla og Stellu. **8. Snorri Helgason & Silla** *Strandgötu 41,* Heima hjá Arndísi Höllu. **9. Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson** *Austurgötu 38,* Heima hjá Ingu. **10. Ylja** *Austurgötu 41,* Heima hjá Elvu Dögg. **11. Hallur Joensen** *Suðurgötu 38,* Heima hjá Möggu Gauju og Davíð Arnari. **12. Björn Thoroddsen + Jón Rafnsson & Andrea Gylfa** *Austurgötu 45,* Heima hjá Karó. **13. Elíza Newman & Anna Magga** *Gunnarssundi 6*, Heima hjá Ágústu.

22.15-23.00
1. Mono Town *Kirkjuvegi 4*, Heima hjá Guðlaugu og Kristni. **3. Hallur Joensen** *Tjarnarbraut 15,* Heima hjá Verity og Kidda. **8. Ylja** *Strandgötu 41*, Heima hjá Arndísi Höllu. **9. Bjartmar** *Austurgötu 38*, Heima hjá Ingu. **10. Vök** *Austurgötu 41*, Heima hjá Elvu Dögg.
11. DossBaraDjamm *Suðurgötu 38*, Heima hjá Möggu Gauju og Davíð Arnari.
5. Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson *Norðurbakka 11b*, Heima hjá Margréti. **6. Björn Thoroddsen + Jón Rafnsson & Andrea Gylfa** *Brekkugötu 2*, vinnustofa hjá Alice og Kára. **12. Elíza Newman & Anna Magga** *Austurgötu 45*, Heima hjá Karó. **7. Strigaskór nr. 42** *Álfaskeiði 26*, Heima hjá Árna Matt og Björgu. **13. Snorri Helgason & Silla** *Gunnarssundi 6*, Heima hjá Ágústu.

Risaslagur í Madrid!

Undanúrslitin í Meistaradeild Evrópu halda áfram í kvöld. Nú er komið að Evrópumeisturunum í Bayern München að mæta stórstjörnunum í Real Madrid.

Það verður ekkert gefið eftir í þessum risaslag!

SPORT Kl. 18:30

Real Madrid – Bayern München

Fáðu þér áskrift! 365.IS

Kátir piltar koma saman á ný

„Við erum fyrst og fremst að rifja upp gömlu meistaraverkin, sem hafa allt of lítið heyrst. Við hlökkum til og þetta verður mjög gaman," segir Atli Geir Grétarsson, forsöngvari Kátra pilta. Hljómsveitin Kátir piltar kemur saman í tilefni hátíðarinnar Heima. Um er að ræða sögulega endurkomu því þessi fornfræga hljómsveit hefur ekki komið saman á sviði í um tuttugu ár. „Þegar heimabærinn kallar svörum við að sjálfsögðu kallinu. Við höfum æft af kappi og verðum klárir í slaginn – held ég ..." segir Atli Geir. Aðrir í hljómsveitinni eru Hallur Helgason, Hjörtur Howser, Jakob Bjarnar Grétarsson og Steinn Ármann Magnússon. Sveitin gaf út sína fyrstu plötu árið 1988 sem hét Einstæðar mæður. Þá kom platan Blái höfrungurinn út árið 1992. Atli segir að nú sé verið að pússa ryðgaða gítarstrengi auk þess sem þeir Hafsteinn Valgarðsson bassaleikari, Eysteinn Eysteinsson trommuleikari og Magnús Einarsson gítarleikari verða Kátum piltum til halds og trausts á tónleikum sem fara fram á Fjörukránni og hefjast klukkan 23.00.

Eftirtaldir listamenn og hljómsveitir koma fram á Heima

Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson
Bjartmar Guðlaugsson
Ylja
Hallur Joensen frá Færeyjum
Vök (Sigursveit Músíktilrauna 2013)
Mono Town, Elíza Newman og Anna Magga
Strigaskór nr. 42
Jónas Sigurðsson
Fjallabræður
DossBaraDjamm (Skólahljómsveit þeirra Davíðs Þórs Jónssonar og Steins Ármanns í Flensborg)
Björn Thoroddsen + Jón Rafnsson & Andrea Gylfa
Snorri Helgason og Silla

MASTERLINE
Professional Beauty

Masterline Body er ítölsk húðlína innblásin af straumum og stefnum úr snyrtivöruheiminum.
Áhersla er lögð á mild innihaldsefni til að viðhalda þinni líkamsfegurð.
Njóttu þess að meðhöndla húð þína með Masterline, því heilbrigð húð skiptir máli.

Notalegur ilmur og mjúk áferð
Án parabena

www.master-line.eu

Made in Italy

Fæst í apótekum og Hagkaup

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

HARRY OG HEIMIR ★★★★ -B.D., DV

ÞORIR ÞÚ Í BÍÓ?

SMÁRA BÍÓ 5%

RIO 2 2D ÍSL. TAL	KL. 3.30 - 5.45	L
RIO 2 3D ÍSL. TAL	KL. 3.30 - 5.45	L
RIO 2 3D ENS. TAL (ÓTEXTAÐ)	KL. 5.45 - 8	L
OCULUS	KL. 8 - 10.20	16
HARRÝ OG HEIMIR	KL. 4 - 6 - 8 - 10	7
HARRÝ OG HEIMIR LÚXUS	KL. 4	7
GRAND BUDAPEST HOTEL	KL. 8 - 10.15	7
HNETURÁNIÐ 2D	KL. 3.30	L
RIDE ALONG	KL. 10.15	12

HÁSKÓLA BÍÓ 5%

RIO 2 2D ÍSL. TAL	KL. 5.45	L
OCULUS	KL. 8 - 10.20	16
HARRÝ OG HEIMIR	KL. 6 - 8 - 10	7
NYMPHOMANIAC PART 2	KL. 8	16
HEILD	KL. 6	L
GRAND BUDAPEST HOTEL	KL. 5.45 - 8 - 10.15	7

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

Á FAST Pattinson og stílistinn Cleo Wade skemmtu sér á Coachella um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

Kominn með kærustu

Robert Pattinson er kominn með kærustu upp á arminn. Sú heppna er stílistinn Cleo Wade en þau kynntust í gegnum sameiginlega vinkonu, söngkonuna Katy Perry. Parið sást skemmta sér saman á Coachella-tónlistarhátíðinni um helgina. Þessar fregnir stöðva kjaftasöguna um að leikarinn og Perry séu að stinga saman nefjum en söngkonan sleit nýlega sambandi sínu við John Mayer.

Pattinson var áður með leikkonunni Kristen Stewart en þau hættu saman á síðasta ári eins og frægt er orðið.

Fordómar í bókabúðinni

BAKPANKAR
Halla Þórlaug Óskarsdóttir

ÞAÐ er sunnudagur. Vor í lofti og keimur af komandi sumri. Kaffiilmurinn á Skólavörðustígnum segir þér að vorvindarnir glöðu séu í kaffipásu. Þú trítlar inn í bókaverslun, ætlar að gera vel við þig, enda búin með verkefni helgarinnar. Hvað er þá huggulegra en splunkuný bók með kaffibollanum? Þú lokar augunum og ímyndar þér lyktina af ólesnum blaðsíðunum. Stynur í alsælu: „Mhm!“ Opnar augun og horfir í kringum þig. Hvílíkur bókafjöldi. Þú útilokar barnabækurnar strax, sem og fræðibækurnar. Þig langar í eitthvað sem göfgar andann án þess að krefjast stórfelldra heilabrota. Bók sem fær þig til að líta upp, píra augun og brosa í laumi, mæna út í bláinn og anda djúpt.

EN hvar er þessi bók? Þú gætir auðvitað spurt starfsmanninn sem stendur ábúðarfullur við kassann, nú eða þann sem er á vappi þarna með bókastaflann, en þig langar að finna hana sjálf. Bókina. Auk þess sem þú veist að starfsmaðurinn hefur engan skilning á sálarlífi þínu. Í dag ertu þess fullviss að enginn skilji þig raunverulega til fullnustu. Í dag er einhvern veginn öðruvísi dagur og vinsældalistarnir tala ekki einu sinni til þín. Svo þú ríður einfaldlega á vaðið. Þarna er fallega gulleit bók með gamalli ljósmynd. Áferðin er hrjúf á sýniseintakinu. Hinum er pakkað inn í plast og þú finnur til með þeim. Það þýðir ekkert að lykta af blaðsíðum sýniseintaksins, ilmurinn er löngu horfinn. Þú handfjatlar bókina þar til þú rekur augun í aðra. Sú er falleg!

BÓKARKÁPAN er það fyrsta sem fólk sér og hún gefur því tóninn. Sumar bækur get ég til dæmis ekki hugsað mér að lesa því kápan er svo ömurleg. Ég skammast mín fyrir að viðurkenna það. Fegurð kápunnar er þó ekki jafnmikilvæg og hreinskilni hennar. Fræðibækur eiga til dæmis ekki að þykjast vera unglingadrama og krimmar ættu ekki dulbúast sem erótískar framhaldssögur.

ÉG beini því orðum mínum til bóka þegar ég segi: Verið eins sjarmerandi og þið getið, leggið ykkur fram og heillið vænlega lesendur, en umfram allt: Komið til dyranna eins og þið eruð klæddar, ekki þykjast vera annað en þið eruð. Því þegar allt kemur til alls er það innihaldið sem skiptir máli.

Ljónagryfja Reykjavíkurdætra opin öllum

Rappetturnar í Reykjavíkurdætrum halda listahátíð á Celtic Cross næsta laugardag þar sem ókeypis er inn og öllum velkomið að spreyta sig á sviði, hlýða á góða tónlist eða þá bara fá andlitsmálningu.

„Okkur langar að leyfa öllum sem sækja um að koma fram á hátíðinni,“ segir Salka Valsdóttir en Reykjavíkurdætur bjóða til listaveislu á Celtic Cross næsta laugardagskvöld klukkan sjö.

„Eigandi Celtic Cross hafði samband við okkur og sagðist fíla það sem við værum að gera,“ segir Salka en rappettunum var boðið að halda litla tónlistarhátíð á staðnum. „Við vildum gera litla hátíð sem myndi ekki kosta neitt og væri opin fyrir allri tilraunastarfsemi.“ Á hátíðinni koma fram hljómsveitir á borð við Captain Fufanu, Hljómsveitt og Ribbaldar en hljómsveitir spila allt kvöldið á neðri hæðinni á meðan efri hæðin er opið svið. „Við erum búin að fá fullt af umsóknum frá fólki með fjölbreytt atriði og við hvetjum alla sem vilja spreyta sig á sviði til þess að senda okkur umsókn á reykjavikurdaetur@gmail.com,“ en til þess að bæta á gleðina þá fengu þær þrjá andlitsmálara með sér í lið til að mála alla gesti hátíðarinnar.

„Síðan ætlum við líka að reyna að vera með fatamarkað einhvers staðar fyrr um daginn,“ segir Salka. „Þá getur fólk mætt þangað, keypt sér grilluð föt, fengið síðan andlitsmálningu um kvöldið og rokkað feitt.“

Baldvin@frettabladid.is

VÍGALEGAR RAPPETTUR Rappsveitin er einungis skipuð konum. MYND/EINKASAFN

LAUGARÁS BÍÓ Coca-Cola

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
RIO 3D	5:50	L
A HAUNTED HOUSE 2	8, 10	14
MONICA Z	5:40	7
HARRY OG HEIMIR	6, 8, 10:45	7
CAPTAIN AMERICA 3D	8, 10	12

SAMbio.is

BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK
DIVERGENT ★★★★ CHICAGO SUN-TIMES ★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY ★★★★ PORTLAND OREGONIAN

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR AVENGERS
CAPTAIN AMERICA THE WINTER SOLDIER

RUSSELL CROWE EMMA WATSON
NOAH

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

DIVERGENT	KL. 5:10 - 8 - 10 - 10:50
DIVERGENT VIP	KL. 5 - 8
RÍÓ 2 ÍSLTAL	KL. 3D: 3 2D: 3 - 3:30 - 4 - 5:40
CAPTAIN AMERICA 2	KL. 3D: 5:10 - 8 - 10:45 2D: 10:20
CAPTAIN AMERICA 2 VIP	2D KL. 10:50
NOAH	KL. 5:10 - 8 - 10:50
NEED FOR SPEED	KL. 7:10
NON STOP	KL. 8

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

DIVERGENT	KL. 4:50 - 7:40 - 10:30
CAPTAIN AMERICA 2 3D	KL. 4:50 - 7:40 - 10:30
NOAH	KL. 4:50 - 7:40 - 10:30
RÍÓ 2 ÍSLTAL 2D	KL. 5:20
NEED FOR SPEED	KL. 7:40 - 10:30

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

DIVERGENT	KL. 6 - 9
CAPTAIN AMERICA 2 2D	KL. 6 - 9
NOAH	KL. 9
GAMLINGINN	KL. 6

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

DIVERGENT	KL. 8 - 10:50
CAPTAIN AMERICA 2 2D	KL. 10:10
HARRÝ OG HEIMIR	KL. 8

SAMBÍÓIN AKUREYRI

THAT AWKWARD MOMENT	KL. 8 - 10:45
DIVERGENT	KL. 8
CAPTAIN AMERICA 2 3D	KL. 5:10 - 10:10
NOAH	KL. 5:10

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULUT OG KR. 1000 Á GRÆNT

Kolvetnaskert,
próteinríkt og fitulaust

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

ANTBOY

METÉORA

ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ekki meiri Vinir

Courtney Cox segir að það sé vonlaust að sameina leikarana sem léku í vinsælu sjónvarpsþáttunum Vinir. Cox, sem skaust á stjörnuhimininn er hún lék Monicu Geller i þáttunum, gaf lítið út á það að þáttunum yrði framhaldið á næstunni í viðtalsþætti Davids Letterman á dögunum.

„Síðastliðin tíu ár hef ég verið að reyna að sameina alla í matarboð en alltaf hefur einhver ekki komist svo það að fá alla saman í tökur virðist vonlaust,“ sagði Cox og viðurkenndi að hún væri orðin leið á að svara spurningum um Vini. Tíu ár eru síðan síðasti þátturinn fór í loftið. Aðrir leikarar í Friends voru Jennifer Aniston, Matthew Perry, David Schwimmer, Lisa Kudrow og Matt Le Blanc. Sjálf er Cox núna að leika í þáttunum Cougar Town.

VONLAUST Courtney Cox hefur reynt að sameina leikarahópinn í Vinum í matarboði án árangurs. NORDICPHOTOS/GETTY

netto
Kræsingar & kostakjör

-32%

FOLALDAPIPARSTEIK
KJÖTBANKINN
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 2.898,-~~
1.971,-

GLEÐILEGT GRILLSUMAR!

LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKT
KÍLÓVERÐ
1.999,-

XXL HAMBORGARAR
6X135G FROSIÐ
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.298,-~~
999,-

PITUBUFF M/BRAUÐUM
GOÐI 6 STK
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.271,-~~
979,-

KH ÞORSKBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR - FROSNIR
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.498,-~~
899,-
-40%

-50%

GRÆNMETISBUFF
OKKAR - FROSIÐ
800 G
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.198,-~~
599,-

GRÍMS HUMARSÚPA
420 ML
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 665,-~~
545,-

COOP
HVÍTLAUKSBRAUÐ
GRÓFT/FÍNT
PAKKAVERÐ
249,-

-50%

PERUR
HOLLENSKAR
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 269,-~~
135,-

-50%

BERLÍNARBOLLA
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 198,-~~
99,-

Tilboðin gilda 24. – 27. apríl 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

SPORT

➜ EINKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

Spá Fréttablaðsins

pepsi deildin

HEFST 4. MAÍ

1. sæti - ???
2. sæti - ???
3. sæti - ???
4. sæti - ???
5. sæti - ???
6. sæti - ???
7. sæti - ???
8. sæti - ???
9. sæti - ???
10. sæti - ???

11. SÆTI - FYLKIR

12. sæti - Fjölnir

Fylkir hafnar í 11. sæti

Fylkismenn gætu átt erfitt uppdráttar í sumar en þeir hafa misst mjög sterka leikmenn frá síðasta tímabili og ekki náð að fylla almennilega í þau skörð sem mynduðust með brotthvarfi leikmanna á borð við Viðar Kjartansson og Ásgeir Börk.

Síðasta sumar var í meira lagi skrautlegt hjá Fylki. Liðið vann ekki leik í fyrri umferðinni en tók á mikinn sprett í þeirri síðari þar sem það vann sjö leiki af 11.

Ásmundur Arnarsson er við stjórnvölinn hjá liðinu þriðja sumarið í röð en hans bíður erfiðara verkefni en nokkru sinni fyrr enda ekki bara skörð höggvin í liðið heldur er einnig mikið um meiðsli hjá Fylki.

➜ Lykilmaðurinn í sumar

Fólk brosti hringinn í Árbænum á dögunum þegar Fylkir tilkynnti að Andrés Már Jóhannesson væri kominn heim frá Haugasundi í Noregi.

Þar er á ferð frábær leikmaður sem var mjög góður síðasta sumar eftir að hann komst í almennilegt stand.

Því miður fyrir Fylkismenn kemur hann heim meiddur og er óvíst hversu mikið hann getur beitt sér í byrjun móts.

Andrés verður algjör lykilmaður í sumar en hann getur bæði skorað mörk og lagt þau upp.

➜ Þjálfarinn

Ásmundur Arnarsson er 42 ára gamall og á sínu þriðja ári með liðið. Fylkir hafnaði í 7. sæti í fyrra undir stjórn Ásmundar og í sama sæti árið áður á hans fyrsta tímabili með Fylkisliðið.

➜ Tölurnar í úrvalsdeild 2013

Mörk skoruð	6. sæti (1,5 í leik)
Mörk á sig	7. sæti (1,5 í leik)
Stig heimavelli	9. sæti (10 af 30,3%)
Stig á útivelli	4. sæti (16 af 48,5%)

➜ Nýju andlitin

Gunnar Örn Jónsson (Stjörnunni)
Ragnar Bragi Sveinsson (Kaiserslautern)
Ryan Maduro (Bandaríkjunum)
Stefán R. Guðlaugsson (Val)
Viktor Örn Guðmundsson (FH)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM:

Ragnar Bragi Sveinsson: Hann er yngsti leikmaðurinn sem spilað hefur leik fyrir Fylki í efstu deild. Hefur leikið með unglingaliði Kaiserslauten undanfarin ár. Virkilega efnilegur leikmaður sem hefur þó því miður glímt við meiðsli að undanförnu.

GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL > 2008 (9. sæti) - 2009 (3. sæti) - 2010 (9. sæti) - 2011 (7. sæti) - 2012 (7. sæti) - 2013 (7. sæti)

Íslandsmeistarar: Aldrei (2. sæti 2000 og 2002) / **Bikarmeistarar:** 2001 og 2002

SÁTTUR Frank Lampard fagnar hér markalausu jafntefli gegn Atletcio Madrid í gær. Þetta var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÚRSLIT

OLÍS-DEILD KARLA

ÍBV - VALUR 32-28

ÍBV - Mörk (skot): Róbert Hostert 10 (15), Guðni Ingvarsson 5 (5), Agnar Jónsson 5 (9), Grétar Eyþórsson 4 (5), Theodór Sigurbjörns. 4/2 (6/3).

Varin skot: Kolbeinn Ingibjargar. 10/1 (27/4, 37%)

Valur - Mörk (skot): Finnur Ingi Stefánsson 8/3 (13/4), Atli Báruson 5 (6), Vignir Stefánsson 5 (6).

Varin skot: Hlynur Morthens 9 (37/2, 24%).

Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir ÍBV.

HAUKAR - FH 25-32

Haukar - Mörk (skot): Tjörvi Þorgeirsson 5 (9), Sigurbergur Sveins. 5/2 (11/2), Jón Jóhanns. 4 (4), dam Baumruk 3 (3), Árni Steinþórsson 3 (10).

Varin skot: Einar Vilmundarson 8 (26/1, 31%).

FH - Mörk (skot): Ragnar Jóhannsson 8 (13), Ásbjörn Friðriksson 8/3 (13/4), Sigurður Ágústsson 5 (5), Ísak Rafnsson 5 (8).

Varin skot: Ágúst Elí Björgvinsson 16 (41/2, 39%)

Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir FH.

Eitt af draumamarkmiðunum

Ólafur Kristjánsson er á leið til danska úrvalsdeildarfélagsins FC Nordsjælland í sumar. Ráðning hans var tilkynnt í gær og tekur gildi þann 1. júlí. Ólafur mun stýra Breiðabliki í fyrstu sex leikjum Pepsi-deildarinnar.

FÓTBOLTI Ólafur Kristjánsson var í gær ráðinn þjálfari danska úrvalsdeildarfélagsins FC Nordsjælland frá og með næsta tímabili. Hann tekur við starfinu 1. júlí en mun stýra liði Breiðabliks, líkt og hann hefur gert frá miðju tímabili 2006, í fyrstu sex leikjum Pepsi-deildar karla nú í vor.

Ólafur sagði í samtali við Fréttablaðið að forráðamenn danska liðsins hefðu fyrst sett sig í samband við hann í síðasta mánuði og hlutirnir gerst hratt síðustu 2-3 vikur. Danskir fjölmiðlar komust á snoðir um málið á mánudagskvöld og þá var fréttin fljót að spyrjast út.

Breiðablik sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem fram kom að Ólafur myndi flytja út til Danmerkur í byrjun júní. Þangað til héldi hann áfram störfum fyrir Breiðablik en nýtt tímabil í Pepsi-deild karla hefst þann 4. maí.

Guðmundur Benediktsson, aðstoðarþjálfari Ólafs undanfarin þrjú tímabil, mun svo taka við starfi Ólafs þann 2. júní.

„Þetta mun engu breyta hjá mér fyrir þessa leiki," sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið í gær. „Allir hafa val um hvort þeir láta þetta hafa áhrif á sig eða ekki. Við þurfum að velja síðari kostinn og láta þetta frekar leiða til góðs. Ég er að minnsta kosti fullur orku og ætla mér að skila liðinu af mér í eins góðri stöðu og mögulegt er."

Hann segir að markmið liðsins og allra þar sé að stefna að Íslandsmeistaratitlinum. „Það er markmið okkar allra að fara eins langt og hægt er," segir hann.

Reynir að fullnægja metnaðinum

Ólafur sagðist ánægður með að fá tækifæri til að þjálfa í sterkri deild, en hann þekkir vel til í Danmörku eftir að hafa spilað og síðar þjálfað hjá AGF í Árósum.

„Ég er ánægður með að fá þetta tækifæri. Ég hef alltaf haft mikinn metnað og maður verður að reyna að fullnægja honum," segir Ólafur en hann ætlar þó ekki að fara allt of langt fram úr sér.

„Framtíðin skapast af því sem maður gerir í núinu. Hvort ég verð í 2-3 ár eða 10-15 ár mun ráðast af því hvernig ég starfa og hvernig liðinu gengur. Ætli það sé ekki einna erfiðast að gera sér langar framtíðaráætlanir fyrir knattspyrnuþjálfara og því mun ég láta hverjum degi nægja sína þjáningu. Ég ætla að vinna eins vel og reyna að láta gott af mér leiða, eins og ég hef reynt hingað til," segir Ólafur.

Á ÚTLEIÐ Ólafur var síðast í Danmörku fyrir áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vildi komast í sterkari deild

Ísland hefur eignast fjölda atvinnumanna í knattspyrnu undanfarin misseri og þá hafa íslenskir handboltaþjálfarar einnig gert það gott í bestu deildum Evrópu. Ólafur segir að hann hafi ávallt haft metnað til að koma sér að í sterkari deild en þeirri íslensku.

„Það var eitt af þeim draumamarkmiðum sem maður hafði alla tíð," sagði Ólafur sem fær nú það verkefni að koma liðinu aftur í hæstu hæðir. Nordsjælland varð bikarmeistari árið 2010 og 2011 og tryggði sér svo danska meistaratitilinn árið 2012.

Liðið siglir nú nokkuð lygnan sjó um miðja deild en það situr í sjöunda sæti þegar fimm umferðum er ólokið á tímabilinu.

eirikur@frettabladid.is

Ekki hægt að bíða

David Moyes rekinn sem stjóri Man. United.

FÓTBOLTI Manchester United tilkynnti snemma í gær það sem virtist vera orðið nokkuð augljóst á mánudaginn: David Moyes hefur verið rekinn sem knattspyrnustjóri félagsins eftir tæpt ár í starfi en hann tók formlega við 1. júní á síðasta ári. Stjóratíð hans hefur verið hörmung nánast frá fyrsta degi til þess síðasta en liðið endar tímabilið án titils og fyrir utan Meistaradeildarsæti í fyrsta sinn í 24 ár. Það var kannski við hæfi að hann skyldi missa starfið eftir tap gegn Everton, liðinu sem hann kom aftur til vegs og virðingar.

Enginn stjóri hjá Manchester United hefur enst í styttri tíma en David Moyes, en hann var aðeins tíu mánuði í starfi. Fara þarf aftur til leiktíðarinnar 1931-32 til að finna styttri dvöl en þá stýrði Walter Crickmer United í 43 leikjum, sex leikjum færri en Moyes.

Vandræði Moyes hófust strax síðasta sumar þegar ekkert gekk á félagaskiptamarkaðnum. Sama hvað United reyndi vildi engin stjarna koma til félagsins.

Nánast frá fyrsta leik til hins síðasta hafa stuðningsmenn Manchester United meira og minna verið efins um hæfni Moyes en liðið virtist spila verr og verr með hverjum leiknum. Skotinn virtist alveg ráðalaus.

Moyes er búinn að slá hvert metið sem enginn stjóri United vill eiga á fætur öðru. Lið sem höfðu ekki unnið á Old Trafford í áratugi mættu og unnu tiltölulega auðvelda sigra og þá gat Uniteddliðið varla fengið stig spilaði það á móti liði fyrir ofan sig í töflunni.

BÚIÐ SPIL Stjóratíð Davids Moyes hefur verið skelfileg FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Talað var um að Moyes ætti að fá tíma til að byggja upp og því líkt við þegar Sir Alex Ferguson tók við félaginu árið 1986. En þetta er ekki samanburðarhæft. Ferguson tók við liði sem hafði spilað undir getu í mörg ár og glímdi við alls konar vandamál. David Moyes tók við ríkjandi Englandsmeisturum.

Í nútímanum, þegar peningar skipta jafnmiklu máli og raun ber vitni í fótboltanum, verður engin 26 ára þolinmæði sama þótt félag haldi að það hafi fundið nýjan Messías.

Félag á hlutabréfamarkaði sem treystir á Meistaradeild, keppni sem það verður ekki í á næsta ári, getur ekki beðið eftir að vont verði skárra.

- tom

NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig

Bestir í kjöti

Ungnauta-hamborgari, 120 g
248 kr./stk.
~~298 kr./stk.~~

Lambaprime kryddað að eigin vali
2998 kr./kg
~~3798 kr./kg~~

Lambahryggur
1898 kr./kg
~~2298 kr./kg~~

ÍM kjúklingalæri, úrb.
2098 kr./kg
~~2398 kr./kg~~

Gleðilegt sumar

A. Mabel's muffins, 3 tegundir
199 kr./stk.
~~259 kr./stk.~~

Myllu maltbrauð
2 fyrir 1

Argentínu sósur, 4 tegundir
569 kr./stk.
~~609 kr./stk.~~

Mjólka feti í kryddolíu og m/ólívum
399 kr./stk.
~~428 kr./stk.~~

Góu Hraun bitar, 200 g
204 kr./pk.

Góu Florida bitar, 200 g
279 kr./pk.

Doritos snakk, 4 teg.
218 kr./pk.

Fanta Orange, 2 lítrar
289 kr./stk.
~~347 kr./stk.~~

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga 8-24

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.50

Grey's Anatomy

Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

Í KVÖLD

Meistaradeild Evrópu

STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30 Bein útsending frá fyrri viðureign Real Madrid og Bayern München í undanúrslitum í Meistaradeild Evrópu.

Neyðarvaktin

SJÓNVARPIÐ KL. 20.00 Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekkert fyrir sér.

Twenty Four

STÖÐ 2 GULL KL. 21.00 Jack finnur Joe Wald og Kim rýkur á sjúkrahús með Megan þegar hún fær kast. Palmer kemst að misgjörðum Rayburn og Bob dregur úr grun Kate á Reza.

FM 957 kl. 10.00

Heiðar Austmann

Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.

BYLGJAN 989

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm In The Middle
08.30 Wipeout
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Masterchef USA
11.05 Spurningabomban
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Up All Night
13.20 Material Girl
14.15 Go On
14.40 2 Broke Girls
15.05 Sorry I've Got No Head
15.35 UKI
15.40 Grallararnir
16.00 Tommi og Jenni
16.25 Mike and Molly
16.45 How I Met Your Mother
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Svínasúpan
19.45 The Middle *(22:24)*
20.05 How I Met Your Mother *(1:24)*
20.30 Heimsókn
20.50 Grey's Anatomy *(20:24)*
21.35 Rita *(7:8)*
22.20 Believe *(5:13)*
23.05 The Goods. Live Hard, Sell Hard
00.30 The Killing
02.00 Love Happens
03.45 Grey's Anatomy
04.25 The Middle
04.50 How I Met Your Mother
05.15 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 2 SPORT

besta sætið

07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
14.20 KS deildin
14.50 Meistaradeild Evrópu. Atletico Madrid - Chelsea
16.30 Meistaradeildin - meistaramörk
17.00 Pýsku mörkin
17.30 Spænsku mörkin
18.00 Meistaradeildin - upphitun
18.30 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Bayern München
20.45 Meistaradeildin - meistaramörk
21.15 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
21.45 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Bayern München
23.25 Meistaradeildin - meistaramörk
23.55 3. liðið

STÖÐ 2 SPORT 2

enski boltinn

11.55 West Ham - Crystal Palace
13.35 Man. City - WBA
15.15 Football League Show
15.45 Tottenham - Fulham
17.25 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
18.20 Norwich - Liverpool
20.00 Messan
21.20 Netherlands, Sao Paulo, Chile
21.50 Enska 1. deildin. Leeds - Nottingham Forest
23.30 Hull - Arsenal

INN

20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölvur,tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

STÖÐ 3

13.00 Simpson-fjölskyldan
13.20 Friends
13.45 Hart of Dixie
14.25 Pretty Little Liars
15.10 Glee
15.55 Gossip Girl
16.35 American Idol
17.55 American Idol
18.15 Malibu Country
18.35 Bob's Burgers
19.00 Junior Masterchef Australia
19.45 Baby Daddy *(6:16)*
20.10 Revolution *(9:22)*
20.50 Arrow *(19:24)*
21.30 Tomorrow People *(10:22)*
22.10 The Unit *(11:22)*
22.55 Hawthorne
23.35 Junior Masterchef Australia
00.20 Baby Daddy
00.40 Revolution
01.20 Arrow
02.00 Tomorrow People
02.45 The Unit
03.30 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Hvellur keppnisbíll **07.55** UKI **08.00** Ævintýri Tinna **08.25** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Tommi og Jenni **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Brunabílarnir **09.23** Latibær **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Hvellur keppnisbíll **11.55** UKI **12.00** Ævintýri Tinna **12.25** Ljóti andarunginn og ég **12.47** Tommi og Jenni **12.56** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Brunabílarnir **13.23** Latibær **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Hvellur keppnisbíll **15.55** UKI **16.00** Ævintýri Tinna **16.25** Ljóti andarunginn og ég **16.47** Tommi og Jenni **16.56** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Brunabílarnir **17.23** Latibær **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Hvíti Kóalabjörninn **20.25** Sögur fyrir svefninn

STÖÐ 2 GULL

17.40 Strákarnir
18.10 Friends
18.35 Seinfeld
19.00 Modern Family
19.25 Two and a Half Men
19.50 Hamingjan sanna
20.30 Örlagadagurinn *(12:14)*
21.00 Twenty Four *(4:24)*
21.40 Chuck *(4:13)*
22.25 The Fixer *(6:6)*
23.10 Without a Trace
23.55 Curb Your Enthusiasm
00.25 Hamingjan sanna
01.05 Örlagadagurinn
01.35 Chuck
02.15 The Fixer
03.05 Tónlistarmyndbönd

STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 Story Of Us
13.15 Diary Of A Wimpy Kid. Dog Days
14.50 There's Something About Mary
16.50 Story Of Us
18.25 Diary Of A Wimpy Kid. Dog Days
20.00 There's Something About Mary
22.00 Midnight Run Jonathan The Duke
00.15 The Double
01.55 The Escapist
03.40 Midnight Run Jonathan The Duke

RÚV

16.25 Ljósmóðirin
17.20 Disneystundin
17.21 Finnbogi og Felix
17.43 Sígildar teiknimyndir
17.50 Herkúles
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi III *(2:8)*
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Veðurfréttir
19.30 Íþróttir
19.40 Kastljós
20.00 Neyðarvaktin *(18:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekkert fyrir sér. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.
20.45 Í mat hjá mömmu *(5:7) (Friday Night Dinner II)*
21.10 Eftir sprautuna *(Efter sprutan)* Sænskur heimildarþáttur sem fylgir hinni 14 ára Emelie eftir. Emilie lét, eins og svo margir aðrir, bólusetja sig gegn svínaflensu samkvæmt ráðleggingu landlæknis, en hefur síðan þá þjáðst af síþreytu.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Borgin sem hrundi *(Fallen City)*
23.50 Knattspyrnustjórinn
01.30 Kastljós
01.50 Fréttir
02.00 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Cheers
08.25 Dr. Phil
09.05 Pepsi MAX tónlist
15.55 Titanic - Blood & Steel
16.45 Once Upon a Time
17.30 Dr. Phil
18.10 The Good Wife
19.00 America's Funniest Home Videos
19.25 Cheers
19.50 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking *(15:20)*
20.20 Solsidan *(3:10)* Sænsku gleðigosarnir í Solsidan snúa aftur í fjórðu seríunni af þessum sprenghlægilegu þáttum sem fjalla um tannlækninn Alex og eiginkonu hans, atvinnulausu leikkonuna Önnu, sem flytja í sænska smábæinn Saltsjöbaden þar sem margir skrautlegir karatkerar leynast.
20.45 The Millers *(16:22)*
21.10 Unforgettable *(9:13)*
22.00 Blue Bloods *(16:22)*
22.45 The Tonight Show
23.35 CSI Miami
00.15 Elementary
01.05 The Tonight Show
01.55 Unforgettable
02.45 Blue Bloods
03.35 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRSPORT

06.00 Motors TV **13.10** Bundesliga Highlights Show **14.03** Borussia Dortmund - Mainz 05 **15.53** FC Bayern Munchen - Borussia Dortmund **17.45** AFC Ajax - ADO Den Haag **19.38** Bundesliga Highlights Show **20.30** Motors TV

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** LPGA Tour 2014 **16.50** Ryder Cup 2004 Official Film, The **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Tour 2014 - Highlights **19.45** Golfing World 2014 **20.35** US Open 1998 **22.25** US Open 1999 **23.25** Inside The PGA Tour 2014

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

„Besti smábíllinn“

Ford Fiesta.

Annað árið í röð seldist Ford Fiesta betur í Evrópu en nokkur annar smábíll. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju mikils og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílablaðs heims, Auto Express.

Beinskiptur frá 2.450.000 kr.
Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.

Ford

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO_2 gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO_2 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO_2 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

BESTI BITINN

Pulled pork-samlokan á K-bar. Mmmmm, mig langar í hana núna.

Stefán Finnbogason tónlistarmaður

Stórsveit Samma í mikið ferðalag

Hljómsveitin Samúel Jón Samúelsson Big Band heldur af stað í tveggja vikna langt tónleikaferðalag.

„Við höfum farið í tónleikaferðalag á hverju ári síðan 2008 en þetta er lengsta ferðalagið sem við höfum farið í," segir tónlistarmaðurinn Samúel Jón Samúelsson, sem leggur af stað í ferðalag um Evrópu undir lok vikunnar ásamt stórsveit sinni. Ferðalagið hefst þó á Gauknum í kvöld en svo fer sveitin til Sviss á föstudaginn og loks tekur við um það bil tveggja vikna langt ferðalag um Evrópu. Sveitin kemur fram á fjórtán tónleikum í heildina í fimm löndum; Þýskalandi, Austurríki, Sviss, Tékklandi og Ungverjalandi.

Sveitin ferðast um á tveggja hæða rútu sem er vel búin. „Á efri hæðinni eru kojur þannig að við getum sofið á meðan við ferðumst á nóttunni, þá vaknar maður alltaf í nýrri borg sem er frábært," bætir Sammi við.

Hann segir ákaflega gaman að fara með sveitinni í tónleikaferð en meðlimirnir eru þrettán talsins. „Við vorum alltaf átján en þurftum að fækka meðlimum til þess að passa í rútuna."

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00. - glp

SÁTTIR SAMAN Samúel Jón Samúelsson Big Band heldur af stað í tónleikaferðalag um Evrópu. MYND/GOLLI

Íslenskar þjóðsögur
á sumardaginn fyrsta

Þjóðsögur Jóns Árnasonar verða lesnar upp í Áskirkju á sumardaginn fyrsta milli klukkan 13:30 og 15:30.

Allir sem koma fá plakat með skemmtilegri mynd úr nýju bókinni.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!



Boðið verður upp á gos og smákökur!

heimur Borgartúni 23 · 105 Reykjavík Sími: 512 7575
Sími 512 7575 • Borgartúni 23 • 105 Reykjavík
heimur@heimur.is • www.heimur.is

ÍSLENZKRA FÉLAG SÍMAMANNA F·I·S

AÐALFUNDUR FÍS

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2014
verður haldinn að Stórhöfða 31 1.hæð
(gengið inn að neðanverðu)
miðvikudaginn 30.apríl kl. 18.10

Dagskrá

1. *Venjuleg aðalfundarstörf:*
   a. *Skýrsla stjórnar*
   b. *Reikningar félagsins*
   c. *Kosningar*
2. *Önnur mál*

Reykjavík 16. apríl 2014.
Stjórn Félags íslenskra símamanna

DONNA KARAN

ALEXANDER WANG

Silja Magg myndar heimsfræga hönnuði

Ljósmyndarinn Silja Magg opnaði sýningu í Milk Gallery í New York á dögunum.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

„Sýningin er portrettmyndir af stærstu fatahönnuðum sem hafa útskrifast úr Parsons," segir Silja Magg ljósmyndari, en hún opnaði í síðustu viku sýningu í Milk Gallery í New York. Sýningin var samstarfsverkefni Silju og Simon Collins, en hann er forseti fatahönnunardeildar hins virta háskóla Parsons í New York. „Á sama tíma tók Simon viðtöl við þau, en myndirnar ásamt viðtölunum verða settar í bók sem er komin út samhliða sýningunni," útskýrir Silja. Meðal þeirra sem Silja myndaði fyrir sýninguna eru Alexander Wang, Derek Lam, Anna Sui, Proenza Schouler og Donna Karan, svo einhverjir séu nefndir.

„Þetta var rosalega skemmtilegt og opnunin tókst vel," segir Silja, létt í bragði.

Silja, sem er sjálf útskrifuð úr ljósmyndadeild Parsons, hefur átt mikilli velgengni að fagna bæði vestanhafs og í Evrópu. Hún hefur myndað fyrir glanstímarit á borð við Grazia, Nylon, GQ Magazine og Marie Claire, auk þess sem hún hefur haldið sýningar á eigin verkum og myndað fyrir þekkt tískuvörumerki eins og Moncrief, Victoria's Secret og hið íslenska KALDA.

AF SÝNINGUNNI Anna Sui í sjónvarpsviðtali.

SILJA MAGG

→ Þessi sátu fyrir

Alexander Wang	Jenna Lyons
Anna Sui	Kay Unger
Ashleigh Verrier	Lee
Behnaz Sarafpour	Narciso Rodriguez
Chris Benz	Peter Som
Cushnie Et Ochs	Prabal Gurung
Derek Lam	Proenza Schouler
Donna Karan	Reed Krakoff
Doo Ri	Richard Chai
Isaac Mizrahi	Tracy Reese
Jason Wu	Vena Cava
Jeff Staple	Yeohlee

Frá kr. **107.900**

Veðrið á Krít

Júní 28°C

Júlí 29°C

Ágúst 29°C

Krít

Seiðandi stemning

Allt að 20.000 kr. bókunarafsláttur til 5. maí 2014
valdir gististaðir, valdar dagsetningar.

Solimar Aquamarine ☀☀☀☀
m/allt innifalið

Frá kr.149.800 m/bókunarafslætti

Netverð á mann frá kr. 149.800 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 174.800 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 22. maí í 11 nætur.

Sirios Village ☀☀☀☀+
m/allt innifalið

Frá kr.139.100 m/bókunarafslætti

Netverð á mann frá kr. 139.100 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 174.800 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 3. júlí í 11 nætur.

Porto Platanias ☀☀☀☀☀
m/morgunmat

Frá kr.162.900 m/bókunarafslætti

Netverð á mann frá kr. 162.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 194.300 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 14. júlí í 10 nætur.

Omega Apartments ☀☀☀
Íbúðagisting

Frá kr.109.700 m/bókunarafslætti

Netverð á mann frá 109.700 kr. m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann frá 129.400 kr. m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð. 24. júlí í 11 nætur.

Toxo Apartments ☀☀☀
Íbúðagisting

Frá kr.107.900 m/bókunarafslætti

Netverð á mann frá kr. 107.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann frá kr. 127.000 m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð.15. sept í 10 nætur.

Cretan Dream Royal ☀☀☀☀+
m/hálfu fæði

Frá kr.143.300 m/bókunarafslætti

Netverð á mann frá kr. 143.300 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 174.100 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 25. sept í 11 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. EINNEMM / SIA • NM62063

Ferðaskrifstofa Gæðastjórnunarfélags Íslands

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is

Heimsferðir

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT Í MÍLANÓ

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rikka og Skúli í Dúbaí um páskana

Turtildúfurnar Skúli Mogensen athafnamaður og **Friðrika Hjördís Geirsdóttir,** betur þekkt sem sjónvarpskokkurinn Rikka, vörðu páskahátíðinni saman í Dúbaí. Þau voru þó ekki ein í ævintýralandinu því þar voru einnig Heiðar Helguson, fyrrverandi knattspyrnumaður, og Eik Gísladóttir, eiginkona hans, ásamt fleiri Íslendingum. Saman fór hópurinn meðal annars á tónleika með Lionel Richie og skoðuðu borgina.

- glp

Fyrirsæta verður sveitarstjóri

Smáralind hefur nú hafið leit að nýju andliti verslunarmiðstöðvarinnar. **Pétur Markan,** fyrirsæta og framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga, hefur um árabil prýtt auglýsingar Smáralindar en nú virðist sem skipta eigi um andlit. Pétur er sveitarstjóraefni Hreppslistans í Súðavík og því verður að teljast líklegt að Smáralind vilji finna nýtt andlit fari svo að hann setjist í sveitarstjórastólinn í vor.

- ssb

Mest lesið VÍSIR

1. „Ég veit ekki hvað ég er með mörg húðflúr“
2. Eggjum kastað í hús eineltisfórnarlambs í Grindavík
3. Opið bréf til afskiptalausra feðra
4. Engar ferðir á tind Everestfjalls í ár
5. Sniðganga lög og reglur til að koma Guðna í oddvitasætið

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

SÓLIN ER KOMIN Í EVRÓPU

BERLÍN
VERÐ FRÁ
16.990 KR.
TÍMABIL: 01.05 – 31.05

HELGARFERÐ
MÍLANÓ
3 NÆTUR
FLUG & HÓTEL
VERÐ FRÁ
59.600 KR.

BARCELONA
VERÐ FRÁ
22.990 KR.
TÍMABIL: 01.07 – 31.07

wowair.is

WOW MOMENT

WOW hvað þetta var gaman.
Með bestu vinkonu minni við Catalonia square.

Tinna Stefánsdóttir

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI BREIÐASTA BROSIÐ NÝRRI VÉLAR
LOFORÐ WOW